FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
272. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER 2017



# Upp á yfirborðið

**Björk Guðmundsdóttir** gerir upp kynferðislega áreitni Lars Von Trier. Hún steig fram í kjölfar frásagna fjölda kvenna í Hollywood. Nýja platan hennar fjallar um brýn samfélagsmál og tímamót sem hún stendur sjálf á. →24, 26



> Það er rosalega erfitt og subbulegt að draga þetta mál fram núna en ég geri þetta fyrir næstu kynslóð stelpna.

GRAFÍK/GOISPORTROND



## Daníel Bjarnason segir árangur í listum ekki sjálfsprottinn →24

## Hjónin Páll og Ríta í Grenigerði →24





## Alena Da Silva vill styrkja stöðu fósturbarna →32

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






## Veður




Í dag er útlit fyrir fallegt vetrarveður víða á landinu en austast má búast við norðvestan 8-13 m/s í fyrstu. Léttskýjað verður víðast hvar, en norðaustan til, austan Eyjafjarðar verða él á stangli hér og þar.

SJÁ SÍÐU 58

# Fékk góða vini á spítalann




Nemendur í Hagaskóla mynduðu í gær keðju og létu ávísun ganga frá Hagaskóla á spítalann til Ólafs Ívars Árnasonar. Ávísunin var með söfnunarfé sem safnaðist á góðgerðardeginum Gott mál. Söfnunardagurinn var 2. nóvember. Ólafur Ívar veiktist mikið í byrjun árs og hefur verið frá skóla stærstan hluta ársins vegna þess. Peningarnir sem söfnuðust, tæpar 4 milljónir króna, munu nýtast í þágu endurhæfingar fyrir Ólaf. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Geir H. Haarde í Landsdómi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Dómur felldur á fimmtudaginn

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu dæmir í máli Geirs Haarde gegn íslenska ríkinu næsta fimmtudag.

Geir höfðaði málið á þeim grundvelli hann hafi ekki fengið réttláta málsmeðferð í Landsdómsmálinu. Hann byggir meðal annars á því að ákvörðun Alþingis um ákæru á hendur honum hafi verið tekin á pólitískum forsendum en ekki með hlutlausu mati. Þá hafi alvarlegir gallar verið á undirbúningi málsmeðferðarinnar og Landsdómur hafi hvorki verið óvilhallur né sjálfstæður.

Geir telur einnig að lagaákvæði sem sakfelling byggist á séu skýr og ótvíræð. **– aá**

## Samfylkingin stærri en VG

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við Vinstri græn hefur dalað um 3,9 prósentustig frá alþingiskosningunum í október og mælist nú 13%. Á sama tíma hefur stuðningur við Samfylkingu aukist úr 12,1% í 16,0%. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar MMR.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist stærstur í könnuninni með 24 prósent, Miðflokkurinn er með 10,5 prósent, Píratar með 9,9 prósent, Framsóknarflokkurinn með 9,5 prósent, Flokkur fólksins með 8,4 prósent og Viðreisn með 6,5 prósent. **– jhh**

## Vélarnar ræstar fyrir norðan

**ORKUMÁL** Sautjánda aflstöð Landsvirkjunar að Þeistareykjum var gangsett í gær við hátíðlega athöfn. Um er að ræða þriðju jarðvarmastöð fyrirtækisins, en fyrir eru Kröflustöð og gamla gufustöðin í Bjarnarflagi. Þeistareykjastöð er fyrsta jarðvarmastöðin sem Landsvirkjun byggir frá grunni.

Þeistareykjastöð verður 90 megawött. Í tilkynningu frá Landsvirkjun kemur fram að stöðin er reist í tveimur 45 megawatta áföngum og var vélasamstæða 1 gangsett í dag og tengd við flutningskerfi Landsnets. Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, gangsettu virkjunina í sameiningu.

Upphaf byggingaframkvæmda við virkjunina var á vormánuðum 2015. **– jhh**




# Óttast að Vínbúðin sprengi gatnakerfið

**Flýta þarf framkvæmdum við breytingar á gatnakerfinu við Kauptún í Garðabæ til að bregðast við auknu umferðarálagi sem fylgja mun opnun Vínbúðar. Bæjaryfirvöld vildu Vínbúð í miðbæinn. ÁTVR sá tækifæri í Costco-traffík.**

**SKIPULAGSMÁL** Skipulagsnefnd Garðabæjar lýsir áhyggjum af auknu umferðarálagi vegna fyrirhugaðrar opnunar Vínbúðar í Kauptúni. Formaður nefndarinnar segir opnunina kalla á að framkvæmdum við breytingar á gatnakerfinu verði hraðað.

Sigurður Guðmundsson, bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar Garðabæjar, segir ljóst að flýta þurfi fyrirhuguðum framkvæmdum. ÁTVR bíður enn leyfis frá bænum til að opna eftir að hafa neyðst til að fresta fyrirhugaðri opnun verslunarinnar í Kauptúni á miðvikudag.

„Þessar breytingar sem þarf að ráðast í tengjast á sínum tíma komu Costco, en það er alveg ljóst að með því að Vínbúðin kemur þarna líka, með sitt aðdráttarafl fyrir fólk, þarf að fara í að breikka vegi og annað sem við vorum búin að skipuleggja þegar við heimiluðum Costco að koma á svæðið,“ segir Sigurður. Engin ákvörðun liggur fyrir um hvenær farið verði í framkvæmdirnar.

Ljóst er að Kauptún í Garðabæ er orðinn mjög heitur reitur og umferðarþunginn hefur aukist til muna með komu Costco í sumar, en fyrir var þar að finna IKEA, Bónus og Toyota-umboðið svo dæmi séu tekin.

„Svo er margt fólk að flytja í hverfin þarna í kring. Þarna er að byggjast upp 1.600 íbúða hverfi,“ bætir Sigurður við.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að bæjarstjórn Garðabæjar teldi að ÁTVR þyrfti að sækja um sérstakt leyfi fyrir opnun verslunar sinnar í Kauptúni þar sem fyrra leyfi fyrir Vínbúð, sem lokað var fyrir þó nokkrum árum, var bundið við Garðatorg. Sem fyrr segir varð ÁTVR að fresta opnun Vínbúðarinnar en afstaða til umsóknar fyrirtækisins verður tekin í bæjarstjórn í næstu viku.




Ekki var hægt að opna verslun ÁTVR í Kauptúni í vikunni þar sem leyfi frá bæjarstjórn lá ekki fyrir. Breyta þarf gatnakerfinu þar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Þeir hafa séð tækifæri í þeim mikla fjölda sem fer í Costco þarna.
>
> Sigurður Guðmundsson, bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar Garðabæjar



Í bókun á fundi skipulagsnefndar á fimmtudag eru áhyggjurnar af umferðarálaginu viðraðar auk þess sem nefndin furðar sig á því að ÁTVR hafi ekki komið til móts við óskir Garðabæjar um að Vínbúðin yrði í miðbænum. Þótt nefndin leggist ekki gegn því að Vínbúð verði opnuð í bænum vonar hún þó að önnur hugsanleg sérvöruverslun með áfengi verði opnuð í miðbænum.

„Við leggjumst ekki gegn því að opnaðar verði fleiri en ein Vínbúð í bænum. En við höfum haft mikinn áhuga á fá hana á miðbæjarsvæðið. En þeir hafa séð tækifæri í þeim mikla fjölda sem fer í Costco þarna.“

mikael@frettabladid.is



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
HÚSASMIÐJAN
blómaval
Skoðaðu öll tilboðin
í Húsasmiðjublaðinu
á www.husa.is
Seríur
FROST
Samtengjanlegar
LED útiseríur 50 ljósa
Jólatilboð
2.990kr
3.990kr
Blá, rauð, köld hvít, hlý hvít og marglit
14500290-293
25% afsláttur
Helgar-
tilboð
Seríur fyrir
þakkantinn
og svalirnar
FROST
7.990kr
Stórar perur, meira ljós
20 ljósa samtengjanleg
5 metrar. Hægt að tengja allt að 40 seríur
saman á eina innstungu.
14500261-4, 14500690-3
Sjáðu verðið!
1.990kr
Frostrós í glugga
Hvít, rauð eða marglit.
2703001/39-40
Okkar mesta
úrval frá upphafi
Sjáðu verðið!
FROST
1.990kr
40 LED inni- og útisería
14500340-342
Allir
fá ís
á laugardag
í Skútuvogi
kl. 12-16
Latibær
skemmtir laugardag
kl. 14:00.
Íþróttaálfurinn og Solla
mæta og skemmta
börnunum.
Sjáðu verðið!
FROST
4.990kr
Ljósahringur
LED, 26 cm, 100 LED, einnig til 43 cm,
200 LED. Einstaklega fallegt í glugga.
14500410
25% afsláttur
Jólatilboð
1.490kr
1.990kr
Jólastjarna
Stór og flott.
Jólatilboð
1.199kr
1.990kr
Aðventuljós
7 ljósa, 4 litir.
14500400-403
Russian
Toy Terrier
smáhundar koma
í heimsókn í
gæludýradeildina
í Blómavali
Eitt mesta úrval
landsins
Gervi-
jólatré
150 cm
7.990kr
150 cm, Alaska Pine.
2718503
JOTUN
Lady litur mánaðarins
1352 FORM
Hlýr, þægilegur
og passlega
grár tónn.
LADY Pure Color
• Algjörlega mött
• Einstök litaupplifun
• Mjög góð þekja
• Slitsterk
Jólatilboð
2.956kr
3.695kr
0,75l
20% afsláttur
af LADY
Pure Color
Jóla-
landið
hefur glatt börn
og fullorðna
í áratugi
Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman
blómaval
HÚSASMIÐJAN

**VIKAN** 12.11.2017 TIL 18.11.2017

**238 milljónir**

voru tekjur Hallgrímskirkju í fyrra af ferðum upp í útsýnispall kirkjuturnsins. Það er tekjuaukning um ríflega 77 milljónir króna á milli ára.

**100 milljarðar**

króna er aukning innlána heimila í bankakerfinu á rúmlega einu ári.

**2,2 milljarðar**

króna voru tekjur stóru kaffikeðjanna tveggja, Kaffitárs og Te og kaffi, í fyrra.

**8 milljónir**

tæpar var upphæðin sem ráðherrar nýttu af skúffufé sínu eftir að ríkisstjórnarsamstarfi var slitið.

**70%**

er hækkunin á gjaldskrá Íslandspósts vegna póstsendinga frá árinu 2012.



**883**

sóttu um alþjóðlega vernd hér á landi fyrstu níu mánuði ársins.

## Þrjú í fréttum
### Áreitni, trúnaður og skattaskjól

**Þorsteinn Víglundsson,**
*félags- og jafnréttismálaráðherra,*



sagði að erindi formanns Félags íslenskra leikara um faglega rannsókn á meintu valdaójafnvægi og kynferðislegri áreitni innan leiklistarsamfélagsins hér á landi væri til skoðunar. Þorsteinn kvaðst eiga von á að hart yrði tekið á þessum málum hér á landi. „Þetta eru grafalvarlegir hlutir sem þarna eru á ferðinni.“

**Agnes M. Sigurðardóttir**
*biskupi*



var ekki skemmt undir upplestri séra Geirs Waage á tölvupósti hennar á kirkjuþingi. Geir spurði bæði um umdeilda skipan biskups á presti við Dómkirkjuna sem síðan var afturkölluð og um málefni sóknarprests í Grensáskirkju sem sakaður hefur verið um kynferðislega áreitni. Biskup velti fyrir sér hvort trúnaður hefði verið brotinn með upplestrinum.

**Bryndís Kristjánsdóttir**
*skattrannsóknarstjóri*



sagði liggja fyrir að einhver mál yrðu kærð vegna ákvörðunar héraðssaksóknara um að fella niður mál er varða skattaskjól. Bryndís sagði 60 af 152 málum sem sem send voru til héraðssaksóknara hafa verið felld niður. Óvíst væri með rest. Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari sagði að litið hefði verið til dómafordæma við ákvörðunina.

# Telja viku eftir af viðræðunum

**Sátt á vinnumarkaði verður stærsta mál næstu ríkisstjórnar segir Katrín Jakobsdóttir. Undirstöður í velferðarsamfélaginu skipta miklu máli fyrir þá sátt. Viðræðurnar ganga vel en gætu tekið viku í viðbót.**

**STJÓRNMÁL** „Ég held að þetta sé stærsta verkefni þeirrar ríkisstjórnar sem tekur við, að skapa sátt á vinnumarkaði,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. Flokkarnir sem vinna að myndun nýrrar ríkisstjórnar hafa átt fundi með aðilum vinnumarkaðarins á undanförnum dögum. Katrín segir tilganginn með fundunum fyrst og fremst hafa verið að hlusta á þeirra ólíku sjónarmið og leita að grundvelli fyrir samtali milli þeirra.

„Það er auðvitað óvenjulegt að taka svona fundi inn í stjórnarmyndunarviðræður. Mér fannst það mjög mikilvægt, vegna þess að grundvöllurinn fyrir því að svona sátt geti orðið er að fólk geti allavega sameinast um einhvern grundvöll að samtali milli þessara ólíku aðila og að menn geti sammælst um einhverja umgjörð um það samtal,“ segir Katrín.

„Það liggur fyrir að verkalýðshreyfingin er að leggja mikla áherslu á félagslegan stöðugleika og ýmsar aðgerðir á hinu félagslega sviði samhliða hinum efnahagslega stöðugleika,“ segir Katrín aðspurð um efni fundanna. „Mér fannst þetta góðir fundir og mjög mikilvægt að heyra sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar í þessu samhengi og auðvitað fulltrúa atvinnulífsins um hinn efnahagslega stöðugleika.

„Þetta snýst um að ef á að nást sátt á vinnumarkaði þá verðum við líka að ná sátt um ákveðnar undirstöður í velferðarsamfélaginu og það er í takt við það sem verkalýðshreyfingin hefur verið að segja og það var svona aðalþemað í samtölum okkar við aðila vinnumarkaðarins.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa flokkarnir rætt bæði breytingar í skattkerfinu og á sviði velferðarmála í tengslum við þær kjaraviðræður sem fram undan eru.



**Formenn flokkanna gera nú hlé á viðræðum vegna fundarhalda í miðstjórn Framsóknarflokksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aðspurð um hvort rætt sé um nýtt vinnumarkaðslíkan í viðræðunum, segir Katrín mikilvægt að finna einhverja sátt um íslenskt vinnumarkaðslíkan, og það þurfi ekki endilega að vera SALEK-líkanið.

Hlé er nú á viðræðum flokkanna meðan haustfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins stendur yfir, en bæði formaður flokksins og varaformaður eru farin norður í land til að sitja fundinn. Vonir stóðu til þess að bera stjórnarsáttmála undir miðstjórn á fundinum en þrátt fyrir að formenn flokkanna séu allir áfram um að ná saman, hafðist það ekki. Heimildir blaðsins herma að gera megi ráð fyrir að flokkarnir þurfi heila viku í viðbót til að ná öllu saman, ef af þessari ríkisstjórn verður.

> **Þetta snýst um að ef á að nást sátt á vinnumarkaði þá verðum við líka að ná sátt um ákveðnar undirstöður í velferðarsamfélaginu.**
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður VG

„Ég geri ráð fyrir að við hittumst aftur á sunnudaginn,“ segir Sigurður Ingi aðspurður um framhald viðræðna. Hann segir menn enn vera að einbeita sér að málefnunum en skipting ráðuneyta hafi lítið verið rædd.

Heimildir Fréttablaðsins herma hins vegar að töluvert sé rætt um verkaskiptingu milli flokkana. Og ljóst er að flokkarnir hafa sínar óskir. Eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá hafa Sjálfstæðismenn lagt mikla áherslu á að fá utanríkismálin auk fjármálanna. Það skapar ákveðinn vanda fyrir Framsóknarmenn sem leggja áherslu á sömu mál samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Viðmælendur blaðsins úr flokkunum þremur eru sammála um að verkaskiptingin sé töluvert flóknari þegar um er að ræða fleiri en tvo flokka.

**adalheidur@frettabladid.is**


5 FIAT ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT ATVINNUBÍLASÝNING
Í DAG Á MILLI KL 12 - 16

FIAT PROFESSIONAL



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Dodge, Fiat, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær
s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Í DAG KL. 12 – 16

# GLÆSILEG VETRARSÝNING

Komdu og kynntu þér Lexus – mest selda Hybrid lúxusbíl í heiminum. Við tökum vel á móti þér með ljúffengum veitingum og hágæðakaffi frá Te og Kaffi.

Einstakt tækifæri til að gera góð kaup á bílum sem hlaða sig sjálfir.




**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, Sími 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

## Aukin virkni í Öræfajökli

**NÁTTÚRA** Nýlegar gervihnattamyndir af Öræfajökli sýna að nýr ketill hefur myndast í öskjunni síðastliðna viku. Flugstjóri í farþegaflugi náði einnig ljósmyndum af katlinum í gær og sendi Veðurstofunni. Ketillinn er um 1 kílómetri í þvermál og endurspeglar aukna jarðhitavirkni í öskju Öræfajökuls að undanförnu.

Svo virðist sem jarðhitavatn hafi lekið hægt undan katlinum og komið fram undan Kvíárjökli, en brennisteinslykt hefur fundist í nágrenni við Kvíá síðastliðna viku. Veðurstofan telur líklegt að mesta vatnið sé nú þegar runnið undan katlinum. Þá segir Veðurstofan að aukin skjálftavirkni hafi verið síðustu mánuði, en heldur hafi dregið úr henni síðustu daga. Þessi gögn benda til aukinnar virkni í eldstöðinni sem hefur ekki gosið síðan 1727. Veðurstofan tekur fram að engin merki séu um gosóróa eða yfirvofandi eldgos, en hefur í kjölfar þessarar auknu virkni hækkað litakóða Öræfajökuls í gulan.

Landhelgisgæslan mun fljúga með vísindamenn til að kanna aðstæður og taka sýni í dag. Veðurstofan hefur aukið vöktun á svæðinu og fylgist vel með í samráði við jarðvísindamenn Háskóla Íslands og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. – **jhh**

**»** Útlit er fyrir að virkni í Öræfajökli hafi aukist, en eldstöðin hefur ekki gosið síðan 1727.

## Tignir gestir í heimsókn hjá Rauða krossinum



Rauði krossinn í Mónakó hélt sérstakan viðburð tileinkaðan þeim sem minna mega sín í höfuðstöðvum sínum í Mónakó í gær. Atburðurinn var í tilefni af því að þjóðhátíðardagur Mónakó er á morgun. Viðstödd voru Albert prins og Charlene eiginkona hans. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kanna hleðslu vélar sem brotlenti

**FLUGMÁL** Lögð hafa verið fyrir rannsóknarnefnd samgönguslysa drög að lokaskýrslu um orsakir þess að lítil flugvél brotlenti í Barkárdal á Tröllaskaga í ágúst 2015.

Arngrímur Jóhannsson, eigandi vélarinnar, flaug vélinni, sem hann ætlaði að selja, frá Akureyri. Kanadískur félagi hans sem ætlaði síðan að fljúga vélinni vestur frá Keflavík lést er vélin brotlenti og brann í kjölfarið. Arngrímur brenndist illa.

Að því er kemur fram í stöðuskýrslu rannsóknarnefndarinnar nú í nóvember var hreyfill flugvélarinnar ásamt loftskrúfu skoðaður ítarlega í Bandaríkjunum. „Rannsóknin beinist að hreyfli, afkastagetu, hleðslu og veðri.“ – **gar**




# Icelandair átti kjötið og fer fram á skaðabætur

Kjötið sem stolið var úr frystiklefum IGS á Keflavíkurflugvelli var í eigu Icelandair. Fyrirtækið ætlar að krefjast skaðabóta en þrír karlmenn eru grunaðir um þjófnaðinn. Rannsóknin á lokastigi en ekki er enn ljóst hve mikið af nautalundum hvarf.

**LÖGREGLUMÁL** Flugfélagið Icelandair átti kjötið sem þrír karlmenn eru grunaðir um að hafa stolið úr frystiklefum á Keflavíkurflugvelli. Fyrirtækið ætlar að fara fram á skaðabætur en tveir mannanna voru starfsmenn flugþjónustufyrirtækisins IGS, dótturfélags Icelandair Group.

Kjötið var flutt hingað til lands og átti að matreiða það í flugeldhúsi Icelandair á Keflavíkurflugvelli fyrir veitingaþjónustu í Leifsstöð og sölu í flugvélum. Líkt og komið hefur fram voru mennirnir þrír handteknir um miðjan október grunaðir um að hafa stolið kjöti í að minnsta kosti hundraða kílóa vís. Við húsleit hjá þriðja manninum fundust 168 kíló af nautalundum en þeir eru einnig grunaðir um að hafa stolið lambakjöti. Telur lögreglan að brot annars mannsins sem vann hjá IGS hafi staðið yfir í fjögur til fimm ár.

„Rannsóknin er á lokastigi en ég get ekki tjáð mig um það með nákvæmum hætti hversu mikið magn þetta var því fyrirtækið á enn eftir að koma þeim gögnum til okkar. Það sem gerist í svona dómsmáli, verði þeir fundnir sekir, er að þeim verður birt krafa frá fyrirtækinu um skaðabætur og það hefur lýst því yfir,“ segir Jón Halldór Sigurðsson hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Mennirnir eru einnig grunaðir um að hafa stolið öðrum tollfrjálsum varningi eða tóbaki og áfengi frá Fríhöfnuverslunninni Saxa ehf. Fyrirtækið selur til flugfélaga á Keflavíkurflugvelli og komst meint athæfi upp við rýrnunareftirlit í lok sumars. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er um umtalsvert minna magn að ræða í tilfelli Saxa.



Upplýsingafulltrúi Icelandair staðfestir að fyrirtækið muni fara fram á skaðabætur. Lögreglurannsókn er á lokastigi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**168**

kíló af nautalundum fundust við húsleit hjá þriðja manninum sem handtekinn var.

„Tveir mannanna hafa verið samstarfsfúsir en sá þriðji ekki viðurkennt aðild sína að málinu. Hann var samstarfsfús að því leyti að hann framvísaði þeim varningi sem var heima hjá honum,“ segir Jón Halldór og vísar í kílóin 168.

„Við rannsókn málsins er ljóst að þetta hefur staðið yfir í langan tíma en magnið, sem stolið var, var farið að aukast í byrjun síðasta sumars. Smávægileg gripdeild árin þar á undan en síðan fóru fyrirtækin að taka eftir þessu. Það eru engar upplýsingar um að áfengi og sígarettum hafi verið stolið í einhverju magni fyrr en núna á vormánuðum. Þetta snýst um að það byrjar þarna starfsmaður fyrir um ári sem kortleggur þetta og ræðst svo á þetta,“ segir Jón Halldór. **haraldur@frettabladid.is**




HAGKAUP

*Meira*
svona
*alla daga*

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **20. nóvember 2017**. Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:**

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | VR.IS

VR



HLÚUM AÐ FRÁVEITUNNI

FUNDUR UM FRÁVEITUMÁL 20.NÓV
FRÁ 12:00 TIL 13:30
GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

DAGSKRÁ

**Grettistak síðustu áratuga**
Páll Erland, framkvæmdastjóri Samorku

**Martröð í pípunum**
Íris Þórarinsdóttir, tæknistjóri fráveitu, Veitum

**Staða innviða og framtíðarhorfur**
Reynir Sævarsson, fagstjóri fráveitna, EFLU

**Áframhaldandi uppbygging: Hvað þarf til?**
Helgi Jóhannesson, forstjóri Norðurorku

**Fundarstjóri: Jóhanna B. Hansen**
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs Mosfellsbæjar



SKRÁNING Á WWW.SAMORKA.IS

SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja


# Blokkaríbúðir Stapa standa enn ónotaðar

**Stapi lífeyrissjóður á Akureyri reynir að bakka út úr fasteignabraski. Keyptu heila blokk af byggingaverktaka í ágúst. 35 íbúðir standa enn auðar. Eru í viðræðum við leigufélag um að kaupa eignina í heild.**

**AKUREYRI** Stapi Lífeyrissjóður á Akureyri keypti 35 íbúða blokk á einu bretti í ágústmánuði. Fasteignamat íbúðanna er samanlagt 900 milljónir króna. Frá þeim tíma hefur nýbyggingin staðið auð og enginn flutt inn í blokkina.

Blokkin sem um ræðir er staðsett í Undirhlíð 1 á Akureyri. Í blokkinni eru 35 íbúðir sem eru frá 60 til 130 fermetrar að stærð. Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa, vill ekki gefa upp kaupverð íbúðanna.

„Samningar voru undirritaðir við byggingaraðilann á vordögum og það er rétt að íbúðirnar voru tilbúnar í ágúst. Það sem gerist svo í kjölfarið er að framkvæmdastjóri og sjóðsstjóri lífeyrissjóðsins hætta störfum og því er lagt nýtt mat á verkefnið sem slíkt,“ segir Jóhann Steinar.

Íbúðirnar voru keyptar með það að markmiði að leigja þær á frjálsum markaði. Til er lagaheimild fyrir lífeyrissjóði til tað fjárfesta í íbúðarhúsnæði og taldi lífeyrissjóðurinn þetta ákjósanlegan fjárfestingarkost síðastliðið vor. Ljóst er að stjórn og framkvæmdastjóri eru ekki á þeirri skoðun eins og staðan er núna.

„Við erum með blokkina í söluferli og mun það klárast á næstu vikum. Við erum í samningaviðræðum við aðila sem vilja kaupa eignina,“ bætir Jóhann Steinar við.

> **900**
> **milljónir króna er samanlagt fasteignamat íbúðanna 35 sem eru í byggingunni.**

Stapi vill selja blokkina í heilu lagi og því eru ekki margir aðilar á markaði sem hafa burði í svoleiðis fjárfestingar. Leiða má að því líkur að félög á borð við Heimavelli og Almenna leigufélagið séu á bak við það að kaupa húsnæðið.

„Við vonumst eftir því að koma ekki út úr þessu með tapi fyrir sjóðinn. Hins vegar er ljóst að á meðan enginn er í íbúðunum þá eru ekki tekjur að koma inn og á móti þurfum við að greiða rafmagn og hita, fasteignagjöld og annan kostnað sem hlýst af því að eiga fasteignir,“ segir Jóhann Steinar.

Hann áréttar að engin tengsl séu á milli fjárfestingarinnar og þeirrar staðreyndar að bæði sjóðsstjóri og framkvæmdastjóri hættu störfum fyrir Stapa á svipuðum tíma og salan gekk í gegn. **sveinn@frettabladid.is**



**Ástand mannsins þykir til marks um lélegt heilbrigðiskerfi.** NORDICPHOTOS/AFP

# Urmull sníkjudýra fannst í manni frá Norður-Kóreu

**NORÐUR-KÓREA** „Ótrúlegt magn“ sníkjudýra fannst í líkama norðurkóresks hermanns sem reyndi að flýja til Suður-Kóreu á mánudag. Hermaðurinn var skotinn á leiðinni yfir landamærin en komst til Suður-Kóreu á lífi. Læknar segja líðan hans stöðuga en að sníkjudýrin geri illt verra.

„Á mínum tuttugu ára ferli hef ég aldrei séð neitt þessu líkt,“ sagði suðurkóreski læknirinn Lee Cook-jong við blaðamenn í gær. Greindi Lee jafnframt frá því að einn ormanna sem fannst í líkama mannsins hafi verið 27 sentimetra langur.

Þetta magn sníkjudýra þykir til marks um lélegt heilbrigðiskerfi einræðisríkisins. „Norður-Kórea býr ekki yfir nægilegu fjármagni til að halda uppi nútímalegu heilbrigðiskerfi. Læknarnir eru illa menntaðir og þurfa að vinna með frumstæð tæki,“ sagði Andrei Lankov, prófessor við Kookmin-háskóla í suðurkóresku höfuðborginni Seúl.

„Norður-Kórea er afar fátækt land. Líkt og önnur fátæk lönd glímir Norður-Kórea við alvarleg vandamál í heilbrigðiskerfinu,“ sagði Lankov enn fremur. Rannsóknir Suður-Kóreumanna styðja þessar staðhæfingar. Til að mynda kom í ljós við rannsókn á flóttamönnum árið 2015 að mun fleiri væru með lifrarbólgu B, lifrarbólgu C, berkla og sníkjudýr í Norður-Kóreu en í Suður-Kóreu. **– þea**


HÖFUM OPNAÐ STÆRSTU OG GLÆSILEGUSTU RÚMFATALAGERSVERSLUN Í HEIMI AÐ BÍLDSHÖFÐA 20
Allar jólaseríur
20%
afsláttur
Gildir til 19.11.2017
JÓLATILBOÐ
ALLA HELGINA!
Öll sængurver
20%
afsláttur
Gildir til 19.11.2017
Öll eldhús- og borðstofuborð
20%
afsláttur
Gildir til 22.11.2017
Allir fataskápar
20%
afsláttur
Gildir til 22.11.2017
Allir plastkassar
20%
afsláttur
Gildir til 19.11.2017
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is

# Fyrstu íslensku lénin 30 ára

**TÆKNI** Þrjátíu ár eru í dag liðin frá því að Bandaríkjamaðurinn Jonathan B. Postel og félagar hans skráðu .is-höfuðlénið og afhentu það félagasamtökunum SURIS (Samtök um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi) og ICEUUG (Icelandic Unix Users Group) sem höfðu rekið ISnet, fyrsta vísinn að interneti á Íslandi. Þetta segir í tilkynningu frá Isnic.

Fyrsta nettengingin á Íslandi var við evrópska EUnet-netið að tilstuðlan starfsmanna Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar. Fyrstu (og elstu) .is-lénin, voru

> Fyrsta nettengingin á Íslandi var við evrópska EUnet-netið að tilstuðlan starfsmanna Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnunar.

hafro.is, hi.is og os.is sem öll eru enn virk. Höfuðlénið inniheldur nú um 63.600 .is-lén og eru um 73% þeirra skráð til heimilis á Íslandi, en .is-lén má finna í yfir 100 löndum umverfis jörðina. – **jhh**


HARPA
Salur: Stemma
Austurbakki 2 | Reykjavík

Þriðjudaginn
21. nóvember | kl. 20:00

Aðgangseyrir 500,-- kr.

FYRIRLESTUR Á ENSKU
CHRISTOPHER VASEY

ANDLÁT OG HANDANHEIMAR
SAMKVÆMT GRALSBOÐSKAPNUM

Skipuleggjandi: Stofnunin Stiftung Gralsbotschaft
www.gralsbodskapur.org • info@gralsbodskapur.org • Sími: 842 2552



**Jón Stefánsson og Svavar Guðnason**

Höfum verið beðin að útvega listaverk eftir Jón Stefánsson (blómamynd) og abstraktmyndir eftir Svavar Guðnason, Hjörleif Sigurðsson, Sverri Haraldsson og fleiri.

Ný verk í sölu á: **studiostafn.is/listaverkasala**

Studio Stafn, Hátúni 6B, Sími 552 4700.

STUDIO STAFN



ODDUR
GOLFKLÚBBURINN ODDUR

**Aðalfundur Golfklúbbsins Odds 2017**

**Aðalfundur Golfklúbbsins Odds verður haldinn í golfskálanum í Urriðavatnsdölum fimmtudaginn 7. desember kl. 20:00.**

**Dagskrá:**

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
4. Umræður og atkvæðagreiðsla framkominna tillagna skv. 19. gr. ef einhverjar eru.
5. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.
6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.
7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Önnur málefni ef einhver eru.

**Félagsmenn eru hvattir til að mæta,**
***Stjórn Golfklúbbsins Odds.***









Ísland hefur meðal annars unnið að þróunarsamvinnumálum í Úganda. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR SALVARSSON

# Fjarri markmiðum um útgjöld til þróunarmála

Íslensk stjórnvöld standa sig verst Norðurlanda í fjárframlögum til alþjóðlegra þróunarmála. 0,29 prósentum vergra þjóðartekna varið í þróunarmál en markmiðið 0,7 prósent. Svíþjóð ver hlutfallslega mestu fé af öllum Norðurlöndunum.

**UTANRÍKISMÁL** Ísland varði í fyrra um sjö milljörðum króna í alþjóðlega þróunarsamvinnu. Þar af ráðstafaði utanríkisráðuneytið um fimm milljörðum en um tveir milljarðar komu úr öðrum ráðuneytum.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa ríki heims skuldbundið sig til þess að 0,7 prósent vergra þjóðartekna hvers ríkis skuli renna til þróunarmála. Flest þeirra ríkja sem við berum okkur saman við hafa náð þessu markmiði eða hafa tímasett viðmið til að ná settu marki. Má þar nefna Norðurlöndin sem leggja mikla áherslu á 0,7 prósenta markmiðið.

Finnar verja 0,55 prósentum vergra þjóðartekna til þróunarsamvinnu sem er nær tvöfalt meira en við. Danir verja 0,85 prósentum, Norðmenn 1,05 prósentum og Svíar standa hæst allra en þeir verja 1,41 prósenti vergra þjóðartekna sinna til þróunarmála. Hafa ber í huga að þetta eru tölur frá árinu 2015. Þá varði Ísland 0,24 prósentum til þróunarmála.

Ísland hefur samþykkt og styður þetta 0,7 prósenta markmið. Sett var tímasett áætlun um hækkun framlaga á árunum 2012-2016 með það að markmiði að framlög færðust úr því að vera 0,26 prósent í 0,42 prósent. Ljóst er að við höfum alls ekki staðið við það markmið.

### Markmiðum aldrei náð

| Ár | Áætlun | Raun |
|---|---|---|
| 2012 | 0,21% | 0,20% |
| 2013 | 0,26% | 0,23% |
| 2014 | 0,28% | 0,23% |
| 2015 | 0,35% | 0,24% |
| 2016 | 0,42% | 0,29% |



**Jóna Sólveig Elínardóttir.**



**Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna.**

„Okkur hefur ekki gengið nógu vel og við eigum að gera betur," segir Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður VG og fulltrúi flokksins í þróunarsamvinnunefnd utanríkisráðuneytisins. „Við í Vinstri grænum höfum margsinnis bent á þetta og viljað gera betur."

Ísland er aðili að þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. og hefur verið þar í fjöldamörg ár. Af þeim 30 ríkjum sem þar eiga sæti situr Ísland í 19. sæti yfir útgjöld til þróunarmála.

Í síðustu samþykktu þróunarsamvinnuáætlun átti að hækka framlög skart árið 2015 og ná markmiðinu um 0,7 prósent árið 2019. Gera átti ráð fyrir því að framlögin yrðu 0,5 prósent á þessu ári. Ljóst er að svo verður ekki.

Jóna Sólveig Elínardóttir, formaður utanríkismálanefndar á síðasta kjörtímabili, segir það langtímamarkmið að ná 0,7 prósenta markinu. „Auðvitað er það markmið stjórnvalda og augljóst að það þarf að setja duglega í málaflokkinn. Við eigum að hafa metnað til þess," segir Jóna Sólveig. **sveinn@frettabladid.is**

# Höfuðborgarstjórinn flýr Venesúela

**VENESÚELA** Antonio Ledezma, borgarstjóri Karakas, höfuðborgar Venesúela, hefur flúið land. Ledezma er yfirlýstur andstæðingur Nicolas Maduro forseta og hefur verið í stofufangelsi á skrifstofu sinni frá árinu 2014 kjölfar þess að Maduro sakaði hann um að reyna að hrinda af stað áætlun Bandaríkjamanna um valdarán. Þá var hann einnig sakaður um að hvetja til ofbeldis með því að boða til mótmæla.

Ledezma flúði stofufangelsi sitt í gær og komst til Kólumbíu. Yfirvöld þar í landi staðfestu komu Ledezma og bauð Andres Pastrana, fyrrverandi forseti ríkisins, Ledezma velkominn í tísti.

Venesúelski miðillinn El Nacional greindi frá því að fjölskylda Ledezma hafi flúið land með honum. Þá hafi öryggissveitir ríkisstjórnarinnar gert áhlaup á heimili hans og skrifstofu í kjölfar flóttans.



Antonio Ledezma, borgarstjóri Karakas, sást í Kólumbíu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Ledezma var handtekinn á ný í ágúst ásamt Leopoldo López en þeir eru tveir þekktustu stjórnarandstæðingar landsins. Hann var þó aftur færður í stofufangelsi eftir stutta vist í Ramo Verde-herfangelsinu. Tilefni handtökunnar var það að hæstiréttur Venesúela, sem gagnrýnendur segja alfarið á bandi Maduro, sagðist búa yfir upplýsingum um að tvímenningarnir hygðust flýja.

Þær handtökur mættu harðri andstöðu Bandaríkjanna. Sagðist Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, vara „einræðisstjórn Maduro" við því að fara svo illa með „pólitíska fanga". – **þea**

BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Herinn fagnar velgengni í Simbabve

**Mikill árangur hefur náðst í aðgerðum hersins í Simbabve. Þetta segir í ríkisfjölmiðlinum Herald. Herforingjar fagna því að vel gangi að uppræta glæpamenn sem starfað hafa með forseta landsins. Forsetinn birtist almenningi í gær í fyrsta sinn frá því að herinn tók völdin.**

**SIMBABVE** Forsvarsmenn simbabveska hersins sögðust í gær hafa náð talsverðum árangri í aðgerðum sínum sem miða að því að „uppræta glæpamenn“ sem starfað hafa með Robert Mugabe forseta. Frá þessu greindi Herald, stærsti fjölmiðill landsins, í gær og vísaði í yfirlýsingu frá hernum.

Í yfirlýsingunni segir að umræddir glæpamenn hafi með afbrotum sínum valdið efnahagslegum og samfélagslegum skaða í Simbabve. Þá kemur fram að herinn eigi nú í viðræðum við Mugabe um hvert framhaldið verði. Fyrr í vikunni tók herinn stjórnina í landinu og hneppti Mugabe í stofufangelsi.

„Við munum reglulega senda frá okkur tilkynningar til þess að halda almenningi upplýstum um gang mála í landinu. Við biðjum þjóðina um að halda ró sinni á meðan á aðgerðum stendur,“ segir enn fremur.

Þess ber að geta að þótt Herald sé í ríkiseigu hefur miðillinn verið harðlega gagnrýndur fyrir einhliða fréttaflutning. Þykir miðillinn hliðhollur ríkisstjórnarflokknum Zanu-PF og hefur áður verið á bandi Mugabe.

Mugabe birtist almenningi í gær í fyrsta skipti frá því herinn hneppti hann í stofufangelsi. Hinn 93 ára forseti var viðstaddur útskriftarhátíð háskóla nokkurs í útjaðri höfuðborgarinnar Harare.



**Mugabe fékk að sækja útskriftarathöfn í gær. Viðræður um framtíð hans standa enn yfir.** NORDICPHOTOS/AFP

Yfirlýsing hersins þykir bera þess merki að herforingjar vilji telja landsmönnum trú um að ekki stefni í upplausn og glundroða. Í umfjöllun Guardian í gær sagði að viðurvist Mugabe á útskriftarathöfninni sé líkleg til að hafa gagnstæð áhrif.

Mugabe hefur ekki enn orðið við kröfu stjórnarandstæðinga sem og herforingja um að segja af sér. Bendir blaðamaður Guardian á að í ljósi þess að Mugabe hafi verið heimilað að sækja útskriftarathöfnina sé líklegt að aðgerðir hersins beinist frekar gegn forsetafrúnni Grace Mugabe.

Undanfarnar vikur hafa verið stormasamar í Simbabve og hefur Zanu-PF klofnað vegna ágreinings um hver skuli taka við af hinum 93 ára Mugabe. Önnur fylkingin styður Grace Mugabe en hin styður brottrekna varaforsetann Emmerson Mnangagwa. Sá var rekinn úr embætti á dögunum, sakaður um ótrygglyndi, og er líklegt að brottreksturinn hafi verið kornið sem fyllti mælinn í augum herforingja. Forsetinn hafi með brottrekstrinum lýst beinum stuðningi við eiginkonu sína.

Frá því að herinn tók völdin hefur fjöldi meðlima hóps sem kallar sig Generation 40 verið handtekinn. Um er að ræða hóp innan Zanu-PF sem styður Grace Mugabe. Í ljósi þess að Jonathan Moyo, ráðherra framhaldsmenntunar, var ekki viðstaddur útskriftarathöfnina í gær er líklegt að hann sé í haldi hersins.

Þrýstingurinn á Mugabe er hins vegar mikill, jafnvel þótt svo kunni að vera að aðgerðir hersins beinist einna helst gegn forsetafrúnni. Chris Mutsvangwa, formaður hinna áhrifamiklu samtaka uppgjafahermanna, boðaði til blaðamannafundar í gær. Kallaði hann þar eftir tafarlausri afsögn forseta.

„Í dag og á morgun ætlum við að senda Mugabe, konu hans og öllum þeim sem styðja hann skýr skilaboð. Við sjáum í gegnum ykkur, það er komið að leikslokum,“ sagði Mutsvangwa í gær. Hvatti hann jafnframt alla til þess að mæta í kröfugöngu sem á að fara fram í dag.

„Við biðlum til allra Simbabvemanna um að mæta á morgun í stærstu og fjölmennustu kröfugöngu í sögu þjóðarinnar svo við getum lokið því sem herinn hefur hafið.“ **thorgnyr@frettabladid.is**




SJÓMANNADAGSRÁÐ 1937 80 ÁRA 2017

HRAFNISTA 60 ÁRA

Aðgangur ókeypis – allir velkomnir

Lífsgæði aldraðra

80 ára afmælisráðstefna Sjómannadagsráðs

Silfurberg Hörpu, þriðjudaginn 21. nóvember 2017 frá kl. 13.00-15.30

13.00 Ávarp
Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

13.15 Framlag Sjómannadagsráðs til lífsgæða aldraðra
Sigurður Garðarsson, framkvæmdastjóri Sjómannadagsráðs

13.35 Lífsgæði og landgæði á Íslandi að fornu og nýju
Einar Kárason, rithöfundur

13.55 Erum við á réttri leið?
Hrönn Ljótsdóttir, forstöðumaður Hrafnistu í Garðabæ – Ísafold

14.15 Hressing

14.40 Tónlistaratriði
Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson

14.55 Eigum við að „setjast í helgan stein“?
Ólafur Þór Gunnarsson, lyf- og öldrunarlæknir

15.15 Lífsgæði aldraðra – lokaorð
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara

Ráðstefnustjóri: Gísli Einarsson, fjölmiðlamaður





**Viðskiptavinirnir geta fengið poka að láni hér eftir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARON

## Pokastöðvar settar upp á suðurhluta Vestfjarða

**UMHVERFISMÁL** Verslanir, bókasöfn og þjónustufyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum eru farin að bjóða viðskiptavinum sínum upp á taupoka að láni undir vörur sem þeir kaupa. Pokarnir voru saumaðir í sjálfboðavinnu og eru gerðir úr gömlum bolum og gardínum. Hugmyndin er að viðskiptavinir verslananna geti tekið poka með sér úr versluninni endurgjaldslaust og skilað aftur og settar hafa verið upp svokallaðar pokastöðvar í verslunum á svæðinu.

Verkefnið er hluti af alþjóðlegu verkefni sem samtökin Boomerang Bags standa fyrir og gengur út á að minnka plastpokanotkun í heiminum. Pokarnir eru því merktir samtökunum og því hvaðan úr heiminum þeir koma. Hægt er að skila pokum sem fengnir voru að láni víðsvegar í heiminum, en pokastöðvar á vegum Boomerang Bags hafa verið settar upp m.a. í Kanada, Mexíkó, Þýskalandi, Frakklandi og Bretlandi.

Lauslega er áætlað að þær verslanir sem taka þátt í verkefninu á sunnanverðum Vestfjörðum selji um 70.000 plastpoka á ári. Miðað við 500 heimili þá eru það 140 pokar á hvert heimili og vonast er til þess að þetta átak muni minnka þá plastpokanotkun umtalsvert.

Það er styrkur hópur sem stendur að þessu verkefni og búið er að útbúa rúmlega 500 poka fyrir svæðið. Sjálfboðaliðarnir hafa hist og saumað síðustu vikur í samkomustöðunum Húsinu á Patreksfirði, Vindheimum á Tálknafirði og Læk á Bíldudal og munu halda því áfram eins og með þarf. **– aig**

**70**

**þúsund plastpoka er áætlað að þær verslanir sem taka þátt í verkefninu á sunnanverðum Vestfjörðum selji á hverju ári.**

# 100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ

得

## Invite

- Margmiðlunartæki með skjá
- Leðurklætt aðgerðastýri fyrir útvarp, hraðastilli og Bluetooth
- USB tengi
- 6 hátalarar
- DAB+ (Digital Audio) útvarpstæki
- LED dagljós
- Regn- og ljósaskynjarar
- Rafdrifnar rúður
- Þokuljós að framan
- Hæðarstillanlegt bílstjórasæti
- 7 SRS loftpúðar
- ASTC spólvörn
- Brekkuaðstoð (Hill Start Assist)
- Rafmagnshandbremsa með sjálfvirkri biðstöðu
- Aflendurheimt á hemlum fyrir rafmótor
- AVAS hljóðviðvörunarkerfi
- Bakkmyndavél
- Samlitir, aðfellanlegir, rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Lyklalaus ræsing
- Skyggðar afturrúður
- Hiti í sætum
- Hraðastillir
- 18" álfelgur 225/55 R18
- App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu
- Tvískipt miðstöð með forhitara



Outlander Invite PHEV 4x4
**4.390.000**
Verðlistaverð: 4.890.000

## Invite+

**Umfram Invite:**

- Smartlink margmiðlunartæki með tengingu fyrir Android Auto og Apple Carplay
- Hiti í stýri
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- 360° myndavél



Outlander Invite+ PHEV 4x4
**4.590.000**
Verðlistaverð: 4.990.000

## Intense

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri



GENGUR BÆÐI FYRIR RAFMAGNI OG BENSÍNI

Outlander Intense PHEV 4x4
**4.890.000**
Verðlistaverð: 5.690.000

## Instyle

**Umfram Invite:**

- MME margmiðlunartæki með íslensku leiðsögukerfi
- Hiti í stýri
- 8 fjarlægðarskynjarar í fram- og afturstuðara
- LED þokuljós
- LED aðalljós
- HID aðalljós með sjálfvirkri hæðarstillingu
- Neyðarhemlun til varnar aftanákeyrslum
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Akreinavari
- Vöktunarkerfi að aftan (Rear Cross Traffic Alert)
- Blindhornaviðvörun
- 360° myndavél
- Rafdrifinn afturhleri
- Rafhituð framrúða
- Rockford Fossgate 710W hljómkerfi með 9 hátölurum
- Leðursæti með rafstýringu fyrir ökumann
- Sóllúga



Outlander Instyle PHEV 4x4
**5.290.000**
Verðlistaverð: 6.190.000

Nú fer 100 ára afmælishátíð Mitsubishi að ná hámarki og því höfum við ákveðið að bjóða enn fleiri gerðir af Outlander PHEV á ótrúlegu afmælistilboði. Notaðu tækifærið og skiptu yfir í nýjan Outlander PHEV. Hann gengur bæði fyrir rafmagni og bensíni og kemur með fimm ára ábyrgð. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða týpa passar þér best. Við hlökkum til að sjá þig!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

Verð og tilboðsverð eru háð gengi erlendra gjaldmiðla á hverjum tíma og geta breyst án fyrirvara.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ




## Frumsýning í dag, laugardag, frá kl. 12–16

Kia Stonic er sportlegur borgarjepplingur, fáanlegur með tvílitri yfirbyggingu sem gerir þér kleift að velja litasamsetningu sem er löguð að þínum smekk. Hátt er undir lægsta punkt sem eykur útsýni og aðgengi er þægilegt. Kia Stonic er hlaðinn staðalbúnaði, AEB árekstrarvörn, 17" álfelgur, hiti í stýri og sætum, bakkmyndavél, sjálfvirk loftkæling og margt fleira.

**Í tilefni dagsins bjóðum við sérstök þjónustutilboð fyrir Kia eigendur. Hlökkum til að sjá þig.**

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.




The Power to Surprise

Verð frá **3.140.777** kr.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Dugnaðarforkar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Makríl, ferðamönnum og hagfelldu uppgjöri við erlenda kröfuhafa getum við þakkað efnahagslega velsæld hér á landi um þessar mundir.

Í þessa margendurteknu upptalningu vantar fjórða happafenginn, sem kannski vegur þyngst – vinnufúsar hendur útlendra dugnaðarforka. Án þeirra hefði verið allsendis ómögulegt að nýta verðmætin sem rak á fjörur okkar eftir hrun. Færri hótel væru risin, færri matstaðir hefðu náð fótfestu og færri rútur væru á ferð um sveitirnar. Við eigum það ekki síst að þakka útlendu fólki að risin er atvinnugrein, sem er burðarás góðærisins sem við njótum þessa dagana.

Í fróðlegri grein í Kjarnanum nýlega kemur fram að áttundi hver skattgreiðandi á Íslandi er með útlenskt ríkisfang og að þeim fjölgaði um meira en fjórðung í fyrra. Á því sést að það er af og frá að halda því fram, að útlendingar komi til Íslands og leggist upp á velferðarkerfið. Þvert á móti, skattfé útlendinga gerir okkur kleift að styrkja innviðina og skjóta styrkari stoðum undir kerfið.

Vegna EES-samningsins fara þessar breytingar hljóðlega. Gagnkvæm réttindi tryggja, að fólk frá EES-löndum getur sótt vinnu í samningslöndunum án þess að þræða í gegnum nálarauga skriffinnskunnar. Sama átti við um Íslendinga – ekki síst iðnaðarmenn – sem sóttu til útlanda þegar harðnaði á dalnum eftir hrun. Án EES hefði stór hópur lent á atvinnuleysisskrá. Nú hafa margir snúið til baka, sumir með ferskar hugmyndir og nýja þekkingu í farteskinu. Af því er beinlínis efnahagslegur ávinningur.

Reynslan eftir efnahagsáfallið kennir okkur að gagnkvæm atvinnuréttindi skapa æskilegan sveigjanleika í meðbyr og ekki síður í mótbyr. Þessi lærdómur fær lítið svigrúm í pólitíkinni. Þetta bar helst á góma í kosningabaráttunni þegar gaspri einstaka heimóttarlegra frambjóðenda var andmælt.

> **Reynslan eftir efnahagsáfallið kennir okkur að gagnkvæm atvinnuréttindi skapa æskilegan sveigjanleika í meðbyr og ekki síður í mótbyr.**

Röddum gasprarana fækkar sem betur fer enda tala staðreyndirnar sínu máli. Æ fleiri læra að umgangast útlendinga og virðast kunna því vel. Um það vitna kosningarannsóknir. Fyrir áratug sá meira en þriðjungur Íslendinga einhvers konar ógn við eigin þjóðareinkenni frá útlendu fólki. Sá hópur hefur skroppið sama um helming, er innan við 18 prósent núna, samkvæmt fyrrnefndri grein. Þar kom fram, að Sjálfstæðis- og Framsóknarmenn óttast útlend áhrif meira en kjósendur annarra flokka.

Frjáls för fólks er ein af meginstoðum Evrópusamvinnunnar. Vestur-Evrópubúar sem nú eru á miðjum aldri hafa alist upp við frelsið og líta á það sem sjálfsagðan hlut. Breskir bændur sem flestir studdu Brexit, eru nú að vakna upp við vondan draum. Þeir eru að átta sig á því, að færanlegt vinnuafl er ein meginstoðin í þeirra rekstri. Farandverkamenn frá Austur-Evrópu hafa streymt til Bretlands á uppskerutímum.

Þótt Brexit sé ekki skollið á hefur ásókn landbúnaðarverkamanna til Bretlands minnkað. Uppskera eyðileggst. Verkafólkið á marga kosti og sækir þangað sem því er tekið opnum örmum. Samkeppni er um hreyfanlega vinnuaflið.

Gagnlegt að vita fyrir alla sem þurfa fleiri vinnufúsar hendur.

**Ert þú með heimilislækni?**

Ný heilsugæslustöð Urðarhvarfi 14, Kópavogi

**Skráning stendur yfir, opin öllum, óháð búsetu. verið velkomin !**

Sími 510 6500, www.hv.is

HEILSUVERND
því hver dagur er dýrmætur
HEILSUGÆSLA

Urðarhvarf 14 | 203 Kópavogur | s: 510 6500 | www.hv.is

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Litlir límmiðar á lárperum

Ég tel mig vera umhverfisverndarsinna. Oft er það þó meira í orði en á borði.

Litla kjörbúðin í götunni minni þar sem ég bý í London hugðist nýverið minnka plastnotkun. Var tekið að rukka fimm pens fyrir plastpoka við kassann. Mér fannst þetta frábært framtak. Ég keypti mér skvísulegan taupoka skreyttan glimmeri til að taka með mér út í búð. Niðurstaðan varð hins vegar sú að ég gleymdi alltaf taupokanum heima og borgaði einfaldlega fyrir plastið. Nokkru síðar gekk verslunin lengra í baráttunni gegn plastinu. Hætt var að selja lufsulegu fimm pensa pokana en í staðinn gátu viðskiptavinir keypt veglega margnota plastpoka fyrir tuttugu pens. Það fór ekki betur en svo að eldhússkápurinn hjá mér fylltist af plastpokum sem voru of fínir til að nota sem ruslapoka. Það var ekki fyrr en verslunin hætti alveg að selja plastpoka og ég þurfti að rogast heim með vörurnar í fanginu og elta epli sem ég missti og rúllaði niður götuna ofan í ræsi sem mér tókst að muna eftir að taka með mér poka út í búð.

Við getum öll lagt okkar af mörkum og minnkað notkun á plasti, t.d. með því að fara með taupoka út í búð. Því það munar um minna. Bókstaflega.

### Tíu tonn af pappír

Margt smátt gerir eitt stórt. Safnast þegar saman kemur. Fátt sannar spakmælin betur en nýjasta útspil bresku verslunarkeðjunnar Marks & Spencer.

Flestir kannast við litlu límmiðana sem finna má á grænmeti og ávöxtum í verslunum. Síðastliðið sumar tók M&S að prófa nýja leysitækni sem ristir strikamerki og upplýsingar um síðasta söludag á hýði ávaxta og grænmetis. Tækninni er ætlað að leysa af hólmi límmiðana.

M&S prófaði nýju græjuna á lárperum. Einhverjum kann að þykja framtakið ómarkvert. Hvaða máli skipta nokkrir límmiðar til eða frá? En ef M&S – ein verslunarkeðja – sleppir því að setja límmiða á eina vörutegund – avókadó – sparast tíu tonn af pappír á ári og fimm tonn af límí.

Ekki er ný tækni þó alltaf jafn árangursrík.

### Til hvers?

Litlu mátti muna að íslenska jólabókaflóðið yrði að litilli sprænu þetta árið. Í síðustu viku bárust fréttir af því að nýr tæknibúnaður í prentsmiðju í Finnlandi hefði ekki virkað sem skyldi. Meira en hundrað þúsund eintök íslenskra bóka voru prentuð í Finnlandi. Tafir og mistök í prentuninni ollu því hins vegar að bækurnar skiluðu sér seint til landsins og þegar þær skiluðu sér loks var frágangi ábótavant. Endurprenta þurfti stóran hluta upplagsins. Kom auk þess fram í fréttum að plastpökkunin uppfyllti ekki gæðakröfur og þurfti að endurplasta þrjátíu þúsund bækur.

Fyrir langalöngu rak ég bókaútgáfu. Ég keypti þýðingarrétt að erlendum skáldsögum, fékk þýðendur til að snara þeim yfir á íslensku, lét setja þær upp, hanna kápu, prenta þær og plasta.

Það var ekki fyrr en nú, mörgum árum síðar, þegar ég las um ófarir jólabókaútgáfunnar í ár að það runnu á mig tvær grímur. Plasta? Til hvers var ég að láta plasta bækurnar? Hér í London eru bækur aldrei í plasti í bókabúðum.

### Á sjálfstýringu

Af hverju eru hlutirnir eins og þeir eru. Oft er það aðeins vegna þess að við erum á sjálfstýringu. Þegar ég rak bókaútgáfu lét ég plasta bækurnar vegna þess að þannig voru hlutirnir einfaldlega gerðir. Ég hugsaði ekki út í það – ekki frekar en ég hugsaði út í það þegar ég burstaði í mér tennurnar á morgnana. Þetta var ómeðvitaður gjörningur.

Ef það munar um að losna við litlu límmiðana á lárperunum úr öskuhaugum veraldarinnar hlýtur að muna um plastið utan af íslensku jólabókunum.

Íslenskir bókaútgefendur vinna þrekvirki er þeir halda úti blómlegum bókamarkaði á eyju þar sem aðeins búa tæplega þrjú hundruð og fimmtíu þúsund manns. Ég trúi því ekki öðru en að það útsjónarsama fólk sem starfar við bókaútgáfu eigi glúrið svar við eftirfarandi spurningu: Þurfa jólabækurnar okkar endilega að vera í plasti?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


PEUGEOT
peugeotisland.is
NÝR 5008
FRUMSÝNING
Nýr Peugeot 5008 SUV frumsýndur í dag
að Bíldshöfða 8 kl. 12-16
Nýr Peugeot 5008 SUV er 7 sæta, rúmgóður bíll með fjölhæfu og notendavænu farþegarými. Peugeot 5008 SUV er stóri bróðir Peugeot 3008 SUV sem er bíll ársins á Íslandi 2018. Innra rými Peugeot 5008 SUV veitir þér frelsi til þess að haga sætunum og laga farangursrýmið að þínum þörfum. Innra rýmið er ótrúlega vel skipulagt með stökum niðurfellanlegum sætum og flötu gólfi.
Verð frá 4.090.000 kr.
KOMDU OG KEYRÐU EINSTAKLEGA VEL HEPPNAÐAN
NÝJAN PEUGEOT 5008 SUV
BJÓÐUM UPP Á DÝRINDIS KAFFISOPA FRÁ KAFFITÁR
OG FRANSKAR MAKKARÓNUR
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040
Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

## HM-hópur Heimis í nóvember 2017 – tvö hundruð dagar til stefnu

● Með í EM-hópnum 2016

**Markverðirnir**
3 sæti í boði
- ● Hannes Þór Halldórsson

| | |
|---|---|
| ● Ögmundur Kristinsson | 60% |
| Rúnar Alex Rúnarsson | 50% |
| ● Ingvar Jónsson | 40% |

**Varnarmenn**
8 sæti í boði
- ● Ragnar Sigurðsson
- ● Kári Árnason
- ● Birkir Már Sævarsson
- ● Hörður Björgvin Magnússon
- ● Sverrir Ingi Ingason
- ● Ari Freyr Skúlason

| | |
|---|---|
| ● Hjörtur Hermannsson | 70% |
| Jón Guðni Fjóluson | 40% |
| ● Haukur Heiðar Hauksson | 10% |
| Diego Jóhannesson | 5% |

**Miðjumenn**
8 sæti í boði
- ● Aron Einar Gunnarsson
- ● Gylfi Þór Sigurðsson
- ● Jóhann Berg Guðmundsson
- ● Birkir Bjarnason
- ● Emil Hallfreðsson

| | |
|---|---|
| ● Theódór Elmar Bjarnason | 70% |
| ● Arnór Ingvi Traustason | 60% |
| Rúrik Gíslason | 50% |
| ● Rúnar Már Sigurjónsson | 50% |
| Ólafur Ingi Skúlason | 45% |

**Sóknarmenn**
4 sæti í boði
- ● Alfreð Finnbogason
- ● Jón Daði Böðvarsson

| | |
|---|---|
| Björn Bergm. Sigurðarson | 70% |
| Viðar Örn Kjartansson | 55% |
| Kjartan Henry Finnbogason | 50% |
| Albert Guðmundsson | 20% |
| ● Kolbeinn Sigþórsson | 1% |
| ● Eiður Smári Guðjohnsen | 0% |



# Heimislisti strákanna okkar sjö mánuðum fyrir HM 2018

**Sami kjarni leikmanna hefur komið íslenska landsliðinu inn á tvö stórmót í röð og það er ekki að sjá að það verði margar breytingar á EM-hópnum þegar strákarnir okkar mæta á HM í Rússlandi næsta sumar. Fréttablaðið rýnir aðeins í spilin og skoðar hvaða leikmenn eiga möguleika á því að fá farseðil til Rússlands.**

**FÓTBOLTI** Íslensku landsliðsmennirnir fá ekki oft opinberan reiðilestur frá landsliðsþjálfaranum Heimi Hallgrímssyni en þeir fengu það eftir æfingamótið í Katar. Íslenska landsliðið mætti í smáríkið við Persaflóa á þriggja leikja sigurgöngu og búið að ná í fimmtán stig í síðustu sex leikjum undankeppni HM 2018.

Lykilmennirnir fengu létta skemmtiferð til Katar að launum fyrir magnaða frammistöðu þegar þeir tryggðu Íslandi sögulegan farseðil á sitt fyrsta HM en í þeirra stað áttu „aukaleikararnir“ að fá tækifæri til að sýna sig og sanna.

### Þurfa miklar framfarir

„Í júní erum við að fara að spila við bestu lið heims og það þurfa ansi margir að taka miklum framförum á næstu sjö mánuðum ef þeir ætla að vera samkeppnishæfir í Rússlandi,“ sagði Heimir í viðtali við Fréttablaðið eftir seinni leikinn.

Já það má taka undir þessi orð þjálfarans. Heimir gerði litlar breytingar á hópnum sínum á lokaspretti undankeppninnar og það þarf miklu meira að gerast ef menn ætla að koma sér frekar inn í myndina hjá Eyjamanninum.

Íslenska landsliðið stillti upp sama byrjunarliði í öllum fimm leikjum sínum á EM í Frakklandi og allir þeir leikmenn voru í risahlutverki í undankeppni HM fyrir utan Kolbein Sigþórsson sem hefur verið meiddur í meira en eitt og hálft ár. Stóru breytingarnar í goggunarröðinni voru þær að Hörður Björgvin Magnússon tók vinstri bakvarðarstöðuna af Ara Frey Skúlasyni, Alfreð Finnbogason kom inn fyrir Kolbein og Emil Hallfreðsson sýndi sig og sannaði með góðri frammistöðu á miðjunni þegar Gylfi var færður framar. Allir þrír sem stimpluðu sig inn voru með í EM-hópnum.

Það var líka Sverrir Ingi Ingason en hlutverk hans í liðinu er að vaxa. Björn Bergmann Sigurðarson fékk líka tækifæri þegar það vantaði menn í liðið en hann hefur síðan misst af vetrarleikjunum vegna meiðsla. Björn Bergmann er samt enn í dag þriðji kostur í framlínunni.

### 14 af 23 alveg öruggir

23 leikmenn fóru með á EM í Frakklandi sumarið 2016 og það er ekki hægt að sjá annað sjö mánuðum fyrir heimsmeistaramótið í Rússlandi en að fjórtán þeirra séu alveg öruggir með sæti í HM-hópnum. Næstu menn þurfa síðan að spila frá sér sæti í hópnum.

Baráttusætin eru varamarkmannsstöðurnar, tveir síðustu varnarmenn hópsins, þrjár miðjustöður og síðustu framherjastöðurnar. Það er nokkuð ljóst að EM-fararnir Eiður Smári Guðjohnsen (hættur) og Kolbeinn Sigþórsson (meiddur) verða ekki með í HM-hópnum og og Haukur Heiðar Hauksson er heldur ekki líklegur. Það verða því pottþétt þrjár breytingar, en verða þær fleiri?

### Ekki mikið að rugga bátnum

Menn voru í það minnsta ekki að rugga bátnum mikið með frammistöðu sinni í Katar. Mesti möguleikinn liggur kannski í þriðju markmannsstöðunni þar sem Rúnar Alex Rúnarsson er að banka fast á dyrnar.

Theódór Elmar Bjarnason er búinn að stimpla sig aftur inn og það er líklegt að fjölhæfni hans og Hjartar Hermannssonar tryggi þeim báðum afleysingahlutverk á HM. Þeir voru báðir með á EM í Frakklandi. Jón Guðni Fjóluson átti fínan leik á móti Katar og kemur til greina í hópinn.

Arnór Ingvi Traustason sló í gegn á EM í Frakklandi en ætti kannski að hafa smá áhyggjur af HM-sætinu eftir slaka frammistöðu í Katar og slæma stöðu hjá sínu félagi. Rúrik Gíslason missti af EM en hefur alltaf verið hluti af kynslóðinni sem breytti landsliðinu. Rúrik setti nú samt ekki mikla pressu á Heimi með frammistöðu sinni í Katar og hann var ekki sá eini sem nýtti ekki gott tækifæri til að sýna sig og sanna.

> **Nítján leikmenn byrjuðu inná hjá íslenska landsliðinu í undankeppni HM 2018 en aðeins þrettán þeirra í þremur leikjum eða fleiri.**

> **Átta af þeim ellefu sem byrjuðu alla leikina á EM 2016 byrjuðu að minnsta kosti 9 af 10 leikjum undankeppninnar fyrir HM 2018.**

### Góð mörk en við þurfum meira

Framherjarnir Viðar Örn Kjartansson og Kjartan Henry Finnbogason minntu hins vegar á sig með góðum mörkum og frammistaða Kjartans Henrys á móti Tékkum var einn af jákvæðustu hlutum ferðarinnar. Líkurnar á HM-sæti hjá Birni Bergmann Sigurðarsyni hafa fyrir vikið aðeins minnkað en líklegra er þó að Heimir velji á milli þeirra Kjartans og Viðars fremur en að fara með þá báða.

Margir bíða samt eftir því hvort Albert Guðmundsson gefi Heimi ástæðu til að taka sig með. Albert hefur verið að banka á dyrnar hjá aðalliði PSV en á meðan hann er ekki að spila fleiri mínútur í toppbolta þá eru ekki miklar líkur á því að hann fari með til Rússlands.

### Sjö mánuðir til stefnu

Það eru enn sjö mánuðir í það að Heimir Hallgrímsson taki þessa erfiðu ákvörðun og velji þá 23 víkinga sem munu skrifa nafn sitt í sögu íslenskrar knattspyrnu. Meiðsli og spilatími gæti breytt hlutum og þá á landsliðið eftir að hittast nokkrum sinnum þangað til. Tækifærin í Katar runnu frá mönnum en sjáum til hvað gerist í janúar og mars. Hér fyrir ofan má sjá stöðuna eins og við á íþróttadeild Fréttablaðsins teljum hana vera í dag tvö hundruð dögum fyrir flugtak. **ooj@frettabladid.is**

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Njarðvík - Grindavík 97-75**

**Njarðvík**: Oddur Rúnar Kristjánsson 22, Terrell Vinson 19/7 fráköst, Logi Gunnarsson 12, Maciek Stanislav Baginski 12/5 stoðsendingar, Vilhjálmur Theodór Jónsson 9, Ragnar Helgi Friðriksson 6, Ragnar Agust Nathanaelsson 6/3 varin skot, Snjólfur Marel Stefánsson 5, Gabríel Sindri Möller 4.
**Grindavík**: Ólafur Ólafsson 19, Jóhann Árni Ólafsson 13, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 12/13 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 10, Ingvi Þór Guðmundsson 9/6 fráköst/6 stoðsendingar, Rashad Whack 7, Þorsteinn Finnbogason 3, Hinrik Guðbjartsson 2

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 12 | KR | 8 |
| ÍR | 10 | Valur | 6 |
| Keflavík | 10 | Stjarnan | 6 |
| Njarðvík | 10 | Þór Ak. | 4 |
| Grindavík | 8 | Þór Þorl. | 2 |
| Haukar | 8 | Höttur | 0 |

### ÓLAFÍA ÞÓRUNN Á PARINU

Atvinnukylfingurinn Ólafía Þórunn Kristinsdóttir er á parinu eftir fyrstu tvo hringina á CME-mótinu á LPGA-mótaröðinni. Þetta er lokamót ársins á mótaröðinni og þangað komust aðeins þeir sem hafa staðið sig best á tímabilinu.

Ólafía spilaði fyrsta hringinn á tveimur höggum undir pari en náði ekki að fylgja því eftir í gær er hún kom í hús á 74 höggum eða tveimur höggum yfir pari. Hún er því samtals á parinu og rétt fyrir neðan miðju á mótinu. Hún fékk fjóra skolla og tvo fugla á hringnum í gær.



## Helgin

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 07.30 | DP World Tour Ch. | Golfst. |
| 12.15 | Arsenal - Tottenham | Sport |
| 14.25 | Bayern - Augsburg | Sport 2 |
| 14.50 | Liverpool - Southam. | Sport |
| 14.55 | Reading - Wolves | Sport 4 |
| 15.10 | Leganés - Barcelona | Sport 3 |
| 17.00 | Laugardagsmörkin | Sport |
| 17.20 | Man. Utd - Newcastle | Sport |
| 18.30 | The RSM Classic | Golfst. |
| 19.00 | CME Group Tour | Sport 4 |
| 19.40 | Atlético - Real Madrid | Sport |
| *Frumsýningar* | | |
| 17.15 | Cry.Palace - Everton. | Sport 3 |
| 19.00 | Leicester - Man. City | Sport 3 |
| 19.00 | WBA - Chelsea | Sport 2 |
| 20.40 | Burnley - Swansea | Sport 2 |
| 22.20 | Bourn.- Huddersf. | Sport 2 |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 07.00 | DP World Tour Ch. | Golfst. |
| 13.10 | Leeds - Middlesbro. | Sport |
| 15.50 | Watford - West Ham | Sport |
| 18.00 | Messan | Sport |
| 19.00 | CME Group Tour | Sport 4 |
| 18.00 | Vikings - Rams | Sport 3 |
| 18.30 | The RSM Classic | Golfst. |
| 19.00 | Keflavík - KR | Sport 2 |
| 19.50 | Selfoss - FH | Sport |
| 21.20 | Raiders - Patriots | Sport 3 |

**Olís-deild karla í handbolta:**
S17.00 Fram - ÍR
S19.30 Haukar - Fjölnir
S20.00 Selfoss - FH

**Domino´s deild karla í körfubolta:**
S19.15 Þór Ak. - ÍR
S19.15 Grindavík - Stjarnan
S19.15 Keflavík - KR
S19.15 Tindastóll - Höttur

**ÍM í 25 m laug í Laugardalslaug**
L16.30 Úrslit á degi tvö
S16.30 Úrslit á degi þrjú




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




## MATI

Tveggja og þriggja sæta sófi.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.

2ja sæta: 163 x 90 x 80 cm
**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

3ja sæta: 212 x 90 x 80 cm
**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~




## KAMMA

Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x :105 cm

**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~



## ELLY

Þriggja sæta sófi. Dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

## IVV KÖNNUR Á JÓLATILBOÐI




1. . IVV Sommelier vatnskarafla ~~7.990 kr.~~ JÓLATILBOÐ 5.990 kr. • 2. IVV Sommelier rauðvínskarafla ~~8.290 kr.~~ JÓLATILBOÐ 6.990 kr. • 3. IVV Special kanna 1,4L ~~7.490 kr.~~ JÓLATILBOÐ 5.690 kr. • 4. IVV Iroko kanna 1,6L ~~7.990 kr.~~ JÓLATILBOÐ 5.990 kr. • 5. Au Maison snyrtibudda 10×8 cm 1.290 kr. • 6. Au Maison flamingo 24×9×7cm 4.990 kr. • 7. Riverdale Balance gjafakassi með sturtugeli, kremi og ilmjurtum, ~~4.990~~ kr JÓLATILBOÐ 3.490 kr • 8. RikkiTikki Elephant Parade Triumphator fíll 10 cm 6.390 kr.



## BRENNER

2,5 og 3ja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**119.993 kr.** ~~159.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**149.993 kr.** ~~199.990 kr.~~



## BRENNER

2,5 og 3ja sæta sófi. Svart Savoy/split leðri.

2,5 sæta, stærð: 165 x 97 x 82 cm
**217.493 kr.** ~~289.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 230 x 97 x 82 cm
**277.493 kr.** ~~369.990 kr.~~



## DEVON

Horntungusvefnsófi. Einn með öllu!
Geymsla undir tungu og í armi.
Stærð: 241 x 225 x 82 cm

**172.493 kr.** ~~229.990 kr.~~

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga
**Ísafjörður** Skeiði 1
**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Verð gildir til 20. nóvember 2017, eða á meðan birgðir endast.*

# SÓFAVEISLA
# LOKAHELGIN
## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM

NÝ OG BETRI VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



**KIRUNA**
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Stærð: 301 × 200 × 78 cm
**164.993 kr.** ~~219.990 kr.~~

IDdesign





IDdesign

**EASY**
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm
**127.493 kr.** ~~169.990 kr.~~

**CLEVELAND**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm
**86.243 kr.** ~~114.990 kr.~~




**FRIDAY**
Hornsófi 2H2
Dökkgrár eða brúnn.
Stærð: 300 x 300 x 90 cm.



**209.993 kr.** ~~279.990~~ ....

Þú finnur Sófaveislu-blaðið á husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Aðventukrans í stíl við bílinn

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, er enn að ákveða hvernig aðventukransinn verður í ár. Eitt árið gerði hann aðventukrans í bílskúrnum sem hann áttaði sig eftir á að var í stíl við bílinn.

Aðventan er í huga margra rómantískur tími en jafnframt tími hefða. Fyrsta sunnudag í aðventu ber upp á sunnudaginn 3. desember, aðventan hefst því nokkuð seint í ár.

Aðventukransagerð er að margra mati ómissandi hluti af tilverunni á þessum tíma og sumir hafa sterkar skoðanir á því hvernig kransinn eigi að líta út. Útlit þeirra er ekki óháð tískusveiflum frekar en annað. Á tímabili var í tísku að vera með könglakransa eða einungis kerti á bakka með einhverju skrautlegu í stíl en í huga margra er hinn hefðbundni grenikrans sá eini rétti – helst heimagerður.

„Ég er enn að melta það hvernig krans ég geri í ár,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, en hann er einn þeirra sem halda fast í þá hefð að gera sinn eigin krans á aðventu. „Ég hef gert minn eigin krans frá því

> ÉG HEF GERT MINN EIGIN KRANS FRÁ ÞVÍ AÐ ÉG FLUTTI ÚR FORELDRAHÚSUM. ÉG VIL GERA ÞETTA EINS OG MAMMA GERÐI.

að ég flutti úr foreldrahúsum. Ég vil gera þetta eins og mamma gerði, ég vef hann sjálfur og nota þrjár gerðir af greinum og fjóra klasa af kúlum.

Einfaldleikinn er ríkjandi hjá mér, sjaldnast eitthvert dúllerí, mamma var bara með greni en ég skreyti minn aðeins. Fyrir tveimur árum var ég með krans sem ég föndraði inni í bílskúr og svo áttaði ég mig



Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri í Blómavali að kanna hráefni í næsta aðventukrans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

á því þegar ég var búinn með hann að hann var í litasjetteringu við fjölskyldubílinn. Það var skemmtileg tilviljun en ég fór hefðbundnari leið í fyrra. Var með há hvít kerti og rauð ber en plaststjaka og það endaði ekki vel því á aðfangadag kviknaði í kransinum.“

Á hverju ári er varað við eldhættu þegar kertaskreytingar fylla stofur landsmanna, það er greinilega aldrei of varlega farið. „Ég fer praktísku leiðina í þetta sinn, held mig við eldhelda kramarhúsastjaka sem ég hef oft verið með áður og skipti út sprittkertum eftir þörfum.“

Margir eiga ljúfar æskuminningar um notalega fjölskyldustund þegar kveikt var á aðventukertunum.

„Eftir að börnin mín urðu eldri er viðhöfnin minni, en þegar þau voru yngri var oft lesin einhver viðeigandi saga þegar kveikt var á kertinu.“ **astahrafnhildur@frettabladid.is**



**Aðventukransinn sem var gerður í bílskúrnum reyndist vera í stíl við fjölskyldubílinn.**




## Hvað á að gera um helgina?



**Emmsjé Gauti rappari.**

### SLÖKUN Í BÚSTAÐ

Ég er að opna veislusal ásamt toppengi í miðbænum! Erum á fullu í því í dag. Svo ætla ég upp í bústað með nánum vinum að slaka aðeins á þar sem þetta er afmælishelgin mín.

### LESTU

Tvíflautuna sem er fyrsta skáldsaga Jóns Sigurðar Eyjólfssonar. Sagan segir frá ungum Vestfirðingi sem freistar gæfunnar í Grikklandi. Grískar dívur, ástríðufullir tónlistarmenn, drykkfelldir samstarfsmenn og ráðríkir Grikkir koma æðandi inn í líf hins óharðnaða Íslendings.



**Sigurborg Selma blaðamaður.**

### GREFUR UPP JÓLASKRAUT

Ég ætla að eiga mjög rólega og notalega helgi. Planið er að grafa upp eitthvað af jólaskrautinu, fara í bröns á The Coocoo's Nest og mögulega kíkja á Jólabasarinn í Lækjarbotnum.

### HORFÐU

á einkasýningu Margrétar Bjarnadóttur í Listamenn Gallerí. Verkin samanstanda af ljósmyndum, skúlptúrum, teikningum og textaverkum auk útgáfu nýrrar bókar – Orðið á götunni, safn setninga sem Margrét heyrði á förnum vegi og skrásetti. Sýningin verður opnuð í dag.



**Margrét Bjarnadóttir listamaður.**

**GATIÐ EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

# „ÓUMDEILD DROTTNING ÍSLENSKRA GLÆPA-SAGNAHÖFUNDA“

THE GUARDIAN UM DNA







Gatið er mögnuð glæpasaga eftir Yrsu Sigurðardóttur. Hér stíga fram á sviðið Huldar lögreglumaður og sálfræðingurinn Freyja sem lesendur þekkja úr síðustu bókum Yrsu; Aflausn, Soginu og DNA en hún var valin besta íslenska glæpasagan 2014 og besta glæpasagan í Danmörku 2016.

VERÖLD



MYND/MAISIE COUSINS

# Finnst hún þurfa að bera ábyrgð

Nýjasta plata **Bjarkar Guðmundsdóttur** sem kemur út í næstu viku fjallar um tímamót af ýmsu tagi. Á plötunni kemur Björk inn á þau mál sem eru henni hugleikin, svo sem umhverfismál, jafnrétti og femínisma. Hún segir að með nýju plötunnni hafi hún þá fundið tilefni til að opna sig um áreitni sem hún sjálf varð fyrir.

Guðný Hrönn
gudnyhronn@365.is



Utopia, nýjasta plata Bjarkar Guðmundsdóttur kemur út 24. nóvember. Beðin um að lýsa nýju plötunni segir Björk: „Þema þessarar plötu er loft.“

Hún segir léttan hljóm einkenna nýju plötuna. „Það eru mikið af flautum og fuglahljóðum á henni, bæði frá íslenskum fuglum og fuglum frá Venesúela. Það er ekki mikill bassi eða botn til staðar og ég hef stundum talað um þessa plötu sem skýjaborg og framtíðarland. Það er smá vísindaskáldsöguelement í henni,“ segir hún brosandi.

Platan fjallar um tímamót að sögn Bjarkar, bæði hvað varðar einkalíf hennar og heiminn sem við búum í. Hún tekur umhverfismál sem dæmi. „Það sem virkaði einu sinni virkar ekki lengur og við þurfum að finna nýtt plan. Þá finnst mér við verða að vera með skýra stefnu, við verðum að verða græn. Við þurfum að taka út olíu og bensín og setja sólarorku og vindorku inn í staðinn, núna. Og þegar maður er á svona tímamótum þá þarf maður að ímynda sér eitthvað sem er erfitt að ímynda sér. Og Utopia fjallar svolítið um það. Þetta er vísindaskáldsaga sem spyr: „Hvernig væri Ísland ef við myndum öll ganga fyrir sólarorku og vindorku. Og við værum alveg græn.“ Hvernig væri það? Í samanburði við lífið sem við lifum núna þá er þetta bara vísindaskáldsaga.

Platan fyrir mér fjallar bæði um þessi mál en líka um kaflaskil fyrir mig persónulega. Ég fjallaði mikið um skilnað á seinustu plötu en þessi nýja plata er upphaf á nýjum kafla. Þannig að tilfinningalega er tónlistin á plötunni alveg ný. Hún fjallar um að sjá allt í nýju ljósi því maður er komin á nýjan stað.

Stundum enda kaflar fyrr en mann langar til og stundum seinna,“ segir hún og brosir. „Maður stjórnar þessu ekki alveg en maður reynir bara á sinn mannlega breyska hátt að læra af því sem fór ekki mjög vel, svo voru kannski aðrir hlutir sem fóru mjög vel,“ útskýrir hún.

### Pönkið mótaði hana

Þegar Björk er spurð út í innihald plötunnar fer hún fljótlega að tala um pólitík og umhverfismál sem eru henni afar hugleikin. Aðspurð hvort henni þyki mikilvægt að koma þýðingarmiklum skilaboðum til skila með tónlist sinni segir hún: „Mér finnst tónlist ekki þurfa að vera bókstaflega pólitísk og um 95% af tónlist sem ég hlusta sjálf á er það ekki. En bara fyrir mitt leyti, sérstaklega eftir að ég verð eldri, þá finnst mér ég þurfa að bera ábyrgð.“

Björk grunar að pönkið hafi haft áhrif á hvernig hún fæst við tónlist. „Ég kem úr pönkinu og stemningin í pönkinu var að maður þurfti að bera ábyrgð á sínu. Skífan var til dæmis ljótu kallarnir þá. Þeir voru að gefa tónlist út án þess að borga tónlistarfólki og voru „commercial“. Við vorum pönkarar og þá var viðhorfið að við þyrftum sjálf að gera allt; gera plakötin, dreifa þeim, búa til plötuumslagið heima o.s.frv. Það var enginn annar sem kom og bjargaði okkur.

Það er þá kannski ekkert skrítið að ég sé að líta í kringum mig og finnist ég aðeins þurfa að sýna lit og bera ábyrgð,“ útskýrir Björk og tekur femínisma og jafnrétti kynjanna sem dæmi.

### Erfitt að draga þetta fram í dagsljósið

Eins og kunnugt er orðið steig Björk fram í október og greindi á Facebook frá kynferðislegri áreitni Lars von Trier sem hann beitti hana árið 1999 í Danmörku, við gerð myndarinnar Dancer in the Dark.

Aðspurð af hverju henni fannst vera kominn tími til að greina frá ofbeldinu, 18 árum eftir að það átti sér stað, segir Björk femínismabyltinguna sem er að eiga sér stað núna hafa verið meðal þess sem hvatti hana áfram. „Við höfum samfélagsmiðla og við höfum rödd. Við getum breytt hlutunum.

> TILFINNINGALEGA ER TÓNLISTIN Á PLÖTUNNI ALVEG NÝ. HÚN FJALLAR UM AÐ SJÁ ALLT Í NÝJU LJÓSI ÞVÍ MAÐUR ER KOMIN Á NÝJAN STAÐ.

En það var kannski blanda af nokkrum hlutum sem fékk mig til að tala um þetta. Ungar tónlistarkonur hafa verið að koma til mín og þeim finnst skrítið að ég sé að láta eins og það sé ekkert mál að vera tónlistarkona. T.d. eftir að ég fór í viðtal hjá Pitchfork fyrir fjórum árum talaði ég um að kannski væri ein ástæðan fyrir að stelpur fá ekki viðurkenningu sem pródúsentar sú að þær eru aldrei ljósmyndaðar fyrir framan tækin sín. Þú sérð þær aldrei við mixerinn eða tölvuna að klippa takt. Í kjölfarið varð til vefsíða sem spratt upp af þessu sem ég sagði. Þar birtu þúsundir kvenna myndir af sér fyrir framan vinnutólið sitt og settu á vefinn. Einhver fimmtug hljóðkona frá Bangladess og einhver pönkari í Hong Kong, konur á öllum aldri, allar fyrir framan græjurnar sínar,“ segir hún og hlær.

„Þetta varð til þess að ég kveikti á nokkrum perum og hugsaði að ég þyrfti aðeins að sýna lit. Það er rosalega erfitt og subbulegt að draga þetta mál fram núna en ég geri þetta fyrir næstu kynslóð stelpna sem eru að vaxa núna, svo þær þurfi síður að lenda í þessu.

Við tökurnar á myndinni fyrir 18 árum brást ég rétt við sem tónlistarkona. Í tvo mánuði mætti ég samviskusamlega á hverjum morgni í vinnuna og skilaði öllu mínu. En það var ekki fyrr en þeir fóru að klippa lögin mín án míns leyfis að ég fór í verkfall í einn dag. Ég skildi mjög vel að það þurfti að lengja eða stytta lögin af því að myndin var að breytast en ég vildi fá að gera þetta á minn tónlistarlega hátt. Og það gekk í gegn, eftir að ég mætti ekki til vinnu í einn dag. Eftir það mætti ég í allt stundvíslega,“ útskýrir Björk sem mótmælti þegar henni fannst brotið á sér sem listamanni. En hún átti erfiðara með að bregðast við kynferðislegu áreitninni.

„En ég hafði í raun ekki brugðist við sem kona. Því ég þagði yfir hlutunum. Það var enginn hljómgrunnur fyrir þessu, fyrr en núna. Ef við vorum eitthvað að kvarta yfir einhverju svona, fyrir tíu eða tuttugu árum, þá hlustaði enginn á okkur. Það var bara okkar vandamál. Og svona kynferðisleg áreitni hefur í raun ekkert með kynlíf að gera. Þetta snýst um völd. Það er bara verið að brjóta fólk niður svo að það fái ekki að skína,“ útskýrir Björk sem átti erfitt með að ná utan um það sem var að gerast á sínum tíma. Hún var á þessum tíma hrædd um að vera stimpluð sem hysterísk ef hún færi með þetta í fjölmiðla.

En þegar #metoo byltingin fór af stað í október á þessu ári fannst henni hún vera komin með hljómgrunn til að segja frá. „Ég fór að skilja heildarmyndina betur eftir að ég las um Harvey Weinstein málið. Hann refsaði konunum sem gáfu ekki eftir með því að skálda sögur um þær í blöðin. Þetta var einmitt það sem ég lenti í. Það voru ósannar sögur um að ég hefði borðað skyrtu, hrækt á gólfið, mætt illa og einhverjir aðrir farsakenndir hlutir sem ég hef aldrei gert. Þegar tökum lauk flúði ég heim til Íslands í níu mánuði, fór bara í híði og fór ekki í eitt einasta viðtal. Ég vildi bara ekki vera hluti af þessu subbi. En þá byrjuðu þeir að skálda enn þá




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverðs er til og með 19. nóvember eða meðan birgðir endast.
Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

meira, því að þeir voru með áhyggjur af því að myndin fengi ekki neina umfjöllun,“ segir Björk sem tók þetta afar nærri sér, að ósannar sögur um hana væru að birtast á síðum frétta- og slúðurblaða.

Um vorið árið 2000 fékk Björk svo veður af því að hún ætti möguleika á að vinna til verðlauna fyrir besta leik í aðalkvenhlutverki á kvikmyndahátíðinni í Cannes. „Þá fór ég að hugsa hvað ég ætti að gera. Og ég ákvað bara að af því að ég hafði lagt þetta á mig þá myndi ég fara út. Þetta var erfið ákvörðun. Ég var með Jógu vinkonu minni á þessum tíma, hún var með mér í gegnum þetta allt saman. Og við ákváðum bara að fara til Cannes og taka þetta með trompi.“

Björk fór út, hreppti verðlaunin og tók við þeim með bros á vör. Spurð út í hvort hún sé ánægð með ákvörðunina um að fara til Cannes svarar hún hiklaust játandi.

„Nýja platan mín fjallar svolítið um þetta. Um mæðraveldi, feðraveldi og hvernig við getum náð saman á nýjan og frjóan máta. Það er mín skoðun að áður en Lars vann með mér skrifaði hann rullur fyrir kvenpersónurnar sínar sem spegluðu maníuna í honum sjálfum en hann lét eins og það kæmi allt frá leikkonunum. Síðan benti hann á þær eins og hann hefði ekkert með þetta að gera. Eftir myndina með mér, af því að ég lét hann ekki komast upp með það, þá hefur hann viðurkennt að leikkonurnar eru að manifesta hans eigin djöfla. Það er stórmunur þar á. Hann spurði mig líka endurtekið hissa af hverju ég vildi ekki brenna á fórnarlambsbálinu og frelsast, kvenleikkonurnar hans gerðu það venjulega. Ég benti honum á að það væri hin þreytta síendurtekna rulla sem karlaveldið færði okkur, eins og Jóhanna af Örk. Það eru til fjöldamargar kvenerkitýpur, t.d. í norrænni og grískri goðafræði, mjög fjölbreyttar og með alls konar narratífu.“

### Breyttir tímar fram undan

Innt eftir því hvernig henni liði eftir að hafa deilt sinni hlið á málinu segir hún það vera mikinn létti. Hún segir að það sem sé að gerast núna á netinu, það að fólk sé að fá vettvang til að tala um reynslu sína, geti breytt hlutunum.

„En svo held ég að það sé líka mikilvægt að vita hvenær maður á að hætta, að fara ekki yfir strikið. Mér finnst mikilvægt að taka inn í dæmið að karlmenn hafa verið að festast í einhverjum hlutverkum. Við konurnar höfum gert það líka, í einhverju gömlu mynstri. En við erum kannski aðeins á undan þegar kemur að því að vinna í sjálfum okkur og brjótast út úr staðalímyndum. Þeir eru í raun og veru á eftir okkur, smá klaufar,“ segir hún og brosir. „En ég sé núna að strákar, unglingar, þeir eru öðruvísi núna heldur en þeir voru. Þeir eru tilfinningalega miklu opnari. Þessi vandamál verða nefnilega oft til þegar menn og fólk er að bæla tilfinningar sínar niður allt líf sitt og svo brýst þetta út, á einhvern skrítinn hátt. Ég held að það sé að verða breyting.“

### Daður og húmor

Öll listræn umgjörð í kringum plötuna er einstök og hefur nú þegar vakið mikla athygli. Beðin um að segja nánar frá henni segir Björk umgjörðina vera unna í nánu samstarfi með góðum vinum, meðal annars listamönnunum James Merry, Jesse Kands og tónlistarmanninum Alejandro Ghersi (Arca).

„Ég er náttúrulega mjög tengd James Merry, ég er búin að vinna með honum núna í átta ár. Og við byrjuðum að tala saman um þetta mjög snemma. Mig langaði að búa til, með smá húmor, svona vísindaskáldsögu þar sem við höfðum öll flúið á okkar eyju og þar er svona post-kjarnorkuáhrif liggur við. Þar sem fuglarnir væru að breytast í blóm og blómin væru að breytast fólk, og fólkið væri að breytast í blóm og fugla.“

„Þannig að James, verandi snillingurinn sem hann er, fór út í búð og keypti sér silíkon og lærði bara sjálfur á YouTube eða eitthvað að búa til svona silíkonform heima hjá sér,“ segir hún og hlær. „Svo er líka smá svona „flirt“ í gangi á plötunni og líka húmor.

Við erum búin að hanga mikið saman undanfarið, ég, James, Alejandro og Jesse. Og við höfum verið að kjafta mikið um þetta, alveg í einhver tvö ár. Þannig að þetta hefur verið mikil samvinna,“ útskýrir Björk. Hún segir sjálfa sig hafa sterkar skoðanir á listrænni umgjörð hljómplatna sinna og leggur æ meiri vinnu í umgjörðina á hverri nýrri plötu sem hún gerir.

### Erfði listræna hugsun frá ömmu og mömmu

„Þetta byrjar auðvitað þegar ég var í pönkinu, þá mátti ekki vera neitt „visual“ í kringum tónlistina. Það var bara hégómi. Diskóið var náttúrulega bara lögreglumál. Við vorum öll klædd í svart og vorum í raun bara alveg jafn „visual“ og diskófólkið,“ segir hún og hlær.

„Svo þegar ég geri mína eigin plötu fyrst, þá var ég 27 ára, þá voru liðin einhver 12, 13 ár frá því að ég var í pönkinu. Og þá byrjaði ég að pæla mikið í þessu.

Fyrir utan að ég hafði gert mína eigin plötu þegar ég var 11 ára. Þá var mamma mín listrænn stjórnandi. Hún gerði þetta mjög svona DIY fyrir mig. Ég man að hún sagaði spónaplötur og málaði og setti dúsk á þær,“ rifjar Björk upp með bros á vör. „Ég lærði mjög mikið af því,“ bætir hún við og tekur fram að hún sé afar þakklát mömmu sinni fyrir að hafa lagt þessa vinnu í plötuumslagið.

Hún reiknar með að mamma hennar og amma eigi stóran þátt í að hún sé myndrænt þenkjandi. „Það er nefnilega annað, sem ég var bara að fatta. Amma mín, hún fór í myndlistarskólann þegar hún var fertug og börnin voru farin að heiman. Ég var elsta barnabarnið og var mikið hjá henni á þessum tíma um helgar og eftir skóla. Hún æfði sig þá á mér og gerði mörg málverk af mér. Hún féll frá fyrir nokkrum árum og þá erum við að sjá öll málverkin aftur, mörg verkin eru af mér.

Svo þegar ég byrja aftur að gera tónlist sjálf, þá 27 ára, þá er ég með mjög ákveðnar hugmyndir um hvað ég vil. En það var búin að vera mjög löng söltun í gangi og ég er kannski fyrst að fatta þetta sjálf. En svo fer þetta alltaf eftir því hvaða teymi er í kringum mann. Og það vill bara þannig til núna að minn nánasti vinahópur er sjónrænt þenkjandi.“

### Tónleikaferðalag á næsta ári

Að lokum, hvað tekur við þegar Utopia er komin út?

„Ég hef smátt og smátt verið að minnka það að túra. Biophilia er fyrsta platan þar sem ég sleppi því að fara í tónleikaferðalag til 100 borga. Þá fórum við bara til 10 borga og vorum í mánuð í hverri borg. Það er líka ein ástæðan fyrir því að það er svona stutt á milli platna núna, því ég túraði ekkert. Ég hélt bara nokkra tónleika. Mig langar miklu meira að vera bara hérna heima og semja. Núna til dæmis set ég enga pressu á mig. Ég ætla ekki að túra fyrr en á næsta ári.“



NORDICPHOTOSA/GETTY

VIÐ ÁKVÁÐUM BARA AÐ FARA TIL CANNES OG TAKA ÞETTA MEÐ TROMPI.

MIG LANGAÐI AÐ BÚA TIL, MEÐ SMÁ HÚMOR, SVONA VÍSINDASKÁLDSÖGU ÞAR SEM VIÐ HÖFÐUM ÖLL FLÚIÐ Á OKKAR EYJU.


Húmor einkennir alla umgjörð í kringum nýju plötuna.




ÉG MAN AÐ HÚN SAGAÐI SPÓNAPLÖTUR OG MÁLAÐI OG SETTI DÚSK Á ÞÆR.

## Sólóplötur Bjarkar eru

**Björk** 1977
**Debut** 1993
**Post** 1995
**Homogenic** 1997
**Vespertine** 2001
**Medúlla** 2004
**Volta** 2007
**Biophilia** 2011
**Vulnicura** 2015
**Utopia** 2017

## Upp á yfirborðið: Fjölmargar frásagnir af kynferðisofbeldi og áreitni

**5. október: Ljóstrað upp um Weinstein**
New York Times birtir ítarlega umfjöllun um kynferðislega áreitni og ofbeldi Weinsteins. Í fréttinni kom fram að ásakanir á hendur Weinstein spanna yfir þrjá áratugi. Harvey er vikið úr störfum sem stjórnarformanni The Weinstein Company og úr Óskarsakademíunni. Hann sætir lögreglurannsókn.

**15. október: Björk stígur fram**
Björk stígur fram og greinir frá kynferðislegri áreitni Lars von Trier sem beitti hana kynferðislegu ofbeldi 1999 við gerð myndarinnar Dancer in the Dark.

**17. október: Björk lýsir áreitninni**
Björk birtir aðra stöðuuppfærslu þar sem hún lýsti áreitninni. Að Lars hafi hlaupið til hennar eftir hverja töku, tekið utan um hana fyrir framan allt tökuteymið og stundum strokið hana mínútum saman gegn hennar vilja.

Í töku hafi hann stöðugt hvíslað að henni kynferðislegum boðum gegn hennar vilja. Þeim fylgdu grafískar lýsingar sem Björk segir hafa verið lamandi fyrir hana.

Þá hafi Lars skáldað sögur í fjölmiðlum um það að hún hefði verið erfið á tökustað.

**22. október: Toback sakaður um áreitni**
Á fjórða tug kvenna saka leikstjórann James Toback um kynferðislega áreitni. The Los Angeles Times greindi frá því að 31 kona hefði stigið fram og lýst reynslu sinni af áreitni Tobacks síðustu þrjátíu ár.

**23. október: Terry settur á bannlista**
Útgáfurisinn Condé Nast setur tískuljósmyndarann Terry Richardson á bannlista. Fyrirsætur hafa árum saman kvartað undan áreitni hans á opinberum vettvangi.

**3. nóvember: Kevin Spacey rekinn**
Anthony Rapp greinir frá áreitni Kevins Spacey. Lögreglan í Bretlandi rannsakar ásakanirnar. Netflix lætur Kevin í kjölfarið taka pokann sinn og hættir við framleiðslu myndarinnar Gore.

**8. nóvember: Sænskar leikkonur stíga fram.**
585 sænskar leikkonur skrifa opið bréf þar sem þær lýsa reynslu sinni af kynferðislegu ofbeldi og áreitni af hálfu yfirmanna sinna og kollega.

**8. nóvember: Ed Westwick til rannsóknar**
Lögreglan í Los Angeles rannsakar hvort leikarinn Ed Westwick hafi nauðgað leikkonunni Kristinu Cohen á heimili sínu í febrúar árið 2014 í kjölfar Facebook-færslu hennar þar sem hún lýsir kynferðisofbeldi af hans hálfu.

**9. nóvember: Seagal sakaður um kynferðislega áreitni**
Leikkonan Portia De Rossi segir frá kynferðislegri áreitni Stevens Seagal í áheyrnarprufu.

**9. nóvember: Louis C.K.**
Fimm konur sem flestar starfa sem uppistandarar ásaka Louis C.K. um ósæmilega hegðun gagnvart þeim. HBO slítur samstarfi við Louis C.K.

**13. nóvember: Formaður Félags íslenskra leikara vill rannsókn fagaðila**
Birna Hafstein, formaður Félags íslenskra leikara, leggur fram formlega beiðni um rannsókn fagaðila á kynferðislegu ofbeldi og áreitni í starfsumhverfi leikara og og óskar eftir samstarfi ráðuneyta.

**17. nóvember: Tekur kynferðislega áreitni til skoðunar**
Þorsteinn Víglundsson tekur til skoðunar í velferðarráðuneyti valdaójafnvægi og kynferðislega áreitni innan leiklistarsamfélagsins hér á landi.


21. desember í 11 nætur
Frá kr.
166.445
m/allt innifalið
Frá kr.
194.295
m/allt innifalið
FUERTEVENTURA
um jólin
BÓKAÐU SÓL
ALLUR PAKKINN
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.
Síðustu sætin!
Hotel Costa Caleta
Frá kr. 166.445 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 166.445 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 194.295 m.v. 2 fullorðna í herb.
21. desember í 11 nætur
Labranda Cactus Garden
Frá kr. 176.190 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 176.190 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 225.085 m.v. 2 fullorðna í svítu.
21. desember í 11 nætur.
Hotel Jandía Princess
Frá kr. 194.665 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 194.665 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 252.605 m.v. 2 í herb.
21. desember í 11 nætur.
Aðeins fyrir 18 ára +
Hotel Club Jandía Princess
Frá kr. 260.305 m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 260.305 m.v. 2 fullorðna í herb. Netverð á mann frá kr. 296.585 m.v. 1 fullorðinn í herb.
21. desember í 11 nætur.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM84591
595 1000 • heimsferdir.is
Heimsferðir
– fáðu meira út úr fríinu




FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Við látum framtíðina rætast.

www.volkswagen.is | HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is




## Fjórar frumsýningar í dag milli 12 og 16.

Nú bjóðum við til veislu í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16 og frumsýnum fjóra magnaða bíla frá Volkswagen. Sjö manna og lengri **Tiguan Allspace**, nýjan **Crafter** sem var valinn sendibíll ársins, lúxusbílinn **Arteon** sem hefur fengið ótrúlega góða dóma og splunkunýjan og stærri **Volkswagen Polo**. Komdu í kaffi og sjáðu framtíðina rætast. Við hlökkum til að sjá þig!

Volkswagen



Fyrrverandi unglingalandsliðsmaðurinn í fótbolta og núverandi tónverkamaðurinn Daníel Bjarnason á heimili sínu ásamt tíkinni Vöku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eigum að vera stolt af árangri okkar í listum

Árið hefur verið viðburðaríkt og gjöfult fyrir Daníel Bjarnason tónlistarmann sem segir samkenndina forsendu allra lista. Daníel bendir á að við þurfum að huga vel að grunnstoðum tónlistarnáms, enda fari því fjarri að velgengni íslenskrar tónlistar sé sjálfsprottin.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ég byrjaði að læra á píanó þegar ég var sex ára en svo hætti ég á píanóinu eftir um þrjú ár og var á kafi í fótbolta og handbolta og ég held eftir á að hyggja að ég hafi hætt mest af því að það var svo lítill félagsskapur í kringum námið. Maður var bara alltaf einn að æfa sig eða skottast í píanótíma og það var ekkert sem hélt utan um þetta félagslega ólíkt því sem var hjá blásara- eða strengjanemendum sem voru ýmist í lúðrasveitum eða strengjasveitum. Það er hættan fyrir unga píanóleikara hvað þetta getur verið einmanalegt,“ segir Daníel Bjarnason tónlistarmaður, nánar tiltekið tónskáld, stjórnandi og staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Daníel flutti til Kaupmannahafnar með foreldrum sínum eftir að hann kláraði Hagaskóla og fór þar í menntaskóla. Hann hélt áfram í íþróttunum og gekk vel. Hann var í marki í fótbolta og varð bikarmeistari með sínu liði í Danmörku og þar lögðu menn fast að honum að sækja um danskan ríkisborgararétt til þess að vera gjaldgengur með þeirra unglingalandsliðum. Hann var hins vegar byrjaður að spila með íslenska unglingalandsliðinu en þrátt fyrir það var það tónlistin sem varð fyrir valinu. „Ég náði ósköp litlu sambandi við þessa stráka sem ég var að æfa með fótbolta úti í Danmörku, þeir voru bara á annarri bylgjulengd. Á þessum aldri er maður er reyna að átta sig á hver maður er, hvað maður vill, og þarna fann ég að það var eitthvað sem var að taka yfir áhuga minn og að það tengdist tónlist og listum almennt, en ekki fótbolta. Þarna byrjaði ég að kafa ofan í þessa klassísku tónlist, eiginlega í fyrsta skipti fyrir alvöru og mér fannst þetta vera það áhugaverðasta sem ég hafði komist í og þá varð ekki aftur snúið.“

## Tónlistina frekar en landsliðið

Daníel segir að þrátt fyrir gott gengi í íþróttunum hafi þó tónlistin alltaf togað í hann. „Finnur bróðir sem er sex árum eldri en ég byrjaði að læra söng og fór að draga mig á tónleika. Þá kviknaði aftur á einhverri peru þannig að þegar við fluttum til Danmerkur settist ég aftur við píanóið. Þá var áhuginn eiginlega orðinn meiri en hann hafði verið áður því þá gerði ég þetta alfarið á eigin forsendum og fór alveg á kaf í þetta. Valdi að fara á tónlistarbraut í menntaskóla þar, og þar sem ég hafði verið ári á undan heima og menntaskólinn í Danmörku var bara þrjú ár þá var ég orðinn stúdent átján ára. Þá gat ég komið heim og farið bara á fullt í píanónámið. Ég hafði aðeins klárað eitt stig á píanó þegar ég hætti en kom þarna heim og tók sjöunda stigið á píanó og hoppaði þar með yfir stig tvö til sex,“ segir Daníel og hlær við tilhugsunina um þennan sérstæða námsferil. „Tók svo burtfararpróf tveimur árum seinna og fór þá í tónfræðideildina og þá var ég byrjaður að semja og einnig kominn með áhuga á hljómsveitarstjórnun.“

> GÓÐ LIST ER ALLTAF MARGLAGA OG VIRKAR Á MISMUNANDI DÝPTARGRÁÐUM ALLT EFTIR ÞVÍ HVER MÓTTAKANDINN ER OG HVERSU DJÚPT ER KAFAÐ.

Daníel útskrifaðist úr Tónlistarskólanum í Reykjavík með ígildi BA í tónsmíðum og segir að það hafi í framhaldinu verið meðvituð ákvörðun um að fara ekki í framhaldsnám í tónsmíðum heldur frekar hljómsveitarstjórnun. „Ég var smeykur við tónsmíðanámið, það er kannski smá hrokafullt en ég treysti mér til að standa á eigin fótum og fannst að það gæti verið stórhættulegt fyrir mig að fara inn í of akademískt umhverfi með mína tónlist. Mér fannst vera mikilvægast fyrir mig að halda áfram að skrifa, fá tónlistina mína flutta og finna mína rödd sem tónskáld. Ég ákvað því að hljómsveitarstjórnunin skyldi vera mín leið til að þroskast bæði sem stjórnandi en líka sem tónskáld.“

## Samkenndin forsenda lista

Daníel segir að það hafi orðið mikil breyting á umhverfi tónskálda á síðustu árum og listrænt séð þá sé í raun allt leyfilegt. „Það er allt svo brotakennt núna. Það eru ekki eins skýrar línur og áður fyrr enda má allt í dag. Það er það sem er svolítið erfitt. En sem listamaður er maður í raun alltaf að opinbera sjálfan sig sem manneskju. Maður getur aðeins búið til sína list út frá því hver maður er og hvaða menntun og bakgrunn maður hefur. Maður setur hlutina fram á ákveðinn hátt og í ákveðnu samhengi og þeir sem taka á móti þurfa að lesa inn í það samhengi að einhverju leyti. Ef þú ert að vísa í aðra listamenn, önnur listaverk eða eitthvað slíkt þá getur enginn lesið í það nema hann hafi einhvern skilning á því um hvað er að ræða, skilning á samhenginu. Ef þú ert að tala inn í samfélag þá er áhugavert að hugsa um inn í hvaða samfélag þú ert að tala. Ertu að tala við þröngan eða breiðan hóp?

Það er oft mjög flókið að átta sig á þessu og oft er listamaðurinn alls ekki meðvitaður um þetta. En það er samt að einhverju leyti þessi sammannlegi þáttur sem er grunnur allrar listsköpunar. List er í eðli sínu samskiptaform. Samkenndin, hið sammannlega, er í raun forsenda þess að list sé þess virði að framkvæma hana. Án hennar er listin bara eintal dagbókarinnar. Maður verður að vera trúr sinni eigin sýn. Ekki vanmeta sjálfan sig eða viðtakendur. Það sem þú upplifir sem áhugavert mun líka höfða til annarra. Kannski ekki allra, en það er ekki þitt að hafa áhyggjur af því. Góð list er alltaf marglaga og virkar á mismunandi dýptargráðum allt eftir því hver móttakandinn er og hversu djúpt er kafað.“

## Ópera allra stríða

Árið sem er að líða er búið að vera viðburðaríkt. Daníel er starfandi sem staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands en á árinu voru frumflutt eftir hann bæði ópera í Danmörku og fiðlukonsert í Hollywood Bowl í Los Angeles. Daníel segir að óperan hafi verið pöntuð frá Dönsku þjóðaróperunni en óperustjórinn sem hafi pantað verkið hafi verið írsk kona sem Daníel efast hlæjandi um að hafi nokkuð vitað um tengsl hans við Danmörku, hvað þá fótboltaferilinn. Óperan er byggð á kvikmynd Susanne Bier, Brødre, en höfundur textans er hin sænska Kerstin Perski og leikstjóri Kasper Holten.

„Ég var búinn að vera lengi að hugsa um að skrifa óperu. Var með nokkrar hugmyndir en eftir að ég horfði á myndina fannst mér þetta vera frábær efniviður. Við tók mikil vinna með Kerstin Perski að ákveða hvernig við ætluðum að segja þessa sögu á sviði sem endaði með því að vera dáldið mikið öðruvísi en í myndinni en sama kjarnasaga. Það sem er áhugavert við þessa sögu er að hún er svo erkitýpísk. Þetta er nánast eins og grísk goðsögn ➡

markhönnun ehf

netto




**SYNDAFALLIÐ**
MIKAEL TORFASON
**4.899 KR STK**




**SKUGGARNIR**
STEFÁN MÁNI
**4.899 KR STK**




**ÚTKALL - REIÐARSLAG Í EYJUM**
ÓTTAR SVEINSSON
**4.899 KR STK**




**ELSTUR Í BEKKNUM**
BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR
**2.449 KR STK**




**GATIÐ**
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
**3.219 KR STK**




**GUNNAR BIRGISSON**
ORRI PÁLL ORMARSSON
**3.429 KR STK**




**SAKRAMENTIÐ**
ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON
**3.212 KR STK**




**MISTUR**
RAGNAR JÓNASSON
**3.212 KR STK**




**RÚNA - ÖRLAGASAGA**
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON
**3.212 KR STK**




**HELGI**
ÞORVALDUR KRISTINSSON
**3.639 KR STK**

**Tilboðin gilda 18. - 19. nóvember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

➡ um hermann sem kemur heim eins og draugur inn í sitt eigið líf. Auk þess er þarna tekist á við ástir og afbrýði en líka eitthvað á borð við áfallastreituröskun hermanna. Stærsta ákvörðunin sem við tókum var að nota kór á sviðinu sem er eins og kór í grískum harmleik sem rammar inn söguna og sýnir hana í stærra samhengi. Þar með verður þetta saga allra stríða og allra hermanna.“

### Mistökin í Hörpu

Þessi danska uppfærsla verður flutt á Listahátíðinni í Reykjavík í vor og Daníel segir að það sé bæði skemmtilegt og mikilvægt að fá að koma með þetta heim. „Þetta er minn heimavöllur og það er líka gaman fyrir óperulífið hér að fá hingað nýja íslenska óperu vegna þess að það er ekkert of mikið um frumflutning á íslenskum óperum á Íslandi.“

Er það áhyggjuefni að íslenskar óperur séu helst frumfluttar úti í heimi? „Ég held að það sé kannski ekki beint áhyggjuefni og ég hef fullan skilning á því að óperunni er sniðinn þröngur stakkur í Hörpu og þarf að taka ýmsar ákvarðanir sem endurspegla það en á sama tíma verð ég að hrósa óperunni fyrir að taka þetta skref með mína óperu. Það er Íslenska óperan sem er drífandi aflið í því að setja þetta upp þannig að ég get ekki annað en verið ánægður með það.

Staðreyndin er sú að ég held að óperan eigi alltaf eftir að þurfa að berjast á meðan hún á heimili sitt í Eldborg. Meðan það er þá veit ég ekki alveg hvað hún getur gert til þess að fá meiri samfellu í starfið og geta boðið upp á enn fjölbreyttara verkefnaval. Best væri ef það væri annar salur og eins gæti verið fróðlegt að sjá fleiri tónleikauppfærslur á óperum eins og gert var með Peter Grimes á Listahátíð. En stærstu mistökin voru alltaf að vera ekki með sérstakan sal með hliðarsviði og gryfju fyrir óperutónlist, dans og jafnvel rokktónleika. En því verður ekki breytt héðan af.

Þannig að staða óperunnar er dálítið erfið. Ein hugmyndin er að óperan fari aftur í Þjóðleikhúsið sem er nú ýmsum vandkvæðum bundið, og svo er önnur að óperan og sinfónían taki höndum saman enn meira en verið hefur. Jafnvel sameinist að einhverju leyti en þá þarf það að gerast á réttan hátt því það er alltaf sú hætta að með svona samruna glatist mikilvæg þekking og það má ekki gerast. Báðar þessar stofnanir verða að viðhalda sjálfstæði sínu þó að meiri samvinna sé bæði jákvæð og augljós.“

### Pikknikk og fiðlukonsert

Daníel vinnur talsvert utan landsteinanna og hefur verið í sérstaklega farsælu sambandi við Fílharmóníusveitina í Los Angeles. „Ég fór þarna fyrst í kringum 2011 þegar þau fluttu tónlistina mína í fyrsta sinn og þá strax báðu þau mig um að skrifa meira. Það samstarf hefur gengið þannig koll af kolli. Síðan kom þessi risastóra hátíð, Reykjavík Festival, sem var haldin í apríl og ég vann að með þeim í tæp tvö ár. Það merkilega er að þessi hátíð var ekki að íslensku frumkvæði heldur að frumkvæði LA Phil sem er alveg magnað. Það segir líka mikið um stöðu íslensks tónlistar- og menningarlífs í heiminum að þetta hafi orðið að veruleika. Þetta var risastór hátíð sem stóð í tvær vikur og vakti mikla athygli í fjölmiðlum vestan hafs sem og í borginni sjálfri.

Þessi hljómsveit er talsvert ólík öðrum slíkum í Bandaríkjunum þar sem hún er mjög framsækin og hugsar mikið til eins og listasafn. Þau búa stöðugt til viðburði, frumflytja líklega mest allra hljómsveita af nýrri tónlist, eru að setja upp óperur og sviðsverk, setja tónleika í nýtt samhengi og vinna þvert á margar listgreinar. Ég held að allar hljómsveitir geti lært mikið af þessari hljómsveit og hvernig þau nálgast listina.“

En er ekki fiðlukonsertinn sem þau fluttu eftir þig í sumar einmitt dæmi um þetta? „Jú, það má segja það, en reyndar átti hann að vera á Reykjavíkurhátíðinni en frestaðist vegna óperunnar. En í staðinn var hann fluttur í Hollywood Bowl, sem hljómsveitin rekur á sumrin, og það var algjörlega mögnuð upplifun að fá að vera þar. Þetta er gríðarlega stórt svæði og utandyra og mjög sérstök stemning sem myndast þarna. Fólk mætir þarna snemma með pikknikk-körfurnar en svo þegar það er byrjað að spila þá dettur allt í dúnalogn. Það var engu líkt.

Konsertinn fór svo á heilmikið flakk með það með öðrum hljómsveitum í Evrópu og ég fylgdi því eftir svona að hluta. Það var gaman að fá samanburðinn frá Hollywood Bowl við þessa hefðbundnu tónleikasali. Planið er svo að konsertinn verði fluttur hér hjá Sinfóníunni á næsta tónleikaári og ég hlakka mikið til þess.“

### Okkar mesta stolt

Þegar kemur að spurningunni um hvernig Íslendingar séu að höndla listir og menningu í samfélagslegu tilliti segir Daníel að við séum í raun að gera margt vel. „Það sem ég hef mestar áhyggjur af eru grunnstoðirnar en ég hef ekki svo miklar áhyggjur af toppunum. Auðvitað er það eilíf barátta hjá listastofnunum fyrir fjármagni en ég hef mun meiri áhyggjur af listnámi í grunnskólunum og tónlistarskólunum. Það er eins og pólitíkusar fatti ekki alltaf samhengið þarna á milli – að þetta gerist bara og renni fram eins og kalda vatnið úr krananum. Að það verði alltaf æðislegir listamenn á Íslandi vegna þess að við erum svo frábær. En þetta er ekki þannig og þetta er ekki sjálfsprottið og það er ástæða fyrir því að tónlistarlífið er svona blómlegt og það er af því að tónlistarskólarnir hafa verið sterkir og það þarf að halda áfram að efla þá en ekki þrengja að þeim. Þarna þurfum við virkileg að sækja fram og ég vona að það gleymist ekki í hinni fyrirhuguðu stórsókn í menntamálum sem stjórnmálamennirnir eru að boða.“

Daníel segist binda vonir við nýjan menntaskóla í tónlist og þá möguleika sem í honum eru fólgnir. „En við eigum sem þjóð að vera stolt af þessum árangri í listum ekki síður en í íþróttum. Við eigum að gera þessu hátt undir höfði og átta okkur á því að þetta er eitt af okkar höfuðeinkennum úti í heimi. Okkar mesta stolt.“

### Samfélagsleg skylda

Hafa listamenn þá ekki samfélagslegar skyldur ef það er verið að fjárfesta í listum? Eftir langa umhugsun svarar Daníel loks með bæði já og nei. „Skapandi listamaður á ekki að vera krafinn um skyldur við samfélagið að öðru leyti en því að hann á að skapa og vanda sig. Hluti af því getur verið að spyrja áleitinna og krefjandi spurninga um sitt samfélag og samtíma en það er ekki hægt að setja það fram sem kröfu til listamanns þó svo að hann hafi það val.

Ég held að í þessu felist misskilningur á eðli listarinnar því samfélagslegt gagn hennar er ótvírætt óháð því hvers eðlis hún er. Listin mun alltaf skila einhverju til samfélagsins hvort sem það er hönd á festandi eða eitthvað óræðara. Sum verk tala beint inn í samtíma sinn meðan önnur tala inn í eilífðina, ef ég má gerast svo háfleygur. Þetta er ekki eitthvað sem hægt er að stjórna ofan úr ráðuneyti.

Hins vegar geta listastofnanir haft ákveðnum skyldum að gegna. Það er augljóst að Þjóðleikhúsinu og Sinfóníunni ber ákveðin skylda til þess að eiga í samtali við þjóð sína og reyna að sinna að einhverju leyti ólíkum þörfum og hópum samfélagsins. En listamaðurinn sjálfur má aldrei vera undir þeirri kvöð.“



Við upphaf æfingatímans á óperunni Brødre. Daníel, Steffen Aarfing sviðshönnuður, Kerstin Perski höfundur libretto og Kasper Holten leikstjóri.



Jakob Christian Zethner, Joel Annmo og Anne Margrethe Dahl í óperunni Brødre.

**EN STÆRSTU MISTÖKIN VORU ALLTAF AÐ VERA EKKI MEÐ SÉRSTAKAN SAL MEÐ HLIÐARSVIÐI OG GRYFJU FYRIR ÓPERUTÓNLIST, DANS OG JAFNVEL ROKKTÓNLEIKA.**




Hið fræga kynningarskilti á Hollywood Bowl auglýsir fiðlukonsert Daníels í flutningi LA Phil.



Daníel og félagar hans í 5. flokki Fram árið 1991 en þessir strákar reyndust mjög sigursælir í yngri flokkum.

KOMDU
Í
KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# MISSTU EKKI AF FRAMTÍÐINNI

## Áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar á vinnumarkað háskólamenntaðra

Ráðstefna á vegum
Bandalags háskólamanna
Kaldalóni, Hörpu
23. nóvember 2017


Erna Guðmundsdóttir


Anne Marie Engtoft Larsen


Halldór Benjamín Þorbergsson


Liselotte Lyngsø


Þórunn Sveinbjarnardóttir


Þórður Snær Júlíusson

### Dagskrá

| | |
|---|---|
| 08.30 | Skráning |
| **09.00** | ***Þarf alltaf að vera bylting?***<br>Erna Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri BHM |
| **09.15** | ***The Fourth Industrial Revolution – promises and perils of a technological future***<br>Anne Marie Engtoft Larsen, World Economic Forum |
| **09.55** | ***Vélrænn vinnumarkaður 2.0***<br>Halldór Benjamín Þorbergsson,<br>framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins |
| **10.20** | **Kaffihlé** |
| **10.50** | ***Catch the future before it catches you!***<br>Liselotte Lyngsø,<br>framtíðarfræðingur frá Future Navigator |
| **11.30** | ***Hlutverk stéttarfélaga framtíðarinnar***<br>Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM |
| **11.55** | ***Samantekt og ráðstefnuslit***<br>Þórður Snær Júlíusson |

Fundarstjóri er Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans
Skráning fer fram á vef Bandalags háskólamanna www.bhm.is

Bandalag háskólamanna

Starfsþróunarsetur háskólamanna

DYNAMO REYKJAVÍK

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Alenu finnst erfitt en nauðsynlegt að stíga fram. Það muni gagnast öðrum í svipaðri stöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ég sá allt og heyrði allt

**Alena Da Silva** á að baki brotna æsku og tekur þátt í stofnun samtaka fósturbarna. Barnaverndaryfirvöld gripu seint inn í aðstæður hennar og Alena telur rétt barna til góðs og öruggs lífs of lítinn.

Alena Da Silva er rétt rúmlega tvítug og steig fram í þættinum Fósturbörn í umsjón Sindra Sindrasonar á Stöð 2 í vikunni. Þar lýsti hún uppvexti sínum og afskiptum Barnaverndar Reykjavíkur þar til að hún var sett í varanlegt fóstur til Svanhildar Sifjar Haraldsdóttur að verða þrettán ára gömul. Konu sem hún og systir hennar voru vistaðar hjá reglulega alla æskuna þegar ástandið á heimilinu var slæmt. Hún er komin til fundar við blaðamann á veitingastaðinn Gló í Faxafeni snemma morguns. Henni var alls ekki rótt áður en þátturinn fór í loftið. Það er kannski ekki skrítið, hún lýsir heimi barns sem er varnarlaust í vondum aðstæðum alkóhólisma og meðvirkni. Frásögnin gefur til kynna að í íslensku samfélagi sé réttur barna til góðs lífs minni en réttur foreldra til umgengni.

„Ég var mjög stressuð. Ég borðaði ekki í heilan dag og vissi ekki hvernig ég átti að vera. Ég var eirðarlaus og kvíðin en staðráðin. Ég var að segja frá mín vegna og til að styrkja börn og ungmenni í minni stöðu. Þau skortir fyrirmyndir og von um að lífið geti einn daginn orðið gott,“ segir Alena.

Hún hefur markvisst unnið úr áföllum barnæsku sinnar síðustu ár. Á unglingsárum sótti hún nokkur námskeið SÁÁ þar sem unnið var úr meðvirkni, það hefur styrkt hana. „Ég er lítið meðvirk með föður mínum og móður. Ég er það kannski með aðra hluti, ég er enn að vinna úr ýmsu. En mér gengur vel í þeirri vinnu,“ segir Alena.

**Mikilvægt að nota röddina**

Hún segir marga kunningja sína hafa haft samband við sig eftir þáttinn. Þeir hafi ekki áttað sig á því hversu erfitt ástandið var. „Þannig er það oftast. Meðvirknin gerir það að verkum að fólk þegir, mér finnst hins vegar mikilvægt að nota röddina. Ég hef hana og finn að hún er sterk, ég þarf að nota hana til að koma skilaboðum til krakka og ungmenna sem eru í svipaðri stöðu og ég var, vita ekki hvert þau eiga að leita. Vita ekki hvernig þeim á að líða, hvert þau geta leitað. Þegar ég var unglingur þá hefði ég þurft að hafa þessa fyrirmynd. Ég hefði þurft að hafa sterkari trú á að ég gæti átt góða og friðsamlega framtíð. Það voru oft erfiðir tímar þar sem ég vildi gefast upp. Ég brotnaði ekki alveg, ég held að systir mín sem er tveimur árum eldri en ég hafi farið verr út úr uppvexti okkar en ég.“

Alena og eldri systir hennar ólust upp hjá foreldrum sínum þar til Alena var þriggja ára gömul. „Ég á því miður sárafáar góðar minningar úr barnæsku. Pabbi var fársjúkur alkóhólisti og mamma glímir við andlega erfiðleika sem gera það að verkum að hún náði ekki tengingu við okkur. Gat ekki sýnt okkur umhyggju sem móðir. Mamma og pabbi skildu þegar ég var þriggja ára gömul. Ég á eina minningu sem er nokkuð sterk. Þá var mamma heima. Við læstum okkur inni í herbergi því við vissum að pabbi væri að koma fullur heim,“ segir Alena frá og segist halda að minningin sé svona sterk þrátt fyrir ungan aldur vegna þeirrar hræðslu sem hún fann fyrir.

„Eftir skilnaðinn urðum við eftir hjá pabba þótt hann væri fársjúkur alkóhólisti. Þótt aðstæður hafi verið skelfilegar hjá pabba þá kusum við frekar að vera hjá honum en mömmu. Okkur fannst hún ógnandi og óútreiknanleg, við vildum ekki vera hjá henni,“ segir Alena.

Móðir Alenu er frá Portúgal og Alena segist ekkert vita um bakgrunn sinn þar í landi. Hún viti að móðir sín eigi þrjú systkini sem hún vilji ekkert vita af. Hún sé frá litlum bæ í grennd við Porto. „Hún á að baki brotna barnæsku. Við systir mín höfum lítil tengsl við mömmu í dag. Hún lokaði á okkur.“

Eftir þáttinn vildu margir spyrja Alenu: Hvar var stórfjölskyldan? Nágrannar? Vinir og kunningjar? „Svarið er að við systur eigum nokkra góða að. Mér þykir vænt um föðurfjölskyldu mína alla. Ömmu, afa og systur pabba sem bauð okkur alltaf til sín á jólunum. Margt gert sem var mikils virði. En þetta er lítil fjölskylda og það er mikil meðvirkni. Fólk fer í afneitun. Það vill kannski vel, en gerir ekki réttu hlutina. Vinnur kannski með sjúkdómnum en ekki gegn honum.“

**Tekin úr leikskóla**

Þrátt fyrir ömurlegar aðstæður systranna fyrstu æviárin hófust afskipti Barnaverndar Reykjavíkur ekki af þeim fyrr en systir Alenu byrjaði í fyrsta bekk í grunnskóla. Þá var Alena fjögurra ára gömul.

„Systir mín mætti í eitt skipti í skólann og svo mætti hún ekkert aftur. Hún var svo kvíðin að hún fann til líkamlegs sársauka. Hún bara gat ekki farið í skólann. Ég var hætt í leikskólanum á þessum tíma því það voru ekki til peningar fyrir vistinni þar. Heimilið var í algjörri upplausn en þarna varð okkur til gæfu að Hilda kemur inn í líf okkar. Fósturmamma mín í dag. Systir mín fékk hana sem persónulegan ráðgjafa. Eitt af því fyrsta sem hún sagði við hana var: Mamma elskar mig ekki. Hún elskar bara Alenu. Sem var kannski ekki rétt, hún elskaði mig líklega ekki en náði samt betri tengingu við mig. Þessi orð segja margt um stöðuna. Ég sagði líka nokkur orð við hana Hildu. Til dæmis að mig langaði að byrja á leikskólanum aftur,“ segir Alena frá.

ÉG GAT LEIKIÐ MÉR TÍMUNUM SAMAN EINHVERS STAÐAR ÚTI Í HORNI. ÞAÐ VAR MITT VARNARVIÐBRAGÐ. ÉG GERI ÞAÐ ENN Í DAG OG ER AÐ VINNA MEÐ ÞETTA MEÐ SÁLFRÆÐINGI. ÉG TEK MÉR FRÍ FRÁ HEIMINUM, FJARLÆGIST HANN, FYLGIST SAMT MEÐ. ÉG SÁ ALLT. ÉG HEYRÐI ALLT.ÉG HELD AÐ VEGNA ÞESSA HAFI PABBI ORÐIÐ HISSA ÞEGAR ÉG FÉKK LOKSINS NÓG.

Svanhildur Sif Haraldsdóttir, sem jafnan er kölluð Hilda af ástvinum sínum, tók stelpurnar til sín og þær fengu að gista hjá henni þegar ástandið var slæmt á heimilinu. „Þegar hún var að skila okkur þá fann hún stundum ramma áfengislykt af pabba og fór bara með okkur heim til sín aftur. Svona gekk þetta árum saman. Við vorum hjá Hildu í lengri og styttri tíma. Ferlið var oftast þannig að þegar ástandið var verulega slæmt þá hringdum við á bakvakt eða á lögreglu til að fá aðstoð og Hilda tók við okkur. Þegar ég er níu ára og systir mín ellefu ára þá loksins erum við systir mín settar í fóstur í heilt ár til Hildu.“

**„Nýtt líf“**

Svo fór að faðir Alenu eignaðist kærustu. Þá þóttu aðstæður á heimilinu tryggari fyrir þær systur að mati Barnaverndar Reykjavíkur og þær voru sendar heim eftir tæpra ellefu mánaða vist hjá Hildu. „Það þótt nóg. Hann eignaðist kærustu sem átti hús. Hann lofaði okkur öllu fögru. Nú yrði lífið gott. Við skyldum líka fara til Portúgal. Þetta er sorglegt því að á þessum tíma var okkur farið að ganga vel. Skólinn gaf skýrslu um að við mættum vel í skóla. Við vorum hreinar og alltaf með nesti. Það liðu aðeins tveir dagar eftir að við komum heim þar til fylleríið byrjaði aftur. Þá voru þau tvö saman í því.“

**Skömmuð fyrir að svíkja**

Á þessum tíma var Alena í reglulegri umgengni hjá föður sínum, stuttum heimsóknum. „Ég vildi ekki vera í umgengni. Ég fékk skammir þegar ég hitti hann. Hann skammaði mig fyrir að svíkja hann, segja frá. Nú vissu allir! Þetta var ofsalega erfitt. Þegar Hilda náði í mig þá settist ég bara í bílinn og grét. Ég gat svo ekki farið í skólann daginn eftir, vanlíðanin var svo mikil. Ég var eyðilögð. Börn ráða ekki við svona. Meðvirknin er svo mikil. Börn vilja halda tryggð við foreldra sína, svona umgengni getur verið skaðleg. Sér í lagi þegar ekkert var gert til að setja föður mínum stólinn fyrir dyrnar. Hann fór aðeins einu sinni á Vog. Þá bara í sjö daga, sem er bara afeitrun. Hann þurfti aldrei að sýna og sanna að hann væri betri maður, að vinna í sínum sjúkdómi. Okkar réttur var miklu minni en hans.“

Þær systur höfðu báðar vonað að þær gætu átt gott líf með föður sínum. „Auðvitað vonaði ég alltaf að honum myndi batna. Að einhver myndi sýna virkilegan styrk, setja

honum afarkosti. En það var aldrei gert. Þarna misstum við báðar von um að einhver gæti hjálpað okkur. Systir mín missti hana alveg. Ég nærri því. Það fylgdist enginn með okkur. Það fylgdist enginn með honum eftir þetta. Málinu okkar var lokað held ég. Þetta var slæmur tími. Ég átti þó góðar vinkonur og það hjálpaði mér mikið. Einhverra hluta vegna á ég auðvelt með að tengjast fólki. Ég held líka að ég hafi náð að varðveita góða eiginleika í mér. Að einhverju leyti er það systur minni að þakka,“ segir Alena og það dimmir yfir henni.

**Hinir fullorðnu rétthærri**

„Systir mín reyndi að halda verndarhendi yfir mér. Stundum hélt hún fyrir eyrun á mér svo ég gæti sofnað þegar það var fyllerí. Hún var líka í vondri stöðu. Mamma hafnaði henni. Mér líka. En henni meira. Hún þurfti að vera mér eins konar móðir. Á sama tíma er hún bara barn og þurfti athygli. Ég fékk stundum þessa athygli sem hún þráði, sem yngsta barnið nýtur stundum. Ég veit að það hefur verið sárt. Barnavernd Reykjavíkur greip of seint inn í. Tíminn líður óskaplega hægt hjá barni í vondum aðstæðum,“ segir Alena sem segir að á sama tíma virðist hann renna hratt hjá í kerfinu sem tekst ekki að ráðast inn í aðstæður barna. „Það er vegna þess að þeir fullorðnu eru rétthærri. Við eigum minni rétt á góðu lífi en foreldrar okkar. Þannig er það bara, sama hverju aðrir reyna að halda fram.“

Varnarviðbragð Alenu var að draga sig í hlé. „Ég gat leikið mér tímunum saman einhvers staðar úti í horni. Það var mitt varnarviðbragð. Ég geri það enn í dag og er að vinna með þetta með sálfræðingi. Ég tek mér frí frá heiminum, fjarlægist hann, fylgist samt með. Ég sá allt. Ég heyrði allt.

Ég held að vegna þessa þá hafi pabbi orðið hissa þegar ég fékk loksins nóg,“ segir Alena.

Hún var orðin tólf ára þegar hún fékk nóg. Þremur árum eftir að hún flutti aftur heim frá öruggu skjóli Hildu. „Ég var komin með nóg. Ég vildi ekki lifa lífinu svona lengur. Ég var lítið heima hjá mér. Ég var hjá vinkonum mínum og á flakki. Systir mín líka en á þessum tíma var hún komin með kærasta. Ég var svolítið ein. Ég borðaði eiginlega ekkert. Var með alvarlegan næringarskort svo það sá á mér. Ég var marin um allan líkamann. Skólinn hafði miklar áhyggjur af mér. Félagsráðgjafi reyndi ítrekað að ná til mín. En ég þagði lengi vel. Sagði ekki orð. Ég bara trúði ekki að nokkur gæti hjálpað okkur systrum. Ekkert hafði gerst. Ekkert borið árangur. En svo bara gerðist það. Ég sagði frá. Systir mín varð reið við mig. Nú myndu allir krakkar vita að við hefðum orðið fyrir ofbeldi. Ég vildi ekki bera þessa ábyrgð lengur. Hún er foreldra minna. Ég hringdi svo í Hildu og spurði hana hvort einhver hefði haft samband við hana. Hún neitaði. Ég sagði henni að ég hefði beðið um að koma til hennar. Búa hjá henni.“

**Erfitt að segja satt**

Og það fékk hún.

„Hún bjargaði lífi mínu. Ég var oft svo illa farin af hræðslu og kvíða að ég svaf upp í hjá henni. Hélt í hana og vildi ekki sleppa. Það leyfði hún mér. En systir mín vildi ekki koma. Það var of seint og hún var komin með nóg af þessu hringli í kerfinu. Hún hefur beðið um hjálp síðan hún var lítið barn. Algjörlega búin að gefast upp á kerfinu. Hún sem er svo klár. Ég er reið yfir hennar hlutskipti en ég veit að ég er að gera rétt með því að segja frá. Segja satt þótt það sé erfitt. Það gæti fært mínum nánustu kjark.“

Alena hefur ekki verið í góðu sambandi við móður sína í nokkur ár. „Hún lokaði alveg á okkur. Við áttum gott spjall samt þegar ég var þrettán ára. Þá kom hún til Hildu og við spjölluðum. Það var gott og ég geymi það. En svo lokaði hún aftur.

Ég hef núna farið tvisvar til Portúgal og er forvitin um bakgrunn minn. Ég þarf að rækta úr því sem ég get.“

Pabbi hennar er á Spáni. „Hann veit að ég steig fram. Hann spurði mig og ég sagði honum að svona væri þetta. Ég hefði ákveðið að segja frá þessu. Mér þykir vænt um hann. Það má segja að mér þyki svo vænt um hann að ég geri þetta.“

**Hringið í lögregluna!**

Hún biðlar til fólks að hætta meðvirkni og skipta sér af aðstæðum þar sem ljóst er að börn séu í hættu,. „Pabbi tók mig með á pöbbarölt. Ef fólk sér börn í slíkum aðstæðum þá verður það að hafa samband við lögreglu eða bakvakt Barnaverndar. Ekki hika.“

Framtíðin þykir henni björt. Hún er nýflutt í litla leiguíbúð og vinnur á sambýli og aðstoðar Hildu við að passa börn. „Ég á móður í henni og fjölskylda hennar er fjölskylda mín. Ég er þakklát fyrir það sem ég hef fengið í minn hlut. En nú vil ég láta gott af mér leiða. Ég tek þátt í stofnun samtaka fósturbarna. Við þurfum að eiga okkur sterka rödd og vinna í því að bæta rétt okkar. Það er kominn tími til. Svo langar mig að mennta mig og taka stúdentspróf. Halda áfram með líf mitt. Það er margt sem ég hef farið á mis við en ég er nógu sterk til að sækja það. Ég er nógu vitur til að þiggja hjálp til þess.“


Alena með eldri systur sinni.

**EN SYSTIR MÍN VILDI EKKI KOMA. ÞAÐ VAR OF SEINT OG HÚN VAR KOMIN MEÐ NÓG.**


Byggingarréttur til sölu



# Fimmtán íbúðir í Fossvogi








**Til sölu er byggingarréttur fyrir fimmtán íbúðir á Fossvogsvegi 8.**

Gert er ráð fyrir að 11 íbúðir, sem mega vera allt að 144 m² að stærð, verði á tveimur hæðum og fylgja þeim 48 m² þaksvalir. Þá verða fjórar íbúðir á einni hæð og mega þær vera allt að 192 m². Þrjár þeirra verða með 144 m² þaksvölum og ein íbúð með 48 m² þaksvölum. Nánari upplýsingar eru í úthlutunarskilmálum.

Skila skal skriflegu kauptilboði á tilboðsblaði í lokuðu umslagi merkt „Fossvogsvegur 8“ til Þjónustuvers Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, fyrir kl. 13:00 mánudaginn 4. desember. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 13:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tilboðsblöð og nánari upplýsingar eru á vef Reykjavíkurborgar – reykjavik.is/lodir

reykjavik.is/lodir

# TENDRUM LJÓS OG KVEIKJUM GLEÐI



## JÓLATRÉ OG PAKKAJÓL

SMÁRALIND

# GEFÐU SMÁ AUKAGJÖF

MEÐ ÞVÍ AÐ LAUMA EINNI AUKAGJÖF UNDIR JÓLATRÉÐ Í SMÁRALIND GLEÐUR ÞÚ BARN SEM BÝR VIÐ BÁG KJÖR Á AÐFANGADAGSKVÖLD.

**VIÐ TÖKUM Á MÓTI GJÖFUM TIL 21. DESEMBER**
PÓSTURINN FLYTUR PAKKANN FRÍTT
EF GJÖFIN ER SEND AF LANDSBYGGÐINNI.

# GLASSÚR, GLEÐI OG KJÖRÍS

*kl. 14–16 í dag*

**LEIKHÓPURINN LOTTA -** *tendrar ljósin og skemmtir*

**PIPARKÖKUMÁLUN -** *í boði Kötlu*

**JÓLAÁLFAR -** *frá Sirkusi Íslands sýna listir sínar*

**GÓMSÆTUR ÍS -** *frá Kjörís á meðan birgðir endast*



**Dóróthea**



**Kiðlingurinn**



**Skjaldbakan**

## SKEMMTIDAGSKRÁ HEFST KL. 14 Í DAG

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT









Hlýjar tátiljur úr ull, skartgripir úr hrosshári og horni, ásamt tölum af ólíkum stærðum og gerðum bera iðni og ástundun hjónanna í Grenigerði vitni. Allt unnið úr náttúrulegum efnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gerum ekki meira en við nennum

Grenigerði er snoturt býli skammt frá Borgarnesi. Þar hafa Páll Jensson og Ríta Freyja Bach búið í 37 ár, lifað af landsins gæðum og eigin handverki úr horni, hrosshári og ull. Ævintýrið þeirra byrjaði með litlu blómi sem Ríta rétti Páli í ferð á bjartri júnínótt fyrir 54 árum.



Ríta og Páll hafa búið sér til einkar rómantískt umhverfi í Borgarfirðinum og kunna líka greinilega að meta það.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er svolítið gaman að vera hér. Svæðið passar fyrir lítið af ýmislegu," segir Páll Jensson kíminn þegar við Ernir ljósmyndari látum í ljós aðdáun á umhverfinu sem hann og kona hans, Ríta Freyja Bach, hafa skapað sér með skógi, matjurtagarði, gróðurhúsi og reykkofa rétt við heimili sitt, Grenigerði í Borgarbyggð. Þau eru úti á hlaði ásamt tíkunum tveimur, Perlu og Birtu sem er stungið inn í bíl rétt á meðan við mannfólkið röltum eftir dálitlum skógarstíg sem endar við andapoll. Þar ala þau hjón litlar endur sumarlangt, frá því þær brjótast úr eggjum í vél á vorin, þar til þær verða búsílag á haustin. „Við höfum haft þetta svona í mörg ár. Gefum öndunum allan tímann og það er bullandi tap á að ala þær því þær leggja sig alls ekki á núlli. En þær eru rosalega bragðgóðar og við tökum þessu tapi með ánægju," segir Páll brosandi. „Við áttum eina álft líka en hún var send í álftaleikskóla í Búðardal. Það er staður fyrir unga sem eru ekki orðnir fleygir."

Grasker, gulrætur, rófur, kartöflur og jarðarber eru tegundir sem Ríta og Páll rækta fyrir sig, svo hafa þau átt kindur fyrir heimilið en þeim búskap lauk á þessu hausti. „Við höfum verið með sex kindur síðustu ár, en það var eins og alltaf þyrfti ein að drepast á hverju ári úr einhverju, jafnvel í höndunum á dýralæknum. Það var orðið leiðinlegt," segir Páll. „En það var gaman þegar þær komu hér heim á hlað á sumrin og vildu fá brauð. Lömbin urðu gæf líka."

Nú segjast Páll og Ríta lifa á ellilaununum og handverki. Þau séu með vörur sínar á einum tíu stöðum, flestum fyrir sunnan. Salan sé samt langmest í Borgarfirðinum, einkum í Ullarselinu á Hvanneyri.

Reykjarilmur segir allt um hlutverk lítils kofa sem við göngum fram hjá. Síðar sitjum við yfir kræsingum við stofuborðið, meðal annars heimareyktum silungi með himnesku bragði. Þau hjón segjast vera svo heppin að hafa veiðirétt í Hvítá. „Ég var vinnumaður í Ferjukoti 1957-8 og svo leigðum við Ríta eina af Ferjubakkajörðunum í 15 ár," lýsir Páll. „Þegar okkur var sagt upp sagði Þorkell bóndi: „Þið skuluð hafa silungsveiðina áfram eins lengi og þið getið og viljið. Það var mikið tilboð og við nýtum það enn þá. Nú er Keli dáinn. Ég sakna hans mikið. Við höfðum alltaf um svo margt að ræða."

## Hittust fyrst á Fimmvörðuhálsi

Bæði Páll og Ríta eru frá Jótlandi en hittust þó fyrst á Íslandi – á Fimmvörðuhálsi á hvítasunnunótt árið 1963. „Við vorum í gönguferð með Nordisk håndbollsklubb, það var félag sem allra þjóða kvikindi voru í, Þjóðverjar, Svíar, Norðmenn, Danir og fleiri sem vildu ferðast saman. Þessi klúbbur skipulagði margar ódýrar ferðir," segir Ríta. „Það voru tvær langar rútur sem fóru að Skógafossi fullar af fólki þetta kvöld. Helmingur hópsins fór í gönguna en hinir með rútunum til baka, það fór eftir því hvernig fólk var klætt," rifjar hún upp.

„Ríta kom til mín í þessari ferð og gaf mér lítið blóm sem hún fann, þau eru nú ekki stór, blómin uppi á þessu fjalli! Það var byrjunin. Svo þegar við komum upp í snjóinn, sem var voða erfitt að labba í gegnum því maður sökk upp að hnjám í hverju spori, þá sagði fararstjórinn að þeir sterkari yrðu að hjálpa hinum. Ég leit í kringum mig, þá var ein stelpa farin að gráta af þreytu, ég fór til hennar og reyndi að styðja hana. Rétt á eftir var einhver kominn hinum megin við hana, það var Ríta."

Hún segir þau Pál þó ekki hafa kynnst mikið í þessari ferð en sambandið hafi þróast. Áður en þau hafi byrjað sjálfstæðan búskap hafi þau verið vinnuhjú hjá íslenskum bændum. „Við vorum bæði vön að vinna hjá bændum í Danmörku áður – þar var miklu meiri vinnuharka. Hér urðum við strax eins og hluti af fjölskyldunni. En sumstaðar var fyllerí vandamál hér á landi. Við reyndum að safna peningum og fórum á Raufarhöfn og Seyðisfjörð í síld, rétt náðum í endann á síldarævintýrinu. Vildum vinna en ekki hangsa," segir Ríta. „Svo vorum við líka á vertíðum í Ólafsvík, þar var gott að vera."

„Þegar við vorum búin að vera saman í eitt ár fórum við til Danmerkur og giftum okkur," rifjar Páll upp. „Foreldrar okkar voru nú ekki aldeilis ánægðir með að við ætluðum til Íslands aftur. En svo kom mamma Rítu í heimsókn. Þá vorum við komin með börn. Hún sagði: „Ég vil fá ykkur til Danmerkur en ég finn að hér er frískara loft."

Nú erum við aftur stödd heima á hlaði. Þau hjón viðurkenna að umhverfi þeirra minni orðið á útlönd þar sem húsið þeirra sé umlukt skógi en segja það samt ekki hafa verið takmarkið. „Við höfum verið skógarbændur en ➡




## GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Í nóvember bjóðum við **vetrardekk, vetrarmottu í skottið, dráttarbeisli og 12 skipta vetrarþvottakort** með öllum nýjum Hyundai Tucson og Santa Fe.

Gríptu tækifærið! Komdu í reynsluakstur og tryggðu þér nýjan Hyundai sportjeppa kláran í vetrarfærðina.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

**Opið í dag frá 12–16**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai Santa Fe - dísilvél 2,2 lítrar, 200 hestöfl, eldsneytisnotkun 8,9 l/100 km*. Hyundai Tucson - dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
**Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð.** *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.



„Hér verða hlutirnir fallegir þegar Ríta er búin að pússsa þá og pólera,“ segir Páll staddur inni í vinnustofu frúarinnar sem er að þræða hornplötu á örfínan þráð sem Páll hefur fléttað úr hrosshári.


Eldmessa

Hátíðarmessa kl. 11 og afmælistónleikar kl. 17 sunnudaginn 19. nóvember.



Í tilefni af 118 ára afmæli Fríkirkjusafnaðarins sunnudaginn 19. nóvember verður hátíðarmessa kl. 11 og kaffisamsæti í safnaðarheimili á eftir.

Tónleikar verða í kirkjunni kl. 17 sem bera yfirskriftina **Eldmessa**. Verkið er samvinnuverkefni **Sönghóps Fríkirkjunnar** og **Gunnars Gunnarssonar** organista við trompetleikarann **Arne Hiorth**, söngkonuna **Maren Eikli Hiorth**, djasspíanistann **Claudio Vignali** og gítarleikarann **Daniele Principato**.

**Eldmessa** dregur nafn sitt af messu sr. Jóns Steingrímssonar þar sem hann er talinn hafa unnið kraftaverk þegar hraunrennslið stöðvaðist við Systrastapa 20. júlí 1783.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK


keyptum aldrei sprota, bara fræ frá Mógilsá og Tumastöðum og eina móðurplöntu og ræktuðum upp af henni. Vildum bara selja 1. flokks plöntur en settum þær sem voru síðri niður hérna í kringum okkur,“ útskýrir Ríta og býður í bæinn.

Perla og Birta fylgja okkur inn. „Við tókum Birtu núna í sumar af fólki sem fór á elliheimilið. Það gat ekki haft hana með sér og bað okkur að taka hana. Við gátum það alveg,“ segir Páll.

Mörgum þættu húsakynnin lítil en þar er þó heimili og vinnustofur þeirra hjóna og líka verslun. „Þetta hús var sumarbústaður, alveg nógu stór fyrir okkur og Páll einangraði hann að utan,“ segir Ríta. „Já, þegar við keyptum þennan stað um 1970 var hálfgerð kreppa,“ útskýrir Páll. „Þá vildum við ekki taka lán, keyptum bara þetta litla hús og byggðum við það. Aurinn sem við fengum fyrir litla bústofninn okkar í Ferjukoti fór í það. Þannig að við vorum alltaf skuldlaus og tímum bara ekkert að hrófla við því ástandi.“

### Hreindýrshorn velti stóru hlassi

Ríta snarast í að laga te og kaffi og skera niður brauð og álegg en Páll sýnir okkur búðina. Ullarskór, úlnliðshlífar og íleppar, skartgripir úr hornum og hrosshári og misstórar tölur úr hornum lamba, hrúta og hreindýra, eru þar í hillum og hanga á veggjum. „Þetta er vetrarvinnan,“ segir Páll. „Það tekur tíma að búa til lager. Við vinnum oft svona í klukkutíma á morgnana, einn og hálfan. Svo förum við inn að fá okkur kaffi og lesa blöðin. Við gerum ekki meira en við nennum. Erum með verkstæði í útihúsum líka. Við höfum það yfirleitt þannig að það er ég sem saga og grófpússa, svo tekur Ríta við hlutunum við sitt borð. Þar verða hlutirnir fallegir þegar hún er búin að fínpússa þá og pólera, svo gengur hún smekklega frá þeim. Inn á milli spinnur hún kanínuull, við kaupum eitt og eitt kíló af henni.“ Hann sýnir okkur fínleg hrosshársarmbönd sem hann hefur fléttað. „Þetta er nýtt,“ segir hann. „Þau seljast alveg geysilega vel þessi. Kraum tók vel á móti þeim.“

Nú kallar Ríta í kaffið og spjallið heldur áfram yfir borðum. Ríta segir vera 25 ár frá því þau hjón höfu að fást við handverkið. „Við byrjuðum með tölur. Vinkona mín að austan gaf mér eitt lítið hreindýrshorn. Það var upphafið. Svo vantaði mig meira efni. Þá dró ég landabréfið fram og hringdi í bændur sem ég vissi að bjuggu nærri hreindýraslóðum. Þeir tóku dræmt í að láta mig hafa horn en þegar ég spurði hvort þeir vildu selja okkur þau, kom annað hljóð í strokkinn. Þeir höfðu nefnilega aldrei fengið krónu fyrir hornin sem margir vildu þó eignast.“

„Ríta bauð strax borgun og nú er aðallega einn maður sem við skiptum við. En við getum ekki notað hornin af dýrum sem eru skotin því þau eru svo mjúk. Bara þau sem vaxa út og falla af sjálf. Sum þeirra taka lit af mosa og grasi þar sem þau liggja og eru ansi falleg þegar búið er að saga þau niður,“ segir Páll og lýsir því hvernig salan þróaðist. „Við bjuggum til 200 horntölur, voða fínar, bjartar og skínandi og Ríta fór með þær suður. Þær hrukku skammt og færri fengu en vildu. Næst bjuggum við til 500 og fórum suður með þær, það fór á sama veg. Þá keyptum við bandsög til að saga hornin og gátum sagað allt upp í 500 á dag, en þá er eftir eftir að pússa og bora. Við bjuggum til 2.000 og fórum með þær suður. Svo bjuggum við til 5.000, svo 10.000 og þá vorum við orðin HUNDLEIÐ á tölum.“

„Já, þá fór ég að hugsa um eitthvað annað og fór út í hálsmenin,“ segir Ríta. „Það var mjög mikil sala í þeim um tíma og eyrnalokkum í mörg ár. Svo duttu eyrnalokkarnir alveg niður og hálsmenaæðið minnkaði en nú er hvort tveggja að koma aftur.“

„Með lambahornin var það þannig að við fórum fyrst í sláturhúsið að biðja um horn en það var náttúrlega bannað að láta þau,“ lýsir Páll. „Svo talaði ég við dýralækni á Suðurlandi og sláturhússtjórinn og frystihússtjórinn komu því í kring að hornin voru fyrst sett í frost og svo gátum við fengið þau með því að sjóða þau í sérstöku húsi, það kom ekkert annað inn í það gróðurhús. Við létum þau bullsjóða í fjóra klukkutíma. Það var heldur ekki hægt að hafa það minna því annars hefðum við ekki náð slónni úr. Svo þurfa þau um það bil ár til að þorna og harðna. Svo það tekur allt sinn tíma.“

Páll og Ríta eiga tvö börn sem bæði búa í Borgarnesi. Dóttirin Guðríður Ebba er sjúkranuddari og sonurinn Kristján er með alhliða verkstæði þar sem hann vinnur úr járni, stáli og áli. „Börnin eru skammt undan og barnabörnin fjögur koma oft. Við erum lánsöm með það, þótt við styngjum af frá foreldrum okkar,“ segir Ríta.

Upphaflega kveðst Páll hafa verið hér á landi í tvö ár en farið þá út til Danmerkur og dvalið þar í fjögur ár. „Þá fór það svo að ég flutti til Íslands aftur. Ég veit það fyrir víst að það var ekki ég sem stjórnaði því, það var æðri handleiðsla. Þó við Ríta stæðum ein, því fólkið okkar var ekkert að hjálpa okkur, þá var eitthvað með okkur. Svo áttum við rosalega góða nágranna, bæði á Ferjubakka, í Ferjukoti og á Hvítárvöllum. Allt öndvegisfólk.“

Páll kveðst ekki hafa farið út til Danmerkur í 37 ár en síðustu tíu árin hafi þau hjónin farið árlega í nóvember. „Það er ég sem stend fyrir því,“ segir hann. „Þá er ég boðinn á veiðar á Vestur- og Suður-Jótlandi og vil ekki sleppa því. Þetta er mest gert til að hitta gamla félaga, okkur finnst stórkostlegt að geta hist og enn farið út að skjóta á sama svæði og þegar við vorum ungir. Við veiðum fasana, rauðref og dádýr. Ég er hittinn og hef ágæta sjón en er ekki orðinn eins fljótur og ég var.“

Þótt þau Páll og Ríta segist stundum sitja við stofuborðið tímunum saman og pakka tölum steinþegjandi sé það ekki af því að þeim komi illa saman. Þau séu samtaka í öllu og ánægð, hafi lifað af því sem landið hefur gefið þeim og handverkinu. „Ef eitthvað lítið var í umslaginu þá bara eyddum við minna. Við höfum þurft peninga en þeir hafa aldrei stjórnað okkur. Höfum unnið langa daga þegar við höfum þurft að klára eitthvað en erum aldrei stressuð,“ segir Páll.

Ríta tekur undir það. „Í skóginum okkar höfum við plantað á kvöldin þegar önnur vinna var búin,“ segir hún. „Og vitið þið,“ segir Páll. „Það er aldrei leiðinlegt að planta trjám. Þó við séum þreytt og aum þá vitum við að við förum aftur að planta daginn eftir.“

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 18. NÓVEMBER 2017



Stefán Viðarsson, yfirmatreiðslumaður Icelandair hótela, og Ólöf Eiríksdóttir á markaðssviði eru búin að gera allt klárt fyrir jólin. MYND/STEFÁN

# Upplifun í jólapakkann

Icelandair hótelin bjóða upp á úrval gjafabréfa þar sem til dæmis er hægt að velja um gistingu, kvöldverð, bröns eða inneign á einhverjum veitingastaðanna og dekur í heilsulindunum. →2



**Elísa Ólöf Guðmundsdóttir blómaskreytir hefur starfað við fagið frá því hún var unglingur. Hún segir að miklar breytingar hafi orðið í jólaskreytingum.** →4

ENZYMEDICA

Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum



**Framhald af forsíðu ➜**

Síðsumarið og haustið fer í að undirbúa jólin hjá Icelandair hótelum. Við erum með viðamikinn rekstur fyrir utan hótelin okkar, bæði veitingastaði og heilsulindir,“ segir Stefán Viðarsson yfirmatreiðslumaður Icelandair hótela, og bætir við: „Þessi rekstur fer einkar vel við hótelrekstur og gaman að geta boðið innlendum og erlendum gestum upp á fjölbreytta þjónustu.“ Hann segir aðventuna einn skemmtilegasta tímann á veitingastöðunum enda hafi hver staður sínar áherslur þegar kemur að jólaboðunum. „Vox er til dæmis með klassískt jólahlaðboð og jólaball sem hefur notið gífurlegra vinsælda undanfarin ár en þess má geta að uppselt er á ballið í ár eins og undanfarin ár. Það er þó enn hægt að bóka í hina margrómuðu jólaárstíð Vox.“

Satt á Icelandair hótel Reykjavík Natura byggir sína jólaveislu á sterkum grunni íslenskra jólahefða en þar er boðið upp á hefðbundið jólahlaðborð þar sem þekktustu djassarar landsins leika sér með jólalögin undir borðhaldi. „Eins hefur jólabröns verið að koma sterkur inn þar fyrir stærri fjölskylduboð. Satt er sérlega sveigjanlegur staður þegar kemur að því að bjóða upp á þjónustu við fyrirtæki sem vilja gera vel við starfsfólk sitt.“

Á Slippbarnum er afslöppuð jólastemning, að sögn Stefáns, svolítið eins og að vera í matarboði hjá kokkunum. „Svokallaðir deiliréttir eru bornir á borð og hver velur sér það sem hentar. Þá þarf ekkert að standa í röð og áherslan verður á að njóta saman við borðið.“ Geiri Smart býður svo upp á jólaseðla bæði þriggja og fimm rétta þar sem hráefnin eru í takt við árstíðina og fyrir þá sem vilja mælir Stefán eindregið með að prófa vínpörunina sem er í algerum sérflokki.

„Að vinna að markaðsmálum og viðskiptaþróun hjá Icelandair hótelum er ótrúlega fjölbreytt starf og þarf að huga að mörgu,“ segir Ólöf Eiríksdóttir en vörumerkin hjá þeim eru 12 talsins: Icelandair hótelin, Hilton, Canopy, heilsulindirnar Hilton Spa og Sóley Natura spa auk allra veitingastaðanna. Eins verður opnað nýtt hótel í byrjun árs 2018 undir merkjum Curio by Hilton.

„Að vera með svo fjölbreytta þjónustu og áherslur býður upp á að hver og einn ætti að geta fundið jólaboð við hæfi og einstakt úrval af upplifunum. Í hraða nútímasamfélags erum við öll að reyna að finna tíma til að njóta og þar getum við spilað stórt hlutverk. Til að mynda fylgja þessum tíma miklar vangveltur um hina fullkomnu jólagjöf. Á tímum þar sem margir virðast eiga allt sem þá vanhagar um þá er kjörið að kíkja á úrval gjafabréfa Icelandair hótela og gefa upplifanir. Í ár bjóðum við í fyrsta skipti upp á sérstök gjafabréf sem gilda á öllum veitingastöðunum okkar bæði í bröns og kvöldverð. Þú greiðir eina upphæð og handhafi gjafabréfsins getur svo valið hvers konar matarupplifun heillar mest.“

Kvöldverðargjafabréfið er sérlega veglegt en þar getur handhafi valið á milli eftirfarandi:

Geiri Smart Restaurant: Þriggja rétta kvöldverður fyrir tvo.
VOX Restaurant: Lystauki og tveggja rétta kvöldverður fyrir tvo.
Slippbarinn: Klassík fyrir fjóra – fjölbreyttir réttir til að deila og njóta saman.
Satt Restaurant: Þriggja rétta kvöldverður með vínflösku hússins fyrir tvo. Það er því kjörið að velja sér jólaboð við hæfi og þegar þú ert á staðnum getur þú græjað jólagjafirnar um leið og notið aðventunnar.



Hátíðleg stemning á Satt Icelandair hótel Reykjavík Natura.



Hér má sjá deilirétti frá Slippbarnum en hægt er að kaupa gjafabréf sem gildir sem inneign á öllum hótelum, veitingastöðum og heilsulindum Icelandair hótela. Handhafi velur svo þá upplifun sem heillar mest.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Vakna endurnærð og úthvíld

Melissa Dream er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni. Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif.

Svefninn er okkur gríðarlega mikilvægur til þess að við getum tekist á við eril dagsins og staðist þá streitu sem fylgir daglega lífinu. Svefninn er að stærstum hluta eins uppbyggður og á sama formi hjá öllum sem sofa eðlilega og ótruflað. Álitið er að REM-svefn og djúpsvefn séu mikilvægustu svefnstigin en þau ættu að ná yfir u.þ.b. 45-50% af öllum nætursvefni. Fullorðinn einstaklingur þarf að meðaltali 7-8 klst. svefn og ef það gengur ekki eftir getur það haft neikvæð áhrif á almenna líðan, fjölskyldu-, félags- og atvinnulíf.

### Orsakir svefnleysis

Af hverju sofnum við ekki, erum andvaka eða vöknum upp um miðjar nætur og getum ekki sofnað aftur? „Það eru fjölmargar ástæður fyrir því að við getum ekki sofnað eða sofið þannig að við hvílumst og vöknum endurnærð. Vaktavinna, ferðalög, kvíði og áhyggjur er algeng orsök svefnleysis en ýmsir sjúkdómar geta einnig haft mikil áhrif á svefninn. Streita er mjög algeng orsök en það er allt of algengt að fólk vinni of mikið, sé með fjárhagsáhyggjur, vanti hreyfingu og/eða eigi í erfiðum samböndum, hvort sem er við maka, vini eða aðra. Mataræði og venjur geta líka átt stóran þátt í svefnleysi,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsuráðgjafi hjá Artasan.

### Einbeitingarskortur og offita

Langvarandi röskun á svefni og svefnmynstri getur haft mjög alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. Einkenni svefnleysis eru m.a. þreyta yfir daginn, skapsveiflur og jafnvel þunglyndi og kvíði. Einbeiting versnar, slysahætta eykst og ýmis andleg og líkamleg vandamál, eins og t.d. offita, verða algengari. Sum einkenni geta líka dregið þann dilk á eftir sér að þau ýti undir frekara svefnleysi sem þýðir að við erum komin í vítahring sem þarf einhvern veginn að rjúfa.



Hrönn Hjálmarsdóttir heilsuráðgjafi.

### Vilt þú sofa betur?

Það er ýmislegt sem hægt er að gera til að vinna bug á svefnleysi og gott að byrja á því að breyta einföldum hlutum í nærumhverfi okkar ef það á við. Við eigum ekki að borða á kvöldin og passa okkur á því að drekka ekki of mikið, bæði til að gefa meltingarfærunum pásu og að losna við klósettferðir. Ekki taka tölvur eða síma með í rúmið og lágmarka alla notkun rafmagnstækja í svefnherberginu sem á að vera vel loftað, myrkvað og hljóðlátt. Náttúruleg bætiefni reynast mörgum vel og hefur Melissa Dream alveg slegið í gegn. Þetta bætiefni fékk um daginn viðurkenningu frá National Nutrition í Kanada í flokki bestu fæðubótarefna gegn streitu.




### Amínósýra sem stuðlar að slökun

Melissa Dream inniheldur sítrónumelissu sem hefur verið notuð í aldaraðir m.a. til að bæta svefn og draga úr kvíða. Þar er einnig að finna L-theanine, amínósýru sem finnst í svörtu og grænu tei og hafa rannsóknir sýnt að hún hefur bein áhrif á heilann þar sem hún stuðlar að slökun án þess að hafa sljóvgandi áhrif. Að lokum inniheldur Melissa Dream B-vítamín sem er gott fyrir taugakerfið og nægilegt magn af magnesíum sem er vöðvaslakandi og getur dregið úr óþægindum í hand- og fótleggjum.

### HAM

Svefnleysi getur þó verið alvarlegra vandamál en svo að einföld ráð dugi. Þá er best að ráðfæra sig við lækni. Þess ber þó einnig að geta að rannsóknir hafa sýnt að bestur árangur næst með hugrænni atferlismeðferð (HAM) sem er nokkurra vikna námskeið sem fólk getur sótt.

## Mæli með Melissa Dream



Elsa M. Víðis, 37 ára gömul, sex barna móðir sem átti mjög lengi erfitt með svefn vegna veikinda hjá sér og syni hennar. Hún náði aldrei að sofa heila nótt og komst ekki út úr þeim vítahring en hún hefur þetta að segja um Melissa Dream:

„Mamma mín kynnti mig fyrir Melissa Dream sem ég hafði enga trú á í byrjun. Ég ákvað engu að síður að slá til og prófa einn pakka. Þvílíkur munur! Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla.“

> Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld.
>
> Elsa M. Víðis






Glæsileg aðventuskreyting þar sem Elísa leitar til náttúrunnar eftir efniviði. MYND/ANTON BRINK

# Aðventukransinn alltaf að breytast



Hinn hefðbundi aðventukrans er á undanhaldi en nú má leika sér með formið.

**Elísa Ólöf Guðmundsdóttir, blómaskreytir og eigandi blómabúðarinnar 4 Árstíðir, hefur starfað við fagið frá því hún var unglingur. Hún segir að miklar breytingar hafi orðið í jólaskreytingum á síðustu árum.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Aðventan byrjar seint í ár eða 3. desember. Margir eru engu að síður farnir að huga að aðventuskreytingum, jafnvel byrjaðir að setja upp jólaskrautið. Elísa segir að margvíslegar breytingar hafi orðið í skreytingum á undanförnum árum, til dæmis sé hinn hefðbundni kringlótti aðventukrans á undanhaldi. Fósturfaðir Elísu rak Alaska blómabúðirnar og hún var aðeins tólf ára þegar hún hóf störf þar fyrir jólin og á sumrin. Elísa var verslunarstjóri í Alaska í Breiðholti til ársins 1994 þegar hún byrjaði að vinna sjálfstætt sem blómaskreytingameistari.

### Dempaðir litir

„Ég vinn sjálf nær eingöngu með efni úr náttúrunni, vil hafa skreytingarnar ferskar og sem náttúrulegastar. Við blöndum saman mismunandi greni og tilheyrandi greinum. Svo bæti ég við hinum ýmsu plöntum úr náttúrunni. Litirnir eru muskaðir eða dempaðir, dumbrauður, -grænn, -fjólublár, eða -blár. Með þessum litum eru notaðir beige, hvítur og svo auðvitað gull og silfur sem mikill áhugi er fyrir. Fjólubláí liturinn er mjög vinsæll og gerir skreytingarnar jólalegar. Kertakrúsir eru gylltar og sömuleiðis jólaskreytingar,“ útskýrir Elísa.

„Þetta hringlaga form í aðventukrönsum er á undanhaldi en í staðinn erum við að vinna með ferkantaða eða ílanga bakka. Einnig eru ég með glerhús sem skreytingar eru unnar ofan í. Í rauninni er verið að vinna í alls kyns formum með kertum,“ segir Elísa en hún hefur rekið 4 Árstíðir í Lágmúla í þrjú ár.



Elísa hefur langa reynslu í blómaskreytingum og veit hvað er vinsælast hverju sinni. MYND/ANTON BRINK

### Í blómum alla tíð

Elísa segist alltaf hafa haft áhuga á blómaskreytingum. „Þetta var mér eiginlega í blóð borið. Amma mín var mikil blómakona og fyrir alls kyns plöntur. Svo ólst ég upp með blómabúðinni Alaska. Ég held samt að maður fæðist með græna fingur því mér finnst þessi vinna alveg dásamlega skemmtilegt. Þess vegna opnaði ég blómabúð aftur. Mér finnst svo æðislegt að fólk vill aftur hafa lifandi plöntur í kringum sig á heimilum. Blómabúðir hafa líka breyst, það er heldur meiri metnaður en var um árabil. Mikið úrval af alls kyns plöntum og fallegum gjafavörum. Fólk vill gera kósí í kringum sig, þá sérstaklega yfir vetrartímann meðan það er mikið innandyra. Það er mikið úrval af fallegum kertum, sum með góðum ilmi og það er hægt að fegra heimilið á auðveldan hátt. Allar árstíðir hafa sjarma í blómabúðinni. Ég fagna því. Sjálf er ég jólabarn og byrja að skreyta smátt og smátt eftir því sem aðventan líður. Ég hlakka alltaf til jólanna, þetta er fjölskyldutími og svo margt að þakka fyrir,“ segir Elísa.




Full búð af nýjum
aldrei meira úrval...
The Ring Kertabakki kr. 5.900 / Led kerti frá kr. 1.195
The Loop speglar 32 cm Kr. 6.900 / 38 cm kr. 8.900
THE KINFOLK TABLE
Marmaraborð
60x60 cm
kr. 37.500
Churchill sófi
kr. 289.400
Half&Half Ljós
kr. 17.900
Walls spegill 50 cm
kr. 7.900
Velvet púði
kr. 7.400
Tropical púði
kr. 7.200
Skagerak
Kúruteppi
kr. 12.400
NÝ RISASENDING AF PÚÐUM
Palm motta 170x240 kr. 49.900
200x300 kr. 71.900
Franky stóll
kr. 34.900
Fan luktir
frá kr. 2.400
Flair Lounge tóll
kr. 97.500
Minimal Klukkur
kr. 8.900
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Best af öllu að mega lifa

**Söngvarinn Jón Jósep Snæbjörnsson er orkubolti sem elskar tyrkneskan piparbrjóstsykur og venjulegt fjölskyldulíf. Hann ætlar að trylla áhorfendur í kvöld á afmælisballi Í svörtum fötum.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Ég held að hrukkur séu kúl og grá hár svöl. Örugglega skalli og bumba líka, en það að fá að lifa verður alltaf það besta sem er," segir Jónsi sem varð fertugur í sumar. „Mér finnst ég afskaplega heppinn því ég á vini sem aldrei urðu fertugir. Ég er því ævinlega þakklátur, með öllum þeim kenjum sem fylgja því að ná þessum aldri, og hlakka til framhaldsins."

Jónsi ber aldurinn vel. „Ég hef alltaf verið í fínu formi en það er genetískur arfur frá foreldrum mínum, enda er pabbi flottasti sjötugi maðurinn norðan heiða. Ég hef alltaf hreyft mig mikið og þykir skemmtilegra að hlaupa upp stiga en að taka lyftuna. Ég þarf líka að hafa meira fyrir því að halda mér í þyngd en að léttast."

Á nýárinu verður Jónsi kynnir í Skólahreysti tíunda árið í röð.

„Skólahreysti er verkefni sem ég er hvað stoltastur af og mín besta stund í íþróttastarfi. Annars er ég afleitur í íþróttum og ef það þvælist bolti fyrir mér er ég glataður. Allt sem er kringlótt og ég eru sama sem núll."

### Varð að betri manni

Jónsi er staddur á Akureyrarflugvelli og bíður flugs suður. Þó ekki svartklæddur.

„Ég dulbýst bara sem maður í svörtum fötum með hljómsveitinni og breyti þar ekkert út af gömlum vana," segir hann kátur í sínum gamla heimabæ. „Ég fer heim þegar ég fer til Akureyrar og þar býr öll mín fjölskylda. Það er kærkomið að geta faðmað þau og kysst, og ég nýt þess að setjast niður með kaffibolla og fylgjast með mannlífinu í göngugötunni, enda lærði ég að þekkja alla Akureyringa í sjón þegar ég vann árum saman í grænmetinu í Hagkaup."

Jónsi er með í smíðum meistararitgerð í mannauðsstjórnun. Hann hefur unnið sem flugþjónn í áratug en er nú í leyfi til að sinna þjónustuverkefni fyrir Arion banka.

„Mig langaði að ljúka háskólanámi og fann hvernig það þroskaði mig. Ég bý vel að því að hafa farið seint í háskóla sem auðveldaði mér námið. Ég vil vera börnunum mínum góð fyrirmynd og hvet þau til mennta því sjálfur gat ég ekki farið í háskóla eftir menntaskóla þar sem ég var kominn í vinsæla hljómsveit og vann með. En háskólagráðan er holl og námið gerir menn iðulega að betri mönnum."



Jónsi rokkar á Spot í kvöld. Honum þykir tyrkneskur piparbrjóstsykur besta sælgætið og borðar hann þar til hann fær brjóstsviða. MYND/ERNIR

### Losnaði við óbeinar reykingar

Í kvöld stígur Jónsi á svið á Spot með hljómsveit sinni Í svörtum fötum. Tilefnið er fimmtán ára afmæli fyrstu breiðskífu sveitarinnar sem seldist í bílförmum og varð fyrsta af þremur sem fór í gullplötu.

„Við ætlum að gera það sem við höfum alltaf verið bestir í að gera; að spila ótrúlega kröftugt ball. Við ætlum að sýna hvers vegna við vorum valdir „bestir á balli" árum saman og hvers vegna við spiluðum á Þjóðhátíð átta ár í röð," segir Jónsi sem hefur sungið allar helgar í haust með hljómsveitinni Trúbador og einsöngvari.

„Ég var allt í einu tilbúinn til að bóka mig oftar. Mér finnst gaman að segja já við verkefnum því þau veita mér sanna ánægju. Mér finnst gaman að gleðja fólk og skora á sjálfan mig að standa mig vel og jafnvel betur en fólk telur mig geta," segir Jónsi og rödd hans hefur breyst.

„Ég er mun ánægðari með rödd mína nú en um tvítugt. Hún er hærri, dýpri og stöðugri, og ég verð minna hás en áður. Það gerbreyttist þegar hætt var að reykja á skemmtistöðum því áður hafði ég verið sprengmóður eins og eftir þrjá eróbikktíma þar sem allir reyktu ofan í mig. Með óbeinum reykingum náði ég einfaldlega ekki að syngja eins hátt og ég hefði ella getað gert."

### Elskar þennan fíling

Tímamót urðu í lífi Jónsa árið 2002 þegar Í svörtum fötum fékk plötusamning við Skífuna upp á fjórar plötur. Við tók frægð og fjögurra ára rússíbanareið.

„Frægðin hefur orðið meðfærilegri með tímanum. Ég var heppinn að þroskast með henni á heilbrigðan hátt og hafa haft ánægju af henni á stundum. Ég held að það endurspegli hvernig ég mæti fólki á hverjum degi; ég er enn sami jákvæði gaurinn," segir Jónsi sem var eltur uppi þegar hæst stóð.

„Það endurspeglaði ekki hvað ég var þekktur heldur hversu ungir og óheflaðir aðdáendurnir voru. Það var stundum áhugavert. Eitt sinn sat ég inni í stofu þegar unglingsstrákur kom hjólandi inn um svaladyrnar til að segja hæ. Ég tók honum vitaskuld vel en bað hann að skilja hjólið eftir úti," segir Jónsi og hlær að minningunni.

Andlit fortíðar birtast nú líka á böllum hljómsveitarinnar.

„Við tökum vel eftir þessum yndislegu og heilbrigðu andlitum og sem betur fer var Í svörtum fötum þeim alltaf góð fyrirmynd. Mér finnst gaman að sjá þetta unga fólk vera orðið fullorðna mektarborgara. Við bjuggumst hins vegar ekki við að mikið af ungu fólki kæmi á böllin okkar nú," segir Jónsi og telur það vera vegna skorts á sterkum ballhljómsveitum. „Það jafnast fátt á við það að sjá lifandi hljóðfæraleik á sviði. Þá gerast töfrar og ég verð alltaf nostalgískur þegar ég hugsa um það. Ég þekki þennan fíling svo vel og elska hann."

Vinskapur strákanna í Í svörtum fötum til nítján ára verði einstaklega gjöfull á slíkum stundum.

„Yngri hélt ég því fram að við værum fimm sæmilegir tónlistarmenn sem væru ógeðslega góðir saman, en það hefur breyst því strákarnir eru stórkostlega sterkir og góðir hljóðfæraleikarar. Í svörtum fötum státar af besta rytmapari landsins, því Páll og Áki eru svakalegir á trommur og bassa. Einar er jafnvígur á hljómborð og píanó og djásnið mitt, hann Hrafnkell, sem er eins og bróðir minn og alveg eins og ég, nema ótrúlegur listamaður á gítar," segir Jónsi.

> Frægðin er áhugaverð. Eitt sinn sat ég inni í stofu þegar unglingsstrákur kom hjólandi inn um svaladyrnar til að segja hæ.
>
> Jón Jósep Snæbjörnsson

Hljómsveitin tók sér pásu árið 2007 en hefur spilað reglulega síðan. „Við auglýsum okkur lítið en erum heppnir hvað síminn hringir mikið. Nú erum við farnir að spila mun oftar því alltaf þegar við stígum af sviði horfumst við í augu og segjum: Djöfull var þetta gaman!"

### Hamingjusamastur heima

Jónsi þvertekur ekki fyrir að syngja jólarokksmellinn Jólin eru að koma á Spot í kvöld, en lagið samdi hljómborðsleikarinn Einar Örn Jónsson.

„Mér væri heiður að syngja þetta geggjaða jólalag. Ég söng það á sínum tíma í hljóðveri klukkan sjö á þriðjudagsmorgni því það var eini tíminn sem hljóðverið var laust. Það var óvænt hringt og ég sagður eini maðurinn sem gæti komið á þessum tíma dags og verið hress. Ég er snöggur að vakna og blessaður af því að vera með mikla orku og kunna að fara með hana," segir orkuboltinn Jónsi sem nýtur þess að eiga fríhelgi þegar þær gefast.

„Þá finnst mér draumur að vakna með fjölskyldunni á laugardagsmorgni og fá mér hleypt egg á súrdeigsbrauði með heitum kaffibolla. Eins og á venjulegu heimili þarf að setja í þvottavél, þrífa aðeins og kannski fara með rusl í Sorpu, og svo er æðislegt að fara að versla, elda góðan mat að kvöldi og reyna að stela stund með börnunum sem orðin eru 12 og 16 ára. Fara svo sæl í rúmið og eyða sunnudeginum í að kanna hvort ekki sé búið að læra og undirbúa næstu viku. Þessir einföldu, heimilislegu hlutir þykja mér heillandi því þeir hafa aldrei verið sjálfsagðir í mínum huga. Ég er því hamingjusamastur þegar skín í rútínu með fjölskyldunni á frídegi og tek því fagnandi þegar allir eru saman."


## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 28. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

**Áhugasamir auglýsendur hafið samband við auglýsingadeild sérblaða í síma 512 5402**



HLJÓMAHÖLL

## HLJÓÐMAÐUR/VERKEFNASTJÓRI Í HLJÓMAHÖLL

Hljómahöll auglýsir lausa stöðu hljóðmanns/verkefnastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund, vera mjög sveigjanlegur varðandi vinnutíma, geta haft umsjón með hljóðvinnslu og verkefnastjórn á viðburðum og helst búa yfir tæknimenntun af einhverju tagi.

**HELSTU VERKEFNI**
Um er að ræða starf sem tekur á tæknimálum sem varða allar hliðar rekstrarins s.s. tónleika- og ráðstefnuhald, fundi, dansleiki, Rokksafn Íslands og fleira.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Reynsla af hljóðstjórn og tæknimálum á viðburðum
- Góð og yfirgripsmikil þekking á tæknibúnaði
- Mikil tölvukunnátta (Apple, Windows, iOS og Android umhverfi)
- Tæknimenntun t.d. af sviði hljóðstjórnar er kostur
- Reynsla á verkefnastjórn er kostur
- Reynsla af lýsingu á viðburðum er kostur

Umsókninni um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í janúar 2018 og er um 100% starf að ræða. Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár.

Áhugasamir geta sótt um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. **Umsóknarfrestur er til 29. nóvember n.k.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tómas Young (tomas@hljomaholl.is), framkvæmdastjóri Hljómahallar.

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

## Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun og gerð kjarasamninga og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 28 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi SAP og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
- Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
- Eftirlit með rafrænni skráningu
- Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
- Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverkerfa

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Greiningarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2017.**

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, deildarstjóri Kjaradeildar í netfangi atli.atlason@reykjavik.is og Þorbjörg Atladóttir í Kjaradeild í netfangi thorbjorg.atladottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Viðskiptastjóri á sviði rafiðnaðar og mannvirkjagerðar

Við leitum að kraftmiklum og skipulögðum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á mannvirkjasviði Samtaka iðnaðarins. Sviðið starfar fyrir fjölmörg fyrirtæki en hlutverk viðskiptastjóra er að vera tengiliður einstakra fyrirtækja og hópa og vinna að framgangi hagsmunamála þeirra.

**Starfssvið**
- Tengiliður og viðskiptastjóri fyrirtækja og starfsgreinahópa SART – Samtaka rafverktaka
- Tengiliður og viðskiptastjóri fyrirtækja og starfsgreinahópa í mannvirkjagerð
- Þróun og mótun starfsumhverfis fyrirtækja og öðrum hagsmunamálum
- Samskipti við hagsmunahópa og opinbera aðila

**Menntun og hæfni**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Brennandi áhugi á málefnum rafiðnaðar og mannvirkjagerðar
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðað viðhorf
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að efla íslenskan iðnað með samkeppnishæfni að leiðarljósi, því öflugur iðnaður leiðir til aukinnar verðmætasköpunar og góðs lífs. Þrjú meginsvið samtakanna eru mannvirki, framleiðsla og hugverk. Samtök iðnaðarins leggja mesta áherslu á fjóra meginþætti: menntun, nýsköpun, innviði og starfsumhverfi, en saman mynda þeir undirstöður öflugs atvinnulífs og skipta því miklu máli fyrir iðnað á Íslandi og þar með samfélagið allt.

**Umsóknarfrestur** er til og með **3. desember** næstkomandi. Á **www.si.is** er hægt að senda inn umsókn sem fylgja þarf starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

**Nánari upplýsingar** um störfin veitir Jóhanna Klara Stefánsdóttir, sviðsstjóri mannvirkjasviðs SI, sími 824 6130, netfang johanna@si.is.

Í Samtökum iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda um allt land. Fjölbreytni einkennir starfsemi samtakanna enda eru fyrirtækin og félögin af ýmsum stærðum og gerðum.

**www.si.is**

SI Samtök iðnaðarins

VR stéttarfélag

# Náms- og starfsráðgjafi

VR óskar eftir að ráða náms- og starfsráðgjafa í 50% starf. Starfið felst í að halda utan um nemendur sem eru að hefja nýtt diplómanám í viðskiptafræði og verslunarstjórnun. Námið er skipulagt í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks, HR og Háskólann á Bifröst.

Umsóknarfrestur
**27. nóvember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6028**

Starfssvið:
- Mat á umsóknum sem berast um námið.
- Umsjón með nemendahópi.
- Ráðgjöf til nemenda, hvatning og stuðningur.
- Ábyrgð á tengslum nemenda við HR og Háskólann á Bifröst.
- Samskipti við fyrirtæki.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun í náms- og starfsráðgjöf.
- Þekking og reynsla af fullorðinsfræðslu.
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.
- Reynsla af verslunar- eða þjónustustörfum æskileg.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

VR

VR er stærsta stéttarfélag landsins með um 35.000 félagsmenn. Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Skrifstofur félagsins eru í Reykjavík, á Selfossi, í Vestmannaeyjum, á Egilsstöðum og á Akranesi.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

LÍN

# Starfsmaður í afgreiðsludeild

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðsludeild. Um er að ræða framtíðarstarf og verkefnin eru fjölbreytt. Um fullt starf er að ræða og óskað eftir að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**4. desember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6012**

Helstu viðfangsefni:
- Skráning og umsjón skuldabréfa.
- Skönnun skuldabréfa.
- Umsjón með skuldabréfageymslu.
- Sending uppgreiddra skuldabréfa.
- Sending frumrita skuldabréfa til innheimtu.
- Sending gagna til lögmannsstofa vegna innheimtu.
- Afleysingar í símsvörun og í afgreiðslu sjóðsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntun, hæfni og reynsla:
- Stúdentspróf eða annað próf sem nýtist í starfi.
- Vandvirkni.
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptafærni, samstarfsvilji og álagsþol.
- Góð íslenskukunnátta.

Lánasjóður íslenskra námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður sem hefur það að markmiði að tryggja námsmönnum í lánshæfu námi jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags. Hjá LÍN starfa um 30 starfsmenn. Gildi þeirra eru fagmennska, samstarf og framsækni.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

Ístak

# Tæknimaður í vélsmiðju

Ístak leitar að öflugum einstaklingi í starf tæknimanns í vélsmiðju. Nánari upplýsingar veita Kristján Finnur Sæmundarson (kristjanf@istak.is) hjá Ístaki og Sigurlaug Jónsdóttir (sigurlaug.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent.

Umsóknarfrestur
**27. nóvember**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6033**

Starfssvið:
- Gerð smíðateikninga.
- Umsjón með gæðaeftirliti.
- Framleiðslustjórnun.
- Verkefnastjórnun.
- Staðgengill deildarstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun í málmiðn, véliðnfræði, tækni- eða verkfræði.
- Meistararéttindi í stálsmíði er kostur.
- Reynsla af vinnu í vélsmiðju og við rafsuðu er kostur.
- Reynsla af gerð teikninga í Inventor eða Solidworks er nauðsynleg.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti.
- Góð þjónustulund, reglufylgni og skipulagsfærni.

ÍSTAK

Ístak er traust og framsækið verktakafyrirtæki með samfélagslega ábyrgð og sanngirni að leiðarljósi. Fyrirtækið hefur verið kraftmikill þátttakandi á íslenskum verktakamarkaði frá 1970 og býr við mjög góða verkefnastöðu. Starfsmenn Ístaks eru samhentur, kraftmikill og fjölbreyttur hópur fólks með reynslu, hæfileika og menntun á ýmsum sviðum.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

GG verk

# Áhugaverðar lykilstöður

GG VERK
byggingaverktaki

Vegna aukinna umsvifa og stórra verkefna óskar GG verk eftir að ráða drífandi og metnaðarfulla einstaklinga í tvær lykilstöður hjá fyrirtækinu.

## GÆÐA- OG ÖRYGGISSTJÓRI

Helstu viðfangsefni:
- Yfirumsjón með öryggis- og gæðamálum.
- Yfirumsjón með innri úttektum, mælingum og úttektum vottunaraðila.
- Yfirumsjón með þjálfun og kynningu á gæðastefnu og verkferlum.
- Yfirumsjón með frávikaskráningu og umbótaverkefnum.
- Yfirumsjón með innleiðingu á nýjum kerfum og verkferlum.

Nánari upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6026**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, iðnmenntun í mannvirkjagerð kostur.
- Reynsla af stjórnunarstörfum innan mannvirkjagerðar æskileg.
- Reynsla og þekking á rekstri gæðastjórnunarkerfa skv. ISO9001 kostur.
- Mjög góð tölvufærni nauðsynleg sem og gott vald á íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Mikil framsetningar- og greiningarhæfni á gögnum.

## VERKEFNASTJÓRI

Helstu viðfangsefni:
- Daglegur rekstur verkefnis.
- Yfirumsjón með þjálfun og stjórnun framleiðsluteymis.
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana í upphafi verks sem og framkvæmd verkþáttarýni.
- Innkaupastjórn, efnissamþykktir og skjölun gæðavottana efnis.
- Dagleg samskipti við verkkaupa og undirverktaka.
- Frávikagreining verkefna, gerð verklokaskýrslu og umsjón með afhendingu verks.

Nánari upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6027**

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, menntun á sviði verkfræði mikill kostur.
- Iðnmenntun í mannvirkjagerð mikill kostur.
- Mikil reynsla af verkefnastjórnun innan mannvirkjagerðar.
- Þekking á sviði fjármála og rekstrar.
- Mjög góð tölvufærni nauðsynleg sem og færni í notkun áætlanagerðarhugbúnaðar.
- Mikil framsetningar- og greiningarhæfni á gögnum.

GG verk var stofnað árið 2006 og eru eigendur þess þriðja kynslóð smiða í fjölskyldu sinni og búa því yfir áratuga reynslu í faginu. Fyrirtækjamenningin ber þess einkenni að vera byggt á fjölskyldugrunni en hugmyndafræði og gildi fyrirtækisins taka fyrst og fremst mið af góðum ytri og innri samskiptum þar sem samvinna, þátttaka og teymisvinna gegna veigamiklu hlutverki. GG Verk hlaut ISO9001 gæðavottun árið 2015.

Nánari upplýsingar á heimasíðu fyrirtækisins, www.ggverk.is.

Umsóknarfrestur
**3. desember**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Nordic Energy Research
Nordic Council of Ministers

*Har du erfaring med energispørsmål og interesse for nordisk samarbeid?*

## Nordisk Energiforskning søker en rådgiver innen internasjonal energi forsking og utvikling.

www.nordicenergy.org/about-us/employment/

Frist: 27.11.2017

---

## LIND FASTEIGNASALA

**Auglýsir eftir fasteignasölum til starfa.**

**Reynsla af sölu fasteigna skilyrði.**

**Áhugasamir sendi tölvupóst og ferilskrá á hannes@fastlind.is**

LIND FASTEIGNASALA Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

---

## FASTEIGNAVIÐHALD

VSB Verkfræðistofa ehf. óskar eftir verktökum sem eru reiðubúnir að taka þátt í viðhaldsframkvæmdum fyrir skjólstæðinga okkar. Verktakar eru síðan valdir að aflok-num lokuðum útboðum þar sem 3 – 5 verktakar taka þátt hverju sinni.

Verktakafyrirtækin þurfa að hafa tilskilin leyfi og skráð gæðakerfi sem viðurkennt er af Mannvirkjastofnun.

Þeir verktakar sem valdir verða hverju sinni þurfa að láta í té hefðbundin gögn með upplýsingum um skil við hið opinbera, lífeyrissjóði og þess háttar.

Þeir sem áhuga hafa eru vinsamlegast beðnir að senda tölvupóst á netfangið: bjorn@vsb.is, eða hafa samband við Björn í síma 660 8601.

VSB 30 ÁRA
VERKFRÆÐISTOFA

---

Samgöngustofa leitar að

## Hópstjóra upplýsingavinnslu



**Samgöngustofa leitar að hópstjóra í upplýsingavinnslu sem er hluti af upplýsingatæknideild stofnunarinnar.**

Hópstjóri ber ábyrgð á upplýsingamiðlun úr ökutækjaskrá og skipaskrá og stefnumótun um miðlun gagna úr skrám stofnunarinnar. Hann hefur umsjón og eftirlit með aðgangi að skrám stofnunarinnar og sér um að áreiðanlegar upplýsingar séu aðgengilegar og að farið sé að reglum við miðlun þeirra.

Í starfinu felst einnig útgáfa tölulegra upplýsinga, samningagerð og mótun starfsreglna um upplýsingamiðlun, alþjóðleg samskipti og þróun vöruhúss gagna. Samskipti við viðskiptavini, s.s. opinbera aðila, námsfólk o.fl., sem og sértæk aðstoð við upplýsingaleit úr skrám stofnunarinnar eru einnig verkefni hópstjóra. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til 4. desember**

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, þ.e. BA/BS gráða
- Kunnátta í SQL fyrirspurnarmálinu eða Business Objects er kostur
- Þekking og reynsla af úrvinnslu tölfræðilegra gagna
- Leiðtogahæfni og haldgóð stjórnunarreynsla
- Mjög góð tölvufærni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa

---

**DORMA** auglýsir eftir sölufulltrúum í fullt starf.

- Ef þú ert eldri en 20 ára,
- hefur áhuga á heilsurúmum, húsgögnum og smávöru,
- ert góður sölumaður,
- átt gott með mannleg samskipti,
- ert stundvís og heiðarlegur,
- vilt vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað.

**Sendu þá umsókn á netfangið svava@dorma.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.

DORMA er með verslanir í Holtagörðum og á Smáratorgi

DORMA
Láttu drauminn rætast
www.dorma.is

Samhjálp

## Tveir jákvæðir einstaklingar

Samhjálp leitar að starfsmönnum á nýtt stuðningsheimili í Kópavogi. Við leitum að tveimur einstaklingum sem eru jákvæðir og með færni í mannlegum samskiptum.
Störfin henta jafnt körlum sem konum.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember.**

Umsóknir sendist á samhjalp@samhjalp.is
merkt: **„Stuðningsheimili“**
Frekari upplýsingar veitir Tryggvi Magnússon í síma 561 1000 eða studningsheimili@samhjalp.is

## Tímabundið starf

**- hentar vel ef þú ert að fara í skóla eftir áramót –**

Óskum eftir að ráða mann og konu í verslun okkar í Smáralind núna í nóvember og til áramtóta.
Hentar vel, ef þú ert að fara í skóla eftir áramótin.

Viðkomandi þarf að vera áreiðanlegur, snyrtilegur og vinna vel með öðrum.

Umsóknir skulu sendar á
**aslaug@lifoglist.is**

Líf&List
SMÁRALIND



## Hugbúnaðarsérfræðingur

Rannís óskar eftir ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í verkefnastjórnun ásamt hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna- og upplýsingakerfi fyrir Rannís.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu
- Þekking og reynsla á SQL, Java, PHP, JavaScript er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs.
Sími 515 5801 eða sigurdur.bjornsson@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017**

Umsækjendur sendi rafræna umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi ásamt afriti af prófskírteini á vef Rannís https://www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/.
Þar er einnig að finna upplýsingar um starfið.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
**www.rannis.is**

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



# STRATEGIC PARTNERSHIPS MANAGER

**Marel is looking for a Strategic Partnerships Manager to join our Product Management and Strategy and Corporate Development team. The manager will support Marel's growth and key business initiatives by identifying, developing and managing some of the company's vital future partnerships. This role will offer exposure to strategic priorities across Marel's business units, in addition to contributing to the development of the Strategic Partnerships function within the organization.**

**Main tasks**

- Building relationships, monitoring activity and tracking developments across Marel's primary industries and markets
- Proactively identifying and sourcing partnership opportunities in support of strategic priorities
- Building business case analyses and presenting appropriate partnership opportunities to internal decision makers
- Developing partnership implementation plans to maximize market impact and value exchange for both parties
- Managing partnerships on an ongoing basis, including data-driven assessment of partnership performance and value

**Job requirements**

- MSc or MBA in business, economics, engineering or related fields
- Minimum 2 years of relevant post-graduate experience in business development or managing strategic partnerships
- Excellent networking and relationship building skills
- Effective communication, presentation and negotiation skills. The manager will have to represent Marel effectively to external parties
- Experience in an international work environment is a benefit

For more information, please contact Katrín Ýr Magnúsdóttir, Manager in Product Groups, Strategy and Corporate Development, katrin.magnusdottir@marel.com. Please submit your application no later than December 3, 2017. Applications are accepted through marel.com/jobs.

Marel is an international technology company with about 5,100 employees, 600 of which are located in Iceland. Marel is the leading global provider of advanced processing systems and services to the Poultry, Meat and Fish industries. We place a rich emphasis on innovation and advancement in everything we do. That is why we want to employ strong people that are driven by new challenges every day. We offer a great working environment, effective training, flexible work hours, a fantastic canteen, facilities for exercise and good employee morale.

marel

Sóltún HJÚKRUNARHEIMILI

## Hjúkrunarstjóri - Þjónustustjóri

**Staða hjúkrunarstjóra á 1. hæð Sóltúns er laus til umsóknar.**
Hjúkrunarstjóri ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu 28 íbúa á 1. hæð, mannauðs- og gæðamálum og rekstri sinnar einingar. Hann er í hjúkrunarstjórn hjúkrunarheimilisins og kemur þar með að stefnumótun starfseminnar í heild sinni. Hjúkrunarstjóri hefur einnig yfirumsjón með samskiptum vegna biðlista. Hann leiðir þróun líknarmeðferðar í Sóltúni. Hjúkrunarstjóri er staðgengill framkvæmdastjóra hjúkrunar eftir atvikum.

Leitað er eftir reyndum hjúkrunarfræðingi sem lokið hefur meistaraprófi í stjórnun og/eða klínískri hjúkrun. Umsækjandi þarf jafnframt að búa yfir rekstrarkunnáttu, hafa reynslu af rekstri, starfsmannahaldi og gæðaumbótastarfi.
**Umsóknarfrestur er til 24. nóv og veitist staðan frá 1. mars 2018.**
Nánari upplýsingar gefur Anna Guðbjörg Gunnarsdóttir í síma 5906127.
Sótt er um á **www.soltun.is**

VÉLANAUST ehf

## Varahlutaverslun - Lagerstarfsmaður óskast

**Vélanaust ehf er sérhæft fyrirtæki í varahlutum fyrir atvinnubifreiðar og tæki.**

Við auglýsum nú eftir öflugum liðsmanni sem er tilbúin til þess að taka þátt í spennandi vexti og þróun fyrirtækisins með okkur. Starfið fellst í hefðbundnum lagerstörfum auk tilfallandi verkefna. Þekking á helstu tölvuforritum ásamt enskukunnáttu eru skilyrði auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi haldgóða þekkingu á bifreiðum.



***Nánari upplýsingar í síma 555 8000***
***Umsóknir sendist á velanaust@velanaust.is***

*www.velanaust.is*



# Hugbúnaðarsérfræðingur í samþættingarlausnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við hugbúnaðarsérfræðingi í rekstrarhópinn okkar til að sjá um rekstur og þróun webMethods samþættingarkerfa hjá Advania og mörgum af stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins.

**Starfslýsing**

Í starfinu munt þú sjá um daglegan rekstur, uppfærslur, þróun og innleiðingar nýrra og breyttra eininga í webMethods samþættingarumhverfum. Þú færð einnig tækifæri til að koma að hönnun og ráðgjöf á sviðum eins og API Management, DevOps, Enterprise Architecture, IoT, BPM og BAM tækni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- B.Sc. gráða í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði, eða sambærileg gráða
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af Unix/Linux og Windows er kostur
- Reynsla af forritun og uppsetningu vélbúnaðarumhverfa er kostur
- Ekki er gerð krafa um starfsreynslu á þessu sviði enda verður boðið upp á þjálfunarnámskeið eftir þörfum hjá Advania og framleiðendum hugbúnaðar

**Kynntu þér starfið nánar á www.advania.is/atvinna.**
**Nánari upplýsingar veitir María Hólmfríður Marinósdóttir, radningar@advania.is / 440 9000.**

Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Ef þú leitar að spennandi verkefnum, góðu vinnuumhverfi og hressum vinnufélögum, þá finnur þú það hjá okkur. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Náms- og starfsráðgjafi

**Hofsstaðaskóli**
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili
- Skólaliði
- Stuðningsfulltrúi

**Bæjarskrifstofur**
- Talmeinafræðingur - hlutastarf

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

HLJÓMAHÖLL

## HLJÓÐMAÐUR/VERKEFNASTJÓRI Í HLJÓMAHÖLL

Hljómahöll auglýsir lausa stöðu hljóðmanns/verkefnastjóra. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund, vera mjög sveigjanlegur varðandi vinnutíma, geta haft umsjón með hljóðvinnslu og verkefnastjórn á viðburðum og helst búa yfir tæknimenntun af einhverju tagi.

**HELSTU VERKEFNI**
Um er að ræða starf sem tekur á tæknimálum sem varða allar hliðar rekstrarins s.s. tónleika- og ráðstefnuhald, fundi, dansleiki, Rokksafn Íslands og fleira.

**HÆFNISKRÖFUR**
- Reynsla af hljóðstjórn og tæknimálum á viðburðum
- Góð og yfirgripsmikil þekking á tæknibúnaði
- Mikil tölvukunnátta (Apple, Windows, iOS og Android umhverfi)
- Tæknimenntun t.d. af sviði hljóðstjórnar er kostur
- Reynsla á verkefnastjórn er kostur
- Reynsla af lýsingu á viðburðum er kostur

Umsókninni um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf í janúar 2018 og er um 100% starf að ræða. Lágmarksaldur umsækjenda er 20 ár.

Áhugasamir geta sótt um starfið á vef Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. **Umsóknarfrestur er til 29. nóvember n.k.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Tómas Young (tomas@hljomaholl.is), framkvæmdastjóri Hljómahallar.

MOSFELLSBÆR

Lágafellsskóli

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

## Lausar stöður til umsóknar:

**Íslenskukennsla á unglingastigi**, staðan er laus nú þegar
**Dönskukennsla á unglingastigi**, ráðning frá 1.janúar
**Umsjónarkennsla á miðstigi**, ráðning frá 1. janúar
**Staða leikskólakennara** á deild 5 ára barna. Ef ekki fæst fagmenntaður aðili verður ráðinn almennur starfsmaður í starfið. Staðan er laus nú þegar
**Stuðningsfulltrúastöður**, ráðning frá 1. janúar
**Hlutastörf frístundaleiðbeinenda**, ráðning frá 1. janúar

Allar frekari upplýsingar um störfin má finna á www.mos.is og www.lagafellsskoli.is

Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélaga.
Upplýsingar veitir Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri í síma 5259200/8968230. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið johannam@lagafellsskoli.is
**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 29. nóvember 2017.**

**Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.**

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# Borgarbyggð auglýsir starf byggingarfulltrúa laust til umsóknar




**Helstu verkefni** byggingarfulltrúa eru yfirferð og afgreiðsla byggingarleyfisumsókna vegna byggingarleyfisskyldra framkvæmda, stöðuleyfa og fyrirspurna auk útgáfu byggingarleyfa að uppfylltum skilyrðum.

Byggingarfulltrúi annast að auki eftirlit með byggingarframkvæmdum og frágangi þeirra, sem og umhverfi lóða til samræmis við samþykkt gögn, skilmála, byggingarreglugerð og lög sem því tengjast.

Hann sinnir einnig öðrum verkefnum sem falla undir verksvið byggingarfulltrúa og umhverfis- og skipulagssvið hverju sinni.

BORGARBYGGÐ

**Menntunar- og hæfniskröfur** eru háskólamenntun á sviði byggingarmála með löggildingu í mannvirkjahönnun skv. 25. gr. laga um mannvirki og reynsla á sviði byggingarmála og lagaumhverfis þess. Lögð er áhersla á frumkvæði, skipulagshæfni, fagmennsku og góða samskiptahæfileika.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til 27. nóvember n.k.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnlaugur Júlíusson sveitarstjóri í síma 433-7100. Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi skulu sendar til borgarbyggd@borgarbyggd.is



## Bluebird Nordic celebrates 18th anniversary with refreshed brand and livery

Bluebird Nordic formerly known as Bluebird Cargo has taken up new logo and livery. This is simply a change of brand and the company is still operating under it´s original registration and legal name in the Company Registry in Iceland.

Bluebird Nordic is an airline headquartered in Iceland currently operating four B737-300 and three B737-400 mostly on a wet lease (ACMI) basis for other airlines. Among our customers are FedEx, UPS and DHL as well as various other airlines worldwide.

Bluebird Nordic also operates scheduled services to and from Iceland where it provides a range of air cargo services, including temperature sensitive products, live animals and dangerous goods. We also operate charters worldwide.

Our basic values are safety, reliability and efficiency.



# Director Maintenance

Bluebird Nordic is seeking a positive competent individual to join our team as Director Maintenance. The Director Maintenance is responsible as Nominated Postholder for Part M Continuing Airworthiness and for Part 145 Maintenance management for Bluebird. The Director Maintenance must be approved by ICETRA and reports to the Accountable Manager. He or she is responsible for the operation of the Maintenance Department and the preparation and follow-through of its annual budget.

## Duties and Responsibilities

- Responsible for Continuing Airworthiness of company aircraft.
- Responsible for liaising with regulatory authorities, original equipment manufacturers and other operational relevant external entities.
- Supervise editing of in-house generated maintenance documents.
- Participates in negotiations of lease contracts as well as purchase and sale of aircraft.
- Is responsible for acceptance as well as redelivery of aircraft.

## Qualifications

- At least five years relevant work experience and expertise in application of aviation standards and safe operating practices, at least two years should be from the aeronautical industry in appropriate management position.
- Hold a valid Part 66 license or through assessment of competence be acceptable to ICETRA. Thorough knowledge of EASA Part M, Part 145 and Part 66 regulations.
- University education is a plus. Works well under pressure. Good interpersonal skills. High degree of integrity with a clean criminal record.
- Good knowledge and experience in operating computer software programs and handling computer data and information. Excellent knowledge of the English language (read and write)

**Application deadline is 30th of November**

For information, send e-mail to Human Resources Dpt at **hr@bluebird.is**
All applications will be answered and treated as confidential.

**Bluebird Nordic**
Urðarhvarfi 14 • 203 Kópavogur • Iceland
Phone: 420 0200 • www.bluebird.is

bluebird NORDIC

# STÖRF Í BOÐI

EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu.

Við leitum að:
**Vélvirkjum/vélstjórum** í viðhald og nýsmíði. **Smiði** í mótasmíði. **Lagerstarfsfólki** m. vinnuvélaréttindi og/eða meirapróf.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is fyrir 28. nóv.
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.




## Verkefnastjóri

Við leitum að metnaðarfullum og lausnamiðuðum leiðtoga í starf verkefnastjóra. Unnið er að stórum verkefnum og endurhönnun lykilferla bankans til að gera þá einfaldari, hraðari og sjálfvirkari með aðstoð stafrænnar tækni. Alla jafna er unnið í sextán vikna lotum í þverfaglegum verkefnateymum sem leiða saman krafta starfsfólks úr ólíkum deildum bankans.

### Helstu verkefni

- Leiðir og ber ábyrgð á heildarframkvæmd verkefna með skýrri áherslu á að ná fram hámarksáhrifum á sem hagkvæmastan máta
- Stýrir og forgangsraðar vinnu þverfaglegs verkefnateymis og tryggir samskipti hagsmunaaðila
- Setur skýrar kröfur og auðveldar verkefnateymum að þróa afurðina á hámarkshraða
- Ber ábyrgð á sameiginlegri sýn á verkefni og tryggir að rétt afurð sé framleidd

### Hæfniskröfur

- Brennandi áhugi á að gera Arion banka leiðandi í notkun stafrænnar tækni, viðskiptavinum okkar til hagsbóta
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, drifkraftur og skipulagshæfni
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla og/eða menntun í stjórnun eða verkefnastýringu er æskileg
- Gott vald á rituðu og mæltu máli, bæði íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veitir **Brynja B. Gröndal** mannauðsstjóri, netfang brynja.grondal@arionbanki.is, sími 444 6386.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember. Sótt er um starfið á arionbanki.is.**

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

JAFNLAUNA-VOTTUN VR
VR-15-024

Arion banki er líflegur og spennandi vinnustaður. Við vinnum með viðskiptavinum okkar að því að búa í haginn fyrir framtíðina. Við ræktum jákvæðan starfsanda og leggjum áherslu á að starfsfólk okkar þroskist og þróist í starfi með markvissri fræðslu og þjálfun. Straumlínustjórnun er hluti af daglegri menningu með stöðugum umbótum og samvinnu allra starfsmanna. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál og síðan árið 2015 höfum við árlega fengið Jafnlaunavottun VR. **Saman látum við góða hluti gerast.**

Arion banki
– fyrir framtíðina

## Laus störf hjúkrunarfræðinga



**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Hjúkrun aldraðra
- Ákveða, skipuleggja og veita hjúkrunarmeðferð
- Fylgjast með nýjungum í faginu
- Þátttaka í teymisvinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Faglegur metnaður í starfi og áhugi á hjúkrun aldraðra
- Hæfni og geta til að starfa í teymi
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Sjálfstæði og stundvísi

Um er að ræða tvö störf.
Störfin eru laus nú þegar eða eftir nánara samkomulagi.

Starfshlutfall og starfsfyrirkomulag er eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 522-5600.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. desember og skila skal umsóknum á gudny@skjol.is.**

SKJÓL
VIRÐING – VELLÍÐAN – VIRKNI

Skjól hjúkrunarheimili | Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík | Sími 522 5600.

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Aðstoðarmaður í eldhúsi á Sólhvörfum
- Deildarstjóri á Læk
- Leikskólakennari á Álfaheiði
- Leikskólakennari á Fífusölum
- Leikskólakennari á Núp
- Leikskólakennari og sérkennari á Læk
- Leikskólakennari, sérkennari og deildarstjóri á Álfatúni
- Leikskólarkennari og leikskólasérkennari á Austurkór
- Sérkennslustjóri á Rjúpnahæð

**Grunnskólar**
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kársnesskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Kópavogsskóla
- Sérkennari í Kársnesskóla
- Skólaliðar í Smáraskóla
- Skólaliðar í Snælandsskóla
- Stærðfræði og náttúrufræðikennari á unglingastigi,
- Tónmenntakennari og sérkennari á Álfhólsskóla

**Velferðarsvið**
- Félagsráðgjafi í barnavernd
- Starfsmaður á hjúkrunarsambýli
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

**Blikksmiðja á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir blikksmið eða manni vönum málmiðnaði.**

**Áhugasamir hafi samband í síma: 202164 x Svarið við lífinu + 1**

---

NAUST marine

Vaxandi fyrirtæki leitar að:

## Sérfræðingi í verslun

Starfið felst m.a. í innkaupum og sölu á sjálfvirknibúnaði auk margvíslegrar aðstoðar við tækni- og framleiðsludeildir fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Menntun í rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnfræði eða rafvirkjun.
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta.
- Sjálfstæð vinnubrögð, kraftur og útsjónarsemi við lausn verkefna.

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri í síma 414 8081. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Naust Marine fyrir 15. des.

Naust Marine, Miðhellu 4, 221 Hafnarfirði
atvinna@naust.is

---

DISTICA

www.distica.is

# INNKAUPAFULLTRÚI

DISTICA ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA METNAÐARFULLAN EINSTAKLING SEM VILL TILHEYRA ÖFLUGUM HÓPI STARFSMANNA INNKAUPADEILDAR OG SINNA MEÐ ÞEIM KREFJANDI VERKEFNUM.

### HELSTU VERKEFNI

- Umsjón með innkaupum
- Vöktun á birgðastöðu og veltuhraða
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja
- Ráðgjöf og samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

### MENNTUN OG HÆFI

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum að lágmarki 3–5 ár
- Reynsla af notkun Navision, AGR eða sambærilegum kerfum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Greiningarhæfni, nákvæmni og samviskusemi

Aðeins er tekið við umsóknum um starfið í gegnum ráðningarvef á heimasíðu Distica: www.distica.is.

Umsóknarfrestur er til og með 23. nóvember nk.

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.*

**Upplýsingar um starfið veita:**

- HJÖRDÍS ÓSK ÓSKARSDÓTTIR
  DEILDARSTJÓRI INNKAUPADEILDAR
  ☎ 665 7510
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR
  MANNAUÐSSTJÓRI
  ☎ 824 7136

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur.
Fyrirtækið er með um 70% markaðshlutdeild í lyfjadreifingu á Íslandi.
Nánar á www.distica.is.

GILDI DISTICA ERU ÁREIÐANLEIKI, HREINSKIPTNI OG FRAMSÆKNI

---

# Sérfræðistörf í boði hjá VIRK



**Við leitum að sérfræðingum, körlum jafnt sem konum, sem hafa menntun og viðamikla faglega reynslu sem sjúkraþjálfarar, sálfræðingar eða félagsráðgjafar. Sérfræðingar VIRK koma að ákvörðunum í málum einstaklinga í þjónustu VIRK og þurfa að geta haldið utan um krefjandi og flókin verkefni. Þeir þurfa að sýna frumkvæði og taka virkan þátt í þróunarvinnu.**

### MENNTUNAR- OG HÆFNIKRÖFUR

- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur, sjúkraþjálfari eða félagsráðgjafi
- Viðamikil reynsla af klínískri vinnu í sínu fagi
- Reynsla af þverfaglegri samvinnu
- Þekking á verkefnastjórnun
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sveigjanleiki og jákvætt viðmót
- Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er kostur
- Þekking á vinnumarkaði, heilbrigðis- og félagsþjónustu er kostur
- Framhaldsmenntun er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum. Um þessar mundir eru konur í afgerandi meirihluta á meðal sérfræðinga VIRK. Því eru karlar sérstaklega hvattir til að sækja um ofangreind störf.

Nánari upplýsingar um VIRK er að finna á **virk.is**
Upplýsingar veita:

**Leifur Geir Hafsteinsson**
**leifurgeir@hagvangur.is**

**Geirlaug Jóhannsdóttir**
**geirlaug@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is.**
Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember 2017.
Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# LANDSLAGSARKITEKT

## LANDSLAG LEITAR AÐ LIÐSAUKA



Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum landslagsarkitekt í okkar lið, til starfa við spennandi og fjölbreytt verkefni á skapandi og lifandi vinnustað í hjarta miðborgarinnar.

**HÆFNISKRÖFUR:**

- Meistaragráða í landslagsarkitektúr
- Reynsla af vinnu í faginu eða tengdum greinum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott skynbragð á myndræna framsetningu
- Þekking á hönnunarforritum

Landslag er leiðandi fyrirtæki á sviði landslagsarkitektúrs og skipulags og byggir á rúmlega 50 ára óslitnum rekstri. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur og reynslumikill hópur, með jafna kynja- og aldursdreifingu, að margvíslegum og krefjandi verkefnum í þverfaglegu samstarfi. Áhersla er ávallt lögð á faglegar lausnir og lipra þjónustu.

Auk skrifstofunnar í Reykjavík er fyrirtækið með starfstöð á Akureyri.

---

Umsóknir skulu berast á netfangið starf@landslag.is í síðasta lagi mánudaginn 12. desember. Umsóknum þurfa að fylgja greinagóðar upplýsingar um menntun og reynslu. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5300 eða á starf@landslag.is.

LANDSLAG Skólavörðustígur 11 · 101 Reykjavík · 535 5300 · www.landslag.is

# Þarftu að ráða starfsmann?

–

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

VélRás

**Sendibílstjóri - Bifreiða og vélaverkstæði Vélrásar**

Við hjá Vélrás auglýsum nú eftir hressum, skemmtilegum, kurteisum, fjölhæfum og þjónustulunduðum starfsmanni sem hefur gaman af því að keyra um höfuðborgarsvæðið ásamt því að sinna tilfallandi verkefnum.

Hjá Vélrás starfa um 40 starfsmenn við viðgerðir á atvinnubifreiðum og vinnuvélum og þarf því mikið að keyra um bæinn til þess að sækja og/eða senda varahluti og vörur. Íslenskukunnátta og bílpróf eru skilyrði auk þess sem kostur væri ef viðkomandi hefði meirapróf.

Frekari upplýsingar í síma 8601860
Umsóknir sendist á velras@velras.is
***www.velras.is***




VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

**Sækist þú eftir fjölbreyttu og lifandi starfi í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir mikið á samskipti við fólk?**

Velferðarráðuneytið leitar að sérfræðingi á skrifstofu rekstrar og innri þjónustu. Skrifstofan ber ábyrgð á daglegum rekstri ráðuneytisins og sér til þess að starfsmenn hafi nauðsynleg tæki og tól við vinnu sína.

Leitað er að snjöllum og kraftmiklum einstaklingi sem er glöggur á tölur og tækni, jákvæður og lipur í samskiptum og tilbúinn að læra og tileinka sér nýjungar.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með tækni- og tölvubúnaði.
- Tæknileg aðstoð við starfsmenn.
- Samskipti við Rekstrarfélag Stjórnarráðsins.
- Greining og úrvinnsla bókhaldsgagna.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð þekking á sviði upplýsingatækni.
- Þekking á áætlanagerð og kostnaðargreiningu.
- Skipulagshæfni.
- Sveigjanleiki og geta til þess að vinna sjálfstætt og í teymi.
- Frumkvæði, frjó hugsun, rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Hrönn Ottósdóttir skrifstofustjóri, hronn.ottosdottir@vel.is, og Böðvar Héðinsson, staðgengill skrifstofustjóra, bodvar.hedinsson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 4. desember nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 18. nóvember 2017.*




# Við stækkum og eflumst

Vegna ört vaxandi verkefna óska Vinnuvélar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa sem fyrst.
Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða.

## Starfsmaður á verkstæði

**Starfssvið:**
- Standsetningar, viðgerðir og þjónusta

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af vélaviðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Geta unnið sjálfstætt

**Umsóknarfrestur er til 2. desember**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið **baldur@vinnuvelar.is**

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Kistumel 2 // 116 Reykjavík
Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is

# Sérfræðingur óskast í upplýsingatæknideild

TOLLSTJÓRI

Tollstjóri leitar að rétta einstaklingnum til að taka þátt í spennandi umbótaverkefnum á sviði upplýsingatækni sem tengjast m.a. stefnu Tollstjóra 2020. Leitað er að aðila sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu af umbótaverkefnum og hagnýtingu tæknilausna. Gerð er krafa um mjög góða samskiptahæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.



**Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og BHM hafa gert. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðni Ólafsson, deildarstjóri upplýsingatæknideildar í síma 560-0300.**

**Umsóknarfrestur er til 04.12 nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.**

**Helstu verkefni:**
- Verkefni í tengslum við upplýsingaöryggi.
- Greiningarvinna s.s. þarfagreining, verkferlagreining, ásamt verkferlateikningum. Forgangsröðun verkefna/verkþátta og þátttaka í ákvarðanatöku um tæknilausnir.
- Þátttaka í stýrihópum verkefna, verkefnastjórn og vinna í verkefnishópum eftir því sem við á.
- Þjónusta við innflutnings- og útflutningsaðila og aðra þá sem koma að tollafgreiðslu.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði tölvunarfræði, verkfræði, eða sambærileg menntun. Framhaldsmenntun er æskileg.
- Þekking á upplýsingaöryggisstöðlum og stjórnun upplýsingaöryggis er æskileg.
- Þekking á verkefnastjórnun og reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna er kostur.
- Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og hafa hæfni til að aðlagast breytingum og nýjungum, auk þess að eiga auðvelt með að vinna í hópum.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti, auk kunnáttu í ensku.
- Hreint sakavottorð.

**Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni og eru þau höfð að leiðarljósi við ráðningar hjá embættinu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.**



# Óskum eftir snjöllum stelpum og strákum í söluteymið okkar

## Vegna mikils áhuga frá viðskiptavinum þurfum við að bæta við öflugu fólki í Reykjavík, á Akranesi og Ísafirði.

### Söluhönnuður

**Æskilegir eiginleikar**
- Frjó hugsun
- Útsjónarsemi
- Greiningarhæfileikar
- Vandvirkni

**Reynsla og þekking**
- Kunnátta á teikniforrit, t.d. AutoCad
- 3D hönnun í Factory Suite
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Reynsla af matvælavinnslu

**Verkefni**
- Hönnun og bestun vinnslukerfa
- Gerð kerfisteikninga
- Greining vinnsluferla og aðferða
- Þátttaka í sölumálum og gerð kerfislýsinga
- Verðútreikningar
- Afkastaútreikningar á tækjum og vinnslukerfum

### Svæðissölustjóri

**Æskilegir eiginleikar**
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og kraftur
- Þarf að geta unnið undir miklu álagi
- Skipulagshæfileikar

**Reynsla og þekking**
- Reynsla af sjómennsku eða fiskvinnslu
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Samningatækni
- Reynsla í alþjóðaviðskiptum æskileg
- Íslenska og enska nauðsyn, önnur tungumálakunnátta kostur

**Verkefni**
- Hönnun og bestun vinnslukerfa
- Gerð kerfisteikninga
- Greining vinnsluferla og aðferða
- Þátttaka í sölumálum og gerð kerfislýsinga
- Verðútreikningar
- Afkastaútreikningar á tækjum og vinnslukerfum

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um störfin.

Umsóknir sendist á: **job@skaginn3x.com**

Nánari upplýsingar veitir Jón Birgir Gunnarsson í síma 780 3050 eða jonbg@skaginn3x.com.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. desember 2017.**

SKAGINN 3X
www.skaginn3x.com

Systurfyrirtækin Skaginn hf., Þorgeir og Ellert hf. á Akranesi og 3X Technology ehf. á Ísafirði mynda saman Skaginn 3X. Fyrirtækin framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavinina að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 200 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m². Starfsemin hefur vaxið mjög síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning. **Skaginn 3X hlaut nýlega Útflutningsverðlaun forseta Íslands og Nýsköpunarverðlaun Íslands.**




# BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

**Vegna aukinna umsvifa og stækkunar á fólksbifreiðaverkstæði okkar leitum við að metnaðarfullum bifvélavirkja til að starfa við okkar heimsþekktu vörumerki Mazda, Citroën og Peugeot.**

Sæktu um spennandi starf hjá framsæknu fyrirtæki sem leggur metnað í framúrskarandi starfsanda, góða vinnu- og starfsmannaaðstöðu.
Við erum að Bíldshöfða 8 og vinnutími er frá kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.

Sæktu um á **brimborg.is**
fyrir 26. nóvember næstkomandi.

mazda CITROËN PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og aðstöðu að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu skrifstofustjóra grunnskólahluta fagskrifstofu.**

Skrifstofustjóri hefur forystu í fagmálum grunnskóla, þróun starfshátta og skólastarfs í samræmi við lög og reglugerðir, menntastefnu Reykjavíkurborgar og aðrar stefnur borgarinnar sem varða grunnskóla. Skrifstofustjóri stýrir grunnskólahluta fagskrifstofu sviðsins, er næsti yfirmaður skólastjóra grunnskóla Reykjavíkur og er í framkvæmdastjórn sviðsins.

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur 36 grunnskóla, 62 leikskóla og 5 frístundamiðstöðva.

**Helstu verkefni skrifstofustjóra:**

- Fagleg forysta í skólastarfi í grunnskólum, frumkvæði að þróun þess og innleiðingu nýrra hugmynda og úrræða.
- Skipulagning og stýring á starfsemi grunnskólahluta fagskrifstofu og faglegt samstarf við skrifstofustjóra leikskóla- og frístundamála.
- Þátttaka í stefnumótun í skóla- og frístundamálum í samvinnu við skóla- og frístundaráð ásamt framkvæmd og eftirfylgni með ákvörðunum ráðsins, borgarráðs og borgarstjórnar sem snúa að grunnskólamálum.
- Ráðgjöf og stuðningur við skólastjórnendur.
- Eftirlit með grunnskólastarfi og eftirfylgni umbóta.
- Þátttaka í starfs- og fjárhagsáætlunargerð sviðsins.
- Samstarf við skólaþjónustu þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar.
- Samstarf við opinbera aðila í skóla- og frístundamálum innan lands og utan.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Farsæl stjórnunarreynsla í grunnskóla og reynsla af því að leiða breytingar.
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði, þrautseigja og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Áhugi á framsækinni menntun.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og kunnátta í norrænu máli er kostur.

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilsskrá, leyfisbréf grunnskólakennara og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið og framtíðarsýn varðandi menntamál og mikilvægustu umbætur í grunnskólamálum í borginni.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017.**

Laun eru samkvæmt ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Nánari upplýsingar um starfið veita Helgi Grímsson, sviðsstjóri og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411-1111.
Netföng: helgi.grimsson@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

## Lager – útkeyrsla.

Við leitum að röskum og ábyggilegum starfsmanni til starfa á lager og við útkeyrslu á vörum til viðskiptavina.

Í starfinu felst m.a. móttaka og dreifing á vörum, samantekt pantana og afhending þeirra. Jafnframt umhirða og eftirlit með vörubirgðum, húsnæði og tækjum. Lyftarapróf er nauðsynlegt. Meirapróf æskilegt.

**Umsóknir sendist á póstfang ispapp@ispapp.is**

ÓLAFUR ÞORSTEINSSON ehf.

KELDUR

## Dýralæknir með áherslu á bakteríufræði

Laust er til umsóknar starf dýralæknis á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

Dýralæknir sem ráðinn verður í starfið mun starfa á sýkladeild og vinna að verkefnum Keldna varðandi greiningar á dýrasjúkdómum, uppbyggingu og þróun grunn- og þjónustuverkefna, viðbragðsáætlunum vegna smitsjúkdóma og verkefnum þeim tengdum. Tilraunastöðin starfar m.a. sem innlend tilvísunarrannsóknastofa fyrir Campylobacter og sýklalyfjanæmi og tekur starfið á deildinni mið af því.

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með daglegri starfsemi sýkladeildar Tilraunastöðvarinnar, þ.m.t.
  - bakteríurannsóknir
  - rannsóknir á sýklalyfjanæmi
  - framleiðsla á bóluefni gegn sauðfjársjúkdómum af völdum baktería
- Rannsóknir og þjónusta í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr, í samstarfi við Matvælastofnun og starfandi dýralækna
- Þróun og endurbætur á greiningaraðferðum
- Ráðgjöf innan fræðasviða Tilraunastöðvarinnar
- Innlend- og alþjóðleg samvinna
- Leiðbeining nema í námsverkefnum

**Gerðar eru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættispróf í dýralækningum
- Þekking og reynsla á sviði sjúkdómsgreininga og bakteríufræða
- Æskilegt er að umsækjandi hafi unnið við rannsóknaverkefni og komið að stjórnun þeirra
- Samstarfshæfni, frumkvæði og klínísk reynsla eru ákjósanlegir kostir

Nánari upplýsingar veita Vala Friðriksdóttir deildarstjóri bakteríu- sníkjudýra- og meinafræðideildar Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum ( sími 585-5100, netfang: valaf@hi.is) og Sigurður Ingvarsson forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar (sími 585-5100, netfang: siguring@hi.is).

Umsóknir skulu sendast framkvæmdastjóra Keldna (netfang keldurstarf@hi.is) fyrir 30.11.2017.
Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilsskrá ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.

Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna.

*Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi. Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum á sviði dýrasjúkdóma. Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits á dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu. Upplýsingar um starfsemi Keldna er að finna á www.keldur.is.*

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti stjórnanda nýrrar gæða- og eftirlitsstofnunar

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti stjórnanda gæða- og eftirlitsstofnunar sem mun fyrst um sinn veita þjónustu á sviði félagsþjónustu og sinna afmörkuðu eftirliti á sviði barnaverndar, en áætlað er að þjónusta á sviði barnaverndar bætist við á síðari stigum. Embættið heyrir undir félags- og jafnréttismálaráðherra. Markmið stofnunarinnar eru að auka gæði og öryggi í félagsþjónustu og styrkja stjórnsýslu málaflokksins. Um nýja stofnun er að ræða og mun starfsemi hennar taka mið af endurskoðun laga á þeim málasviðum sem undir stofnunina heyra.

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf við uppbyggingu nýrrar stofnunar. Leitað er að áhugasömum og drífandi leiðtoga sem er tilbúinn að takast á við mótun starfseminnar og innleiðingu nýrra verkefna.

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu verður sérstök ráðuneytisstofnun sem hluti af velferðarráðuneytinu. Stofnunin er sett á fót á grundvelli 17. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Ráðherra skipar stofnuninni stjórnanda til fimm ára í senn og er stefnt að því að hann hefji störf sem fyrst á árinu 2018. Stjórnandi stýrir stofnuninni í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra og starfar samkvæmt fyrirmælum laga, reglugerða og erindisbréfs sem ráðuneytisstjóri setur honum. Stjórnandinn skal hafa menntun, þekkingu og reynslu sem nýtist á starfssviði stofnunarinnar og við stjórnun hennar og rekstur.

Stjórnandi ber ábyrgð á rekstri stofnunarinnar og að starfsemi hennar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Hann fer einnig með starfsmannamál stofnunarinnar samkvæmt erindisbréfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfileikar, framsýni og áhugi á eftirlits- og gæðamálum.
- Þrautseigja, metnaður og vilji til að ná árangri.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Þekking á eftirlits- og gæðamálum og reynsla af innleiðingu er æskileg.
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu og opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Stjórnunarreynsla er kostur.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku er skilyrði og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg.

Sérstök þriggja manna hæfnisnefnd mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til félags- og jafnréttismálaráðherra. Nefndin starfar samkvæmt reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Laun ákvarðast samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Ellý Alda Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri í síma 545 8100. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um embættið. Umsóknir ásamt kynningarbréfi, ferilskrá og upplýsingum um starfsheiti skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en 4. desember 2017. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um gæða- og eftirlitsstofnunina má finna á eftirfarandi vefslóð https://www.stjornarradid.is/raduneyti/velferdarraduneytid/.

*Velferðarráðuneytinu, 18 nóvember 2017.*



## BYGG býður þér til starfa

BÚUM BETUR

BYGG

### Hjólagrafa

Vantar **SNILLING** á 2017 árgerð af VOLVO EW160E hjólagröfu.

Upplýsingar veitir Guðjón S:617-3000
gudjon@bygg.is

### Mótasmiðir

Framtíðarstörf á Reykjanesi fyrir vana mótasmiði. Allt mælingavinna, launakjör **HÁ**
Upplýsingar veitir Páll S:693-7316
pallth@bygg.is

**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. (BYGG)** hefur á undanförnum árum byggt yfir 3.000 glæsilegar íbúðir á almennum markaði. Fyrirtækið hefur einnig byggt íbúðir fyrir Félag eldri borgara og húsnæðisnefndir í Reykjavík og Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 200 manns og er meðalstarfsaldur hár. Hjá fyrirtækinu er öflugt starfsmannafélag. Traust atvinna í boði.

**BYGG byggir á 32 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

30 1987-2017

Háskólinn á Akureyri

Forstöðumaður fjármálasviðs

## Forstöðumaður fjármálasviðs

**Laust er til umsóknar fullt starf forstöðumanns fjármálasviðs við Háskólann á Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf þann 1. febrúar 2018. Starfsstöðin er á háskólasvæðinu á Akureyri.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á meistarastigi, með áherslu á stjórnun og fjármál, eða samsvarandi sem nýtist í starfi er skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarhæfni.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð, kostnaðargreiningu og kostnaðareftirliti.
- Frumkvæði og forystuhæfni.
- Skipulögð og vönduð vinnubrögð, frjó hugsun, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Þekking á starfsemi háskóla er æskileg.
- Þekking á íslensku stjórnkerfi og opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Góð færni í íslensku og ensku er nauðsynleg og færni í einu skandinavísku tungumáli er æskileg.
- Góð tölvu- og tækniþekking. Þekking á bókhaldskerfi ríkisins er kostur.

**Umsókn skal fylgja:**
- Greinargott yfirlit yfir náms- og starfsferil.
- Staðfest afrit af viðeigandi prófskírteinum.
- Kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og lagður fram rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið.
- Tilnefna skal a.m.k. tvo meðmælendur og er æskilegt að annar þeirra sé næsti yfirmaður í núverandi eða fyrra starfi umsækjanda.

Umsóknarfrestur er til og með **18. desember 2017**




Umsóknir og fylgigögn skal senda rafrænt á skrifstofu rektors Háskólans á Akureyri á netfangið **starfsumsokn@unak.is**. Ekki er notað staðlað umsóknareyðublað.
Meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðning í starfið er í samræmi við ákvæði laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri. Ófullnægjandi umsóknir eru ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsókn getur gilt í sex mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur. Háskólinn á Akureyri áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

**Nánari upplýsingar um starfið gefa Eyjólfur Guðmundsson rektor, rektor@unak.is, og Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri, olafurh@unak.is.**

**www.unak.is/lausstorf**

Háskólinn á Akureyri styður að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

# Dreifingarmiðstöð ÁTVR óskar eftir að ráða starfsmann í vörumóttöku

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi í fullt starf.

**Helstu verkefni**
- Móttaka vöru
- Almenn lagerstörf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Stundvísi og dugnaður
- Lyftarapróf er kostur

Um framtíðarstarf er að ræða og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
**Nánari upplýsingar veitir:** Eggert Ó. Bogason, eggert@vinbudin.is, 560 7791

**Einnig leitum við að fólki í jólavinnu í Vínbúðunum og Dreifingarmiðstöðinni.**

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SFR Fyrirmyndar stofnun 2017

VÍNBÚÐIN

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Starfsmaður á skipulags- og byggingardeild

Sveitarfélagið Árborg er ört vaxandi samfélag, sem saman stendur af Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýli. Íbúar eru um 9.000. Verkefnum skipulags- og byggingardeildar hefur fjölgað ört síðustu misseri, enda mikið um byggingarframkvæmdir.
Sveitarfélagið Árborg óskar eftir að ráða starfsmann til starfa á skipulags- og byggingardeild sveitarfélagsins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið :**
- Úttektir byggingarframkvæmda.
- Yfirferð teikninga.
- Skráningar í gagnagrunna.
- Almenn störf á skipulags- og byggingardeild.

**Menntun og hæfniskröfur :**
- Menntun í iðnfræði og/eða meistararéttindi í byggingargreinum.
- Reynsla af byggingarframkvæmdum.
- Almenn tölvukunnátta.
- Skipulagsfærni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum. Um er að ræða fullt starf. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til mánudagsins 4. desember nk.**
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist á netfangið bardur@arborg.is.

Frekari upplýsingar um starfið veita Ástgeir Rúnar Sigmarsson, aðstoðarbyggingarfulltrúi og Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, í síma 480 1500 á skrifstofutíma.

***Skipulags- og byggingardeild***

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# NEED A JOB?

## AÞ-Þrif is looking for people – full time and part time jobs

AÞ-Þrif is looking for people to hire, both for full time job and part time job.
Preferably between 20–40 years of age, icelandic and/or english speaking with driving license.
Clean criminal record required.

**Please apply via www.ath-thrif.is or send email: gerda@ath-thrif.is**

**PROFESSIONALISM**
**GOOD SERVICE**
**HONESTY**

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS



# Áhugakönnun

**Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða**

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Norðfjarðarsveit í Fjarðabyggð á árinu 2018 í tengslum við verkefnið Ísland ljóstengt, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili á svæðinu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja í Norðfjarðarsveit til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

Auglýst er eftir:

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Norðfjarðarsveit á árinu 2018 á markaðslegum forsendum.

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o. fl.

C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Fjarðabyggð sem er tilbúin að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt lið B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Fjarðabyggðar á netfangið: thorsteinn.sigurjonsson@fjardabyggd.is fyrir kl. 12:00 þann 28. nóvember 2017. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á. Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið:
thorsteinn.sigurjonsson@fjardabyggd.is.

**Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Fjarðabyggð, né þá sem sýna verkefninu áhuga.**

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is




# Ernst & Young ehf. óskar eftir að ráða lögfræðing

Vegna aukinna verkefna á skatta- og lögfræðisviði leitum við að lögfræðingi sem hefur áhuga á skatta- og félagarétti. Á skatta- og lögfræðisviði starfa þrír lögfræðingar, en auk þeirra koma fleiri starfsmenn að skattskilum.

**Helstu starfs- og ábyrgðarsvið**

- úrlausn skattalegra og lögfræðilegra álitaefna
- samskipti við skattyfirvöld og fyrirtækjaskrá
- framkvæmd skattalegra og lögfræðilegra áreiðanleikakannana
- þátttaka í alþjóðlegu samstarfi EY

**Menntun og hæfni**

- próf frá lagadeild (cand.jur/meistaranám)
- góð íslensku- og enskukunnátta
- hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku
- skipulags- og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 4. desember nk.
Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið hildur.palsdottir@is.ey.com eða gegnum heimasíðu EY.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Símon Þór Jónsson í síma 595-2500

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki með um 230.000 starfsmenn í 150 löndum.

www.ey.is



# Embætti héraðsdómara laust til umsóknar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur. Miðað er við að skipað verði í embættið frá og með 24. janúar 2018 eða hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um dómaraembætti hefur lokið störfum. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016.

Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um:

- menntun og framhaldsmenntun,
- reynslu af dómstörfum,
- reynslu af lögmannsstörfum,
- reynslu af stjórnsýslustörfum,
- reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv.,
- reynslu af stjórnun,
- reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl.,
- upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni,
- upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og
- upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og
- aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á:

- afrit af prófskírteinum,
- afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði,
- afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði,
- afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og
- útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar.
- Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu eigi síðar en 11. desember nk. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið **starf@dmr.is.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 7 · 101 Reykjavík · s. 545 9000

ráðum
ráðningarstofa

# Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Smellpassar þú í hópinn?

## BM VALLÁ LEITAR AÐ ÖFLUGUM STARFSMÖNNUM Í HÚSEININGADEILD FYRIRTÆKISINS, SMELLINN

### Starfsmaður í hönnunardeild

**Starfssvið**
- Þátttaka í burðarþolshönnun einingahúsa
- Undirbúningur einingateikninga til framleiðslu og til skipulagsyfirvalda
- Verkefnastjórnun einingaverkefna með viðskiptavinum og hönnuðum þeirra
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Menntun í byggingafræði, verkfræði, tæknifræði eða öðru sambærilegu
- Reynsla af vinnu í Autocad og Revit nauðsynleg
- Önnur almenn tölvukunnátta
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

### Verkefnastjóri uppsetninga húseininga

**Starfssvið**
- Undirbúningsvinna og stjórnun uppsetningarverkefna fyrirtækisins
- Verkstjórn og eftirlit með uppsetningu eininga
- Eftirfylgni öryggisstefnu fyrirtækisins á verkstöðum
- Skráning atvika í verkefna- og gæðakerfi fyrirtækisins
- Náið samstarf við framleiðslu- og söludeild fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni innan fyrirtækisins

**Hæfniskröfur**
- Húsasmíðameistarapróf/önnur iðnaðar- eða tæknimenntun
- Reynsla af störfum í byggingariðnaði
- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Almenn tölvukunnátta

**Umsóknir sendist fyrir 25. nóvember 2017 á netfangið radning@bmvalla.is.**
Bæði störfin eru með starfsstöð í Reykjavík. Nánari upplýsingar um ofangreind störf veitir framkvæmdastjóri Smellinn húseininga hjá BM Vallá í síma 617 5460.

BM Vallá er rótgróið og leiðandi fyrirtæki í byggingariðnaði. Hjá okkur starfar öflugur hópur starfsfólks við fjölbreytta framleiðslu og þjónustu. Við bjóðum upp á fyrsta flokks starfsaðstöðu með aðgang að mötuneyti. Fyrirtækið starfar eftir 0 slysa stefnu þar sem öryggismál starfsmanna eru í forgangi og gæðakerfi okkar er rekið samkvæmt ISO 9001 staðlinum.

BM·VALLÁ Smellinn

bmvalla.is

---

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

# Fulltrúi á skrifstofu

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að áhugasömum og drífandi einstaklingi í starf fulltrúa á skrifstofu frá og með 1. janúar næstkomandi.

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

**Starfssvið:**
- Almenn skrifstofustörf
- Umsjón með orlofsvef og úthlutun úr orlofssjóði
- Umsjón með félagaskrá félagsins
- Tengsl við stjórnir vísinda- og orlofssjóðs
- Umsjón með skjalavinnslukerfi félagsins
- Umsjón með fjarfundabúnaði félagsins
- Auglýsingaöflun fyrir Tímarit hjúkrunafræðinga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða önnur haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Framúrskarandi þjónustulund og jákvæðni
- Góð almenn tölvukunnátta, t.d. í word og excel
- Skipulagshæfileikar og góð yfirsýn yfir verkefni
- Þekking á tölvukerfunum DK og Hannibal er kostur

Umsókn og ferilskrá sendist á gudbjorg@hjukrun.is.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, í síma 540-6400 eða í tölvupósti gudbjorg@hjukrun.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2017.

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Stofnun Árna Magnússonar
*í íslenskum fræðum*

# Öryggisvörður

Laust er til umsóknar starf öryggisvarðar við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum við Suðurgötu.

**Meginverkefni öryggisvarðar eru:**
- almenn öryggisgæsla á stofnuninni utan skrifstofutíma;
- umsjón með húsnæði stofnunarinnar.

**Um er að ræða fullt starf á vöktum í Árnagarði frá 1. janúar 2018.**

Leitað er eftir áreiðanlegum og stundvísum starfsmanni með hreint sakavottorð. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af öryggisgæslu eða tengdum störfum og sé vanur tölvupóstsamskiptum. Viðkomandi þarf að vera lipur í samskiptum. Stúdentspróf eða iðnmenntun er kostur.

Starfið heyrir undir stjórnsýslusvið stofnunarinnar. Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Laun eru skv. kjarasamningi SFR og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðunni www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sigurborg Stefánsdóttir, fjármálastjóri stjórnsýslusviðs, sigurborg.stefansdottir@arnastofnun.is eða í síma 525 4010.

**Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2017**

---

# Bifvélavirki óskast

Tékkland bifreiðaskoðun óskar eftir bifvélavirkja til að annast almenna bifreiðaskoðun á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:
- Faglærður bifvélavirki
- Rík þjónustulund
- Finnst gaman að vera í vinnunni

Nánari upplýsingar veitir Birgir Hákonarson í síma 665-9900

Umsókn með upplýsingum um menntun og reynslu skal skila á netfangið birgir@tekkland.is fyrir 24. nóvember 2017

**TÉKKLAND**
*Bifreiðaskoðun*

*Borgartúni / Holtagörðum / Reykjavíkurvegi / Akureyri / Sími 414 9900*

---

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

## Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
### Óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita er byggðasamlag sveitarfélaganna Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps sem hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa auk verkefna sem varða umhverfis- og tæknimál. Verkefni byggðasamlagsins í umhverfis- og tæknimálum eru margvísleg en þar á meðal er unnið að vatns-, hita-, og fráveitumálum, gatnagerð, viðhaldi og nýbyggingum húsa, sorpmálum, vinnslu úrgangs og fleira sem til fellur. Starfsaðstaða er á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

**Starfssvið :**
- Verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála á sviði umhverfis- og gatnakerfa.
- Ábyrgð á að framkvæmd verkefna sé í samræmi við lög og reglugerðir.
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka.
- Vinna við fráveitumál.
- Vinna við landupplýsingagrunn.
- Vinna við GPS landmælingar.
- Vinna við umhverfismál.
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Byggingafræðingur, -tæknifræðingur eða -verkfræðingur eða aðra sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á fráveitum og gatnagerð.
- Reynsla og þekking á umhverfismálum.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Þekking og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaðar .

Frekari upplýsingar um starfið veitir Eyþór Sigurðsson í síma 480 5500 á skrifstofutíma.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá sem og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi á hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. desember 2017 á netfangið tsv@utu.is**

---




**Velferðarsvið Kópavogsbæjar leitar að jákvæðu og duglegu starfsfólki í sinn frábæra hóp.**
**Starfið felst í að sinna sértækri heimaþjónustu við fólk með geðraskanir.**
**Um er að ræða hlutastörf á daginn, kvöldin og um helgar sem og 100% störf.**

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Starfið felst í því að veita fólki með geðröskun fjölbreyttan stuðning og hvatningu við félagslega þátttöku og heimilishald. Starfið fer fram á einkaheimilum og í daglegu umhverfi notenda. Verkefni eru breytileg eftir þörfum og óskum þeirra einstaklinga sem verið er að aðstoða hverju sinni. Unnið er eftir hugmyndafræði batamiðaðrar þjónustu og valdeflingar. Starfsfólk mun sækja námskeið til að efla þekkingu og öðlast færni í nýju starfi.

**Hæfniskröfur**
- Formleg próf af styttri námsbrautum, s.s. félagsliðanám eða a.m.k. tveggja ára nám í framhaldsskóla
- Reynsla af starfi með fólki með geðröskun er kostur
- Gott vald á íslensku
- Reglusemi og stundvísi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, framtakssemi og jákvætt viðhorf

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Kópavogs. Þeir sem ráðnir eru til starfa hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar þurfa að veita heimild til að leitað sé upplýsinga úr sakaskrá.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2017.**

Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Þorsteinsdóttir, kristinthyri@kopavogur.is

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

Vinnumálastofnun

# Þjónusturáðgjafi

VINNUMÁLA STOFNUN

**Vinnumálastofnun** leitar að þjónusturáðgjöfum til starfa á þjónustuskrifstofu VMST á höfuðborgarsvæðinu til að veita þeim sem til stofnunarinnar leita fyrstu ráðgjöf og þjónustu. Stofnunin er að efla og styrkja framlínuráðgjöf sína og munu nýir þjónusturáðgjafar taka þátt í að móta starfið. Leitað er eftir einstaklingum sem eiga auðvelt með að tileinka sér gildi Vinnumálastofnunar: **Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.**

**Helstu verkefni:**

- Fagleg og persónuleg ráðgjöf til þjónustuþega um réttindi, skyldur og þjónustuleiðir í samræmi við lög og reglur og þarfir hvers og eins.
- Að veita fyrirmyndarþjónustu til þjónustuleitenda í móttöku á þjónustuskrifstofu, í gegnum síma, netspjall og tölvupóst.
- Aðstoð við fyrstu skref í atvinnuleitinni, umsóknir, óskastörf og ferilskrá.
- Meðhöndlun og úrvinnsla umsókna.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. á sviði félagsvísinda og lögfræði.
- Metnaður fyrir því að veita fyrirmyndarþjónustu.
- Samskipta- og skipulagshæfni.
- Vilji til að læra og takast á við nýja hluti.
- Mjög góð íslenskukunnátta bæði munnleg og skrifleg.
- Mjög góð enskukunnátta bæði munnleg og skrifleg.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi Vinnumálastofnunar og viðkomandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: **www.starfatorg.is**. Starfið er með númerið 201711/1740

**Umsóknarfrestur er til og með 29. nóvember 2017.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Íris Guðmundadóttir forstöðumaður (iris.gudmundsdottir@vmst.is) og Vilmar Pétursson mannauðsstjóri (vilmar.petursson@vmst.is) í síma 515-4800 eða með fyrirspurn í tölvupósti.

Kría hönnunarstofa | www.kria.is

Fyrirmyndarþjónusta | Virðing | Áreiðanleiki

**Vinnumálastofnun** Kringlunni 1, 103 Reykjavík Sími 515 480 **www.vmst.is**

---

**Waldorfleikskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir eftir starfsfólki á leikskólann í Sóltúni 6.**

Waldorfleikskólinn er sjálfstætt rekinn leikskóli sem hefur skapandi leikskólastarf, frjálsan leik og kærleiksríka samveru að leiðarljósi.
**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. desember.**

**Waldorfleikskólinn Höfn, Marargötu 6**
auglýsir einnig lausa stöðu leikskólakennara í 100% starf **frá og með 2. janúar 2018.**

Jafnt konur sem karlar eru hvött til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar um störfin á **solstafir@waldorf.is**

---

# Starfsmaður óskast

**Prentari** eða laghentur einstaklingur óskast til starfa. Leitað er eftir ábyrgum og samviskusömum starfskrafti.

**Starfslýsing:**
Prentun á límmiðaprentvél.
Prentun á stafrænni límmiðaprentvél.
Undirbúningur verka fyrir prentun.

**Hæfniskröfur:**
Þekking á Illustrator og Indesign.

Vinnutími frá kl. 8-16. Um framtíðarstarf er að ræða.
Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2017.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Upplýsingar gefur Georg í síma 893 3147**
**Umsóknir berist til georg@prent.is**

Litlaprent — Stór verk lítið mál | MIÐAPRENT — Flestar gerðir límmiða
Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi | Sími 540 1800
litlaprent@litlaprent.is | litlaprent.is
midaprent@midaprent.is | midaprent.is

---



# Rafvirki á Akureyri

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja með aðsetur á Akureyri. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Norðurlandi.

**Helstu verkefni**

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

**Hæfniskröfur**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Ásbjörn Gíslason, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Norðurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 3. desember 2017 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK

RARIK ohf • Dvergshöfða 2 • 110 Reykjavík • Sími 528 9000 • www.rarik.is

---




# Við stækkum og eflumst

Vegna ört vaxandi verkefna óska Vinnuvélar eftir að ráða öflugan einstakling til starfa sem fyrst. Um spennandi og krefjandi framtíðarstarf er að ræða.

## Starfsmaður á verkstæði

**Starfssvið:**

- Standsetningar, viðgerðir og þjónusta

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af vélaviðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og metnaður
- Geta unnið sjálfstætt

**Umsóknarfrestur er til 2. desember**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá og mynd á netfangið **baldur@vinnuvelar.is**

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Kistumel 2 // 116 Reykjavík
Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is

Reykjavíkurborg
Borgarsögusafn Reykjavíkur

## Verkefnastjóri á Borgarsögusafni

**Borgarsögusafn Reykjavíkur auglýsir eftir verkefnisstjóra í tímabundið starf til tveggja ára.**

**Ábyrgð og verksvið:**
Verkefnastjóri sér um gerð húsa- og byggðakannana í hverfahlutum borgarinnar ásamt varðveislumati sem er hluti af vinnu við deiliskipulag og hverfisskipulag. Veitir umsagnir til skipulagsfulltrúa vegna deiliskipulags og breytinga á húsum. Veitir einstaklingum og framkvæmdaaðilum ráðgjöf um viðhald og viðgerðir á gömlum húsum í Húsverndarstofu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í arkitektúr eða skipulagsfræðum með áherslu á eldri hús.
- Þekking á byggingartækni og lagaumhverfi byggingar- og skipulagsmála.
- Reynsla á fagsviðinu er kostur.
- Metnaður, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi.
- Færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki.
- Gott vald á upplýsingatækni og -miðlun.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli.

**Um Borgarsögusafn:**
Borgarsögusafn Reykjavíkur samanstendur af Árbæjarsafni, Sjóminjasafni, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Viðey og Landnámssýningunni í Aðalstræti. Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir m.a. minjavörslu í Reykjavík í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í Reykjavík.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember. Umsækjendur sæki um á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/laus-storf. Sérstök athygli er vakin á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is

**Nánari upplýsingar veitir:**
María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna á tölvupósti maria.karen.sigurdardottir@reykjavik.is og í síma 411-6300.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Embætti héraðsdómara | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201711/1798 |
| Skjalavarsla | Utanríkisráðuneytið | Sauðárkrókur | 201711/1797 |
| Þjónustufulltrúi | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201711/1796 |
| Vefstjóri | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201711/1795 |
| Ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201711/1794 |
| Hugbúnaðarsérfræðingur | Rannís | Reykjavík | 201711/1793 |
| Mannauðsstjóri | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201711/1792 |
| Varðstjórar/lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Selfoss/Höfn | 201711/1791 |
| Fulltrúi | Tollstjóri | Reykjavík | 201711/1790 |
| Starfsmaður í afgreiðsludeild | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Reykjavík | 201711/1789 |
| Kennari/umsjónarmaður | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201711/1788 |
| Framhaldsskólakennari, myndlist | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | Reykjavík | 201711/1787 |
| Hópstjóri upplýsingavinnslu | Samgöngustofa | Reykjavík | 201711/1786 |
| Lektor, fjármál og alþjóðaviðsk. | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201711/1785 |
| Lektor/dósent/prófessor í iðjuþj. | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201711/1784 |
| Sérfræðingur | Tollstjóri | Reykjavík | 201711/1783 |
| Rannsóknamaður | Háskóli Íslands, lyfja- og eiturefnafr. | Reykjavík | 201711/1782 |
| Yfirlæknir | Landspítali, bráðateymi geðsviðs | Reykjavík | 201711/1781 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Þorlákshöfn | 201711/1780 |
| Forstöðumaður fjármálasviðs | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201711/1779 |
| Verkefnastj. þróunar og þjónustu | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201711/1778 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, Rjóður | Kópavogur | 201711/1777 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, Rjóður | Kópavogur | 201711/1776 |
| Aðstoðarmenn | Landspítali, Hjartagátt | Reykjavík | 201711/1775 |
| Sjúkraliði | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201711/1774 |
| Geislafræðingur | Landspítali, geislaeðlisfræðideild | Reykjavík | 201711/1773 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, Laugarásinn | Reykjavík | 201711/1772 |
| Námsstöður í skurðlækningum | Landspítali | Reykjavík | 201711/1771 |
| Sjúkraliði, næturvaktir | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201711/1770 |
| Ljósmóðir, gæða- og öryggismál | Landspítali, fæðingavakt | Reykjavík | 201711/1769 |
| Skjalavörður/upplýsingafræðingur | Vísindasiðanefnd | Reykjavík | 201711/1768 |
| Aðstoðarmaður sérfræðinga | Samkeppniseftirlitið | Reykjavík | 201711/1767 |

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



# Hugbúnaðarsérfræðingur

Rannís óskar eftir ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í verkefnastjórnun ásamt hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna- og upplýsingakerfi fyrir Rannís.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vönduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu
- Þekking og reynsla á SQL, Java, PHP, JavaScript er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Björnsson, sviðstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs. Sími 515 5801 eða sigurdur.bjornsson@rannis.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. desember 2017**
Umsækjendur sendi rafræna umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi ásamt afriti af prófskírteini á vef Rannís https://www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Þar er einnig að finna upplýsingar um starfið.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannauðs ásamt menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.

rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

## DORMA auglýsir eftir sölufulltrúum í fullt starf.

- Ef þú ert eldri en 20 ára,
- hefur áhuga á heilsurúmum, húsgögnum og smávöru,
- ert góður sölumaður,
- átt gott með mannleg samskipti,
- ert stundvís og heiðarlegur,
- vilt vinna á líflegum og skemmtilegum vinnustað.

**Sendu þá umsókn á netfangið svava@dorma.is**

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn.

DORMA er með verslanir í Holtagörðum og á Smáratorgi

DORMA
Láttu drauminn rætast
www.dorma.is

## RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

## RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafaþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Þolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

---

MOSFELLSBÆR 30 1987-2017

## Kynning á verkefnislýsingum:

**Breytingar á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030**
Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar verkefnislýsingu skv. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

**Breyting á landnotkun á Hólmsheiði:**
Breytingin felst í að afmarka og móta stefnu um nýtt athafnasvæði við Sólheimakot á Hólmsheiði þar sem heimilt verði að byggja upp og þróa græna, orkufreka starfsemi, eins og gagnaver. Svæðið er austan við Hafravatnsveg, skammt frá fangelsinu á Hólmsheiði og er í gildandi Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skilgreint sem óbyggt svæði og fjarsvæði vatnsverndar. Í nágrenni þess er einnig frístundabyggð og stök frístundahús samkvæmt aðalskipulagi.

Í verkefnalýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar vinsamlegast hafið samband við skipulagsfulltrúa. Verkefnalýsing liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholts 2, 270 Mosfellsbæ og á heimasíðu bæjarins á slóðinni:
mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuversins eða til undirritaðs og er æskilegt að þær berist fyrir lok nóvember 2017.

18. nóvember 2017,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

**Blikksmiðja á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir blikksmið eða manni vönum málmiðnaði.**

**Áhugasamir hafi samband í síma: 202164 x Svarið við lífinu + 1**

---

VINNUEFTIRLITIÐ

## FLUTNINGUR Á HÆTTULEGUM FARMI ADR –RÉTTINDI

**Gilda m.a. á evrópska efnahagssvæðinu**

Vinnueftirlitið mun halda eftirfarandi námskeið í Reykjavík ef næg þátttaka fæst fyrir þá er öðlast vilja réttindi til að flytja hættulegan farm á Íslandi og annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi:

| | |
|---|---|
| Flutningur á stykkjavöru (grunnnámskeið): | 27. - 29. nóvember 2017 |
| Flutningur í/á tönkum: | 30. nóv. – 1. des. 2017 |
| Flutningur á sprengifimum farmi | 2. desember 2017 |

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðinu um flutning í/á tönkum og/eða á sprengifimum farmi er að viðkomandi hafi setið námskeið um flutning á stykkjavöru (grunnnámskeið) og staðist próf í lok þess. **Skráning á slóðinni http://skraning.ver.is.**

**Nánari upplýsingar hjá skrifstofu Vinnueftirlitsins Dvergshöfða 2, Reykjavík, s. 550 4600.**

---

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Ný íbúðarbyggð við Hraunbæ-Bæjarháls

**Tillaga að deiliskipulagi og breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 11. október sl. að kynna drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, varðandi breytta landnotkun á svæði milli Bæjarháls og Hraunbæjar. Drög að breytingartillögu voru í framhaldinu send til skilgreindra hagsmunaaðila og gerð aðgengileg á ***adalskipulag.is***

Um er að ræða opið grænt svæði sem hefur verið nýtt sem æfingasvæði íþróttafélagsins Fylkis. Með samkomulagi borgarinnar og Fylkis hefur verið ákveðið að taka svæðið til annarra nota. Gerð er tillaga um að á svæðinu verði byggðar íbúðar. Samkvæmt tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir um 200 íbúðum á svæðinu og 2-5 hæða byggð.

Drög að aðalskipulagsbreytingu ásamt deiliskipulagstillögu verða til sýnis á Borgarbókasafninu í Árbæ að Hraunbæ 119, **frá þriðjudeginum 21. nóvember til mánudagins 4 desember**.

Verkefnisstjórar verða til svara um tillögurnar **miðvikudaginn 22. nóvember milli kl. 16.00-18.00**, að Hraunbæ 119. Áformað er að samþykkja tillögurnar í lögformlega auglýsingu með 6 vikna athugasemdafresti í byrjun desember og gefst hagsmunaaðilum tækifæri að senda athugasemdir yfir það tímabil.

Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Kannski þarf ekki að koma á óvart að Ítalía verði ekki með á Heimsmeistaramótinu í Rússlandi. Frá því að liðið varð heimsmeistari árið 2006 hefur það farið heim eftir riðlakeppnirnar árin 2010 og 2014 og aðeins unnið einn leik. Stórkostlegir varnarmenn eru nú komnir á eftirlaun og einstakir sóknarmenn eru ekki að raða inn mörkum. Ítalskir leikmenn eru ekki lengur í heimsklassa og lélegur þjálfari, Gian Piero Ventura, gat ekki gert kjúklingasalat úr kjúklingaskít.

Auðvitað var skrítið að velja Gian Piero Ventura sem þjálfara. Hann var áður með Tórínó og hafði gert það að góðu liði á þeim fimm árum sem hann var í borginni. En hann hafði aldrei unnið neitt. Þegar 41 árs ferill hans er skoðaður er hans helsta afrek að hafa komið Lecce upp úr Seríu C árið 1996.

Auðvitað er það broslegt að hann hafi byrjað með Andrea Belotti, Stephan El Shaarawy og Lorenzo Insigne á bekknum í leiknum við Svía þar sem Ítalir þurftu að skora. Og auðvitað er það brandari sem nafni Ventura, Ace, hefði ekki getað skrifað betur, að hann vildi að Daniele De Rossi myndi hita upp þegar skammt var eftir. Sá er djúpur miðjumaður! De Rossi horfði eðlilega furðu lostinn á starfsmanninn sem bar honum tíðindin og bað um að Insigne myndir frekar fara inn á enda sóknarmaður og það skrambi góður. De Rossi hætti eftir tapið gegn Svíum eins og hinir sem lyftu Heimsmeistarabikarnum árið 2006, Gianluigi Buffon og Andrea Barzagli. Fastlega er búist við að Giorgio Chiellini muni einnig leggja landsliðsskóna á hilluna.





**Gian Piero Ventura er óvinsælasti maður Ítalíu. Gianluigi Buffon grætur fyrir neðan.**

## Stórlið sem verða ekki með á HM

**Ítalía**
Fjórfaldir heimsmeistarar

**Holland**
Þrefaldir silfurhafar og Evrópumeistarar 1988

**Chile**
Tvöfaldir Copa America meistarar

**Kamerún**
Fimmfaldir Afríkumeistarar

**Fílabeinsströndin**
Tvöfaldir Afríkumeistarar

Ventura er það lélegur þjálfari að eldri leikmenn ítalska landsliðsins héldu neyðarfund eftir jafnteflið við Makedóníu í riðlakeppninni og aftur eftir tapið í Stokkhólmi í fyrri umspilsleiknum. Ventura hlustaði ekki og spilaði 3-5-2 sem hentaði Svíunum stórkostlega en Ítölum hræðilega. Kannski var ástæðan fyrir því að Buffon grét í upphafi leiks sú að hann vissi að þetta yrði hans síðasti leikur.

Það munu margir sakna Ítalanna og sumir spekingar hafa bent á að þetta sé eins og pitsa án osts. Þeir hafa jú unnið þetta blessaða HM fjórum sinnum og eiga tvö silfur. Þetta verður ein mest áberandi fjarvera frá upphafi HM. Englendingar misstu af tveimur, 1970 og 1994, en þeir hafa unnið HM einu sinni og eru ekki líklegir og hafa aldrei verið líklegir síðan. En Ítalir eiga ekkert að vera á HM af því bara. Þeir voru ekki nógu góðir, svo einfalt er það og Ítalir þurfa að finna sér eitthvað annað að gera í sumar en að horfa á fótbolta.

Þótt liðið nú sé það lélegasta í glæstri knattspyrnusögu Ítala er framtíðin þokkalega björt sé haldið rétt á spilunum. Hinn 18 ára Gianluigi Donnarumma mun leysa Buffon af hólmi. Daniele Rugani, Alessio Romagnoli og Mattia Caldara eru fínir varnarmenn og hafa vakið athygli. Marco Veratti verður áfram á miðjunni, Jorginho spilaði sinn fyrsta landsleik gegn Svíum og Roberto Gagliardini lofar góðu. Þá er sonur Enrico Chiesa, Federico, orðaður við PSG. Eitthvað þarf að geta til að vera orðaður við Parísarrisann.

Ótrúlegt en satt, þá sagði Ventura ekki af sér strax eftir leik enda með samning til 2020 og vildi maka krókinn eins vel og hann gat. Engar líkur eru á að hann fái annað starf, kominn á þennan aldur og er óvinsælasti maður Ítalíu þar að auki. Hann var þó rekinn á miðvikudag.

Ítalir munu missa af rúmum 100 milljónum evra vegna úrslitanna. La Repubblica hélt því fram að verg landsframleiðsla hefði aukist um eitt prósent þegar liðið varð heimsmeistari. Það eru um 16 milljarðar evra. Carlo Tavecchio, formaður ítalska knattspyrnusambandsins, er eðlilega einnig undir mikilli pressu. Í grein BBC er sagt frá því að hann hafi ætlað að fara þýsku leiðina og byggja 200 knattspyrnuvelli. Þrjátíu hafa verið opnaðir. Hann lofaði líka að fækka liðum í ítölsku deildinni og hafa 18 lið í efstu deild. Það hefur ekki gerst. Fleiri loforð sem hann gaf eru tíunduð í greininni en lítið hefur verið um efndir.

## Hvað klikkaði?

**ELVAR GEIR MAGNÚSSON**

**ritstjóri fótbolti.net**



Úrslit liðsins á síðustu stórmótum hafa í raun bent til þess að þetta gæti gerst. Síðan liðið vann mótið 2006 hefur það aðeins unnið einn leik á HM. Liðið er stórstjörnulaust að mestu og endurnýjunin innan hópsins virðist ekki hafa tekist. Þetta er áfall fyrir Ítalíu, sérstaklega nú þegar deildarkeppnin þar í landi virðist vera að styrkjast og eflast eftir nokkra lægð. Margar af skærustu stjörnunum þar koma frá Suður-Ameríku svo plássið fyrir ítalska leikmenn er kannski ekki það sama og áður. Auk þess má setja stórt spurningamerki við þjálfaravalið hjá þeim. En þegar öllu er á botninn hvolft á Ítalía helling af ungum spennandi leikmönnum og mönnum á besta aldri. Ef rétt er tekið til þá mætir Ítalía sigurstrangleg á Evrópumótið 2020.

**Líklegir eftirmenn Ventura**

- Carlo Ancelotti
- Antonio Conte
- Roberto Mancini,
- Massimiliano Allegri

Ítalska deildin er að vakna til lífsins eftir nokkur mögur ár og þar eru margir góðir leikmenn. Verst er að þeir eru ekki margir ítalskir. Juventus hefur komist í tvo úrslitaleiki á síðustu þremur árum, miðað við að enska úrvalsdeildin átti síðast lið þar árið 2012. Þá er deildin komin upp fyrir þýsku Bundesliguna í styrkleikaröðun UEFA og er nú sögð sú þriðja besta í Evrópu. Pepsi-deildin er sögð sú 34. besta.

En vandamálin eru enn víða. Aðeins Juventus spilar á sínum eigin nýja velli. Önnur stórlið, AC Milan, Inter, Roma og Napólí, leika á hrörlegum völlum sem voru síðast endurgerðir fyrir HM 1990. Eigandi Roma hefur reyndar kynnt fyrir borgaryfirvöldum plön fyrir nýjan völl en ekkert hefur gerst.

Ítalir komust í undanúrslit á EM-U21 og HM-U20. Talað er um að 2001 kynslóðin sé næsta gullkynslóð Ítala en Pietro Pellegri var sá fyrsti úr þeirri kynslóð að fá leik í Seríu A með Genóa. Hann var 15 ára. Federico Bernardeschi, efnilegasti leikmaður Ítala, var keyptur til Juventus frá Fiorentina, fyrir tímabilið á 40 milljónir evra. Hann hefur þó mest setið á bekknum það sem af er tímabilinu. Hans tími mun þó koma, það eru Ítalir sannfærðir um.

Í leiðara Gazzetta dello Sport er bent á að spænsk félög séu skyldug til að eyða 10 prósentum af veltunni í yngri flokka. Á Ítalíu er ekkert slíkt til og lítið hefur breyst undanfarin ár enda var þess ekki þörf lengi vel. Evrópubikarar fóru á loft reglulega og bestu leikmenn heims vildu spila á Ítalíu. Kaká spilaði með AC Milan þegar hann var kosinn bestur í heimi árið 2007. Sá síðasti sem vann þessa kosningu áður en Messi og Ronaldo tóku hana yfir. „Það er kominn tími til að gera ákveðna hluti sem kannski forverar mínir þurftu ekki einu sinni að spá í," sagði íþróttamálaráðherra Ítalíu, Luca Lottio í vikunni.

Ítalir eru á botninum og verða ekki með á HM. Slíku verður ekki tekið þegjandi og hljóðalaust. Það má því búast við að Ítalir spyrni frá sér og spyrnan frá botninum er alltaf best.

# ego dekor

# 10-30% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM



HVÍTT GLERBORÐ – háglans hvítir fætur
Stærð: 180X100cm
~~Verð: 98.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 78.400,-



ADRIANA
STÆKKANLEGT BORÐ – hnota
Stærð: 180(240)X100cm
~~Verð: 169.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 118.300,-



STÆKKANLEGT BORÐ
Hvítt háglans
Stærð: 160(248)X100cm
~~Verð: 199.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 179.100,-
Stærð: 200(288)X110cm
~~Verð: 219.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 197.100,-



NOTTINGHAM BORÐ
Gegnheill akasíuviður
Stærð: 200X100cm
~~Verð: 158.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 142.200,



DEVON-X STÓLL
~~Verð: 19.800,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.830,--



DELTA STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.920,-



LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.600,-



PORTO STÓLL
~~Verð: 19.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 17.910,-

## MIKIÐ ÚRVAL AF SKRAUTI OG SMÁVÖRU



VEGGSKRAUT VINTAGE BIKE
Breidd: 90cm
Verð: 12.900,-




VEGGKLUKKA TIME SPENT
Stærð: 58X58cm
Verð: 4.800,-



PÚÐI DEER
Stærð: 45X45cm
Verð: 3.900,- /stk



LUKT BAMBOO
H: 34cm
Verð: 9.900,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00 Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um svikult sjónvarp.



# Þrífætlingarnir

Vélmenni utan úr geimnum hafa lagt undir sig jörðina en piltar tveir bjóða þessum illu öflum birginn." Svo hljóðaði stuttaraleg lýsing á breskri sjónvarpsþáttaröð fyrir börn og unglinga, sem hóf göngu sína í Ríkissjónvarpinu í lok janúar árið 1987. Þeir voru sagðir gerðir eftir kunnri vísindaskáldsögu og ættu að gerast árið 2193. Þættirnir nefndust Þrífætlingarnir.

Það má teljast kaldrifjuð ákvörðun hjá stjórnendum RÚV að hefja sýningar á Þrífætlingunum (eða The Tripods, eins og þættirnir nefndust á frummálinu) í ljósi þess að í ársbyrjun 1987 lá fyrir að framleiðslu þeirra væri hætt. Eftir gerð tveggja þáttaraða, með samtals 25 þáttum, ákvað BBC að láta staðar numið. Ástæðan var hár framleiðslukostnaður, auk þess sem Michael Grade, yfirmanni dagskrárgerðar hjá stofnuninni, var í nöp við vísindaskáldskap og taldi slíkt efni ómerkilegt. Um svipað leyti lét Grade gera hlé á gerð þáttanna um Dr. Who og bakaði sér þar með ævarandi óvild nördaheimsins.

Myndaflokknum um Þrífætlingana lauk þar með í miðju kafi, við lok annarrar bókar þríleiksins og sjónvarpsáhorfendur fengu því aldrei að sjá hin dramatísku sögulok. Það var breski rithöfundurinn John Cristopher sem samdi bækurnar þrjár um Þrífætlingana á ofanverðum sjöunda áratugnum. Hann var afkastamikill höfundur og sendi frá sér fjölda bóka undir ýmsum nöfnum. Í flestum tilvikum var um að ræða vísindaskáldskap og var markhópurinn yfirleitt ungmenni.

Sem fyrr segir gerast sögurnar í framtíðinni, þar sem geimverur hafa hertekið Jörðina. Helstu stórborgir eru rústir einar, en mannkynið fæst við fábreyttan sjálfsþurftarbúskap í samfélagi sem helst minnir á Evrópu miðalda. Mestöll nútímatækni er horfin úr sögunni, þó hafa stöku minjar varðveist, svo sem vasaúr og eru slíkir undragripir í miklum metum.

### Mannkynið heilaþvegið

Þorri almennings hefur aldrei litið geimverurnar sjálfar augum, heldur einungis séð risavaxin og þrífætt farartæki þeirra sem arka um heiminn og halda hinum innfæddu í skefjum. Eru þrífætlingar þessir augljós vísun í sams konar vélar innrásarliðsins í sögu H.G. Wells, Innrásinni frá Mars.

Raunar þurfa geimverurnar lítið fyrir málunum að hafa, því allur mótþrói er brotinn aftur með heilaþvotti. Við fjórtán ára aldurinn er hvert mannsbarn tekið af geimverunum og það „markað", með búnaði sem er komið fyrir á höfðinu og brýtur niður allt frumkvæði, drifkraft og frelsisþrá.

Sagan hefst þegar tveir enskir piltar á fjórtánda ári komast í kynni við flakkara nokkurn, en ekki er óþekkt að heilaþvottaraðgerðin mistakist og viðkomandi sturlist og leggist í flakk. Maðurinn dularfulli reynist þó enginn útigangsmaður heldur útsendari uppreisnarmanna – fólks sem sloppið hefur undan geimverunum og skipuleggur á laun hersveitir til að undirbúa uppreisn. Piltarnir tveir, Will og Henry, ákveða að stinga af og leita uppi búðir uppreisnarmanna á „Hvíta fjallinu" í svissnesku Ölpunum, en af því dregur fyrsta bók sagnaflokksins nafn sitt. Á leiðinni kynnast þeir frönskum pilti, Jean-Paul, sem slæst í hópinn.

Bókinni og fyrri sjónvarpsþáttaröðinni lýkur báðum þar sem félagarnir þrír ná takmarki sínu og komast í raðir andspyrnumanna eftir æsilegan eltingaleik við Þrífætlinga. Synd væri að segja að atburðarás þessa fyrsta hluta sögunnar væri hröð og einkum kvörtuðu yngri áhorfendur þáttanna yfir löngum og tilgangslitlum senum þar sem félagarnir vinna landbúnaðarstörf eða þramma langar vegalengdir í sveitum Frakklands. Til að draga úr flóknum tæknibrellum gripu handritshöfundar einnig til þess bragðs að skrifa inn í söguna hersveitir skipaðar mönnum sem sáu að mestu um eftirförina, fyrir vikið voru sjálfir Þrífætlingarnir fremur lítt sýnilegir í þáttunum. Jafnframt var í sjónvarpsþáttunum bætt við nokkrum kvenpersónum, stúlkum sem unglingspiltarnir verða ástfangnir af, en í bókum Johns Christopher komu nær engar konur við sögu.

Þrátt fyrir göngutúrana endalausu og leiðigjarna vinnu á vínekrunum, fönguðu sjónvarpsþættirnir athygli fjölmargra áhorfenda sem biðu spenntir eftir næstu þáttaröð. Hún nefndist Gullborgin og fylgdi í grófum dráttum fléttunni í annarri bók þríleiksins, Borginni úr gulli og blýi. Í þeirri sögu nær vísindaskáldskapurinn sér á flug og lesendur fá loks að fræðast um eðli geimveranna.

### Djöfulleg áform

Geimverurnar hafast við í þremur ógnarstórum borgum, sem eru eins konar gylltir pýramídar. Ein þeirra er í námunda við rústir Berlínar, önnur í grennd við Peking og sú þriðja í Mið-Ameríku. Þangað eru í sífellu fluttir stórir hópar vaskra íþróttamanna og fagurra stúlkna og þykja það eftirsóknarverð örlög, þótt enginn snúi aftur. Einsetja uppreisnarmenn sér að koma flugumönnum sínum í þennan hóp til að afla upplýsinga og tekst Will að hreppa hnossið við annan mann með því að sigra í íþróttakeppni.

> MARGIR UPPLIFÐU SÁR PERSÓNULEG SVIK.

Í ljós kemur að unga fólksins bíður ekkert sældarlíf í gullborginni. Í skáldsögunni eru allar ungu konurnar drepnar og þær gerðar að skrautgripum fyrir geimverurnar að dást að, en piltarnir verða að þrælum. Aðdráttaraflið innan borgarinnar er tvöfalt sterkara en utan veggja og loftið bráðdrepandi án öndunargrímu. Fyrir vikið deyja flestir þrælanna innan tveggja ára. Í sjónvarpsútgáfunni er dregið úr hryllingnum og hlutskipti þrælanna gert allbærilegt. Annað frávik er á milli bókanna og sjónvarpsþáttanna varðandi útlit geimveranna. Í bókinni eru þær í laginu eins og risastórar umferðarkeilur á fótum, en í þáttunum voru þær þrífættar með risastórt höfuð í stað búks, líkt og smækkuð útgáfa af farartækjum sínum. Í báðum útgáfum kemst Will á snoðir um að geimverurnar hyggist breyta loftslagi Jarðarinnar að sínum þörfum og þar með þurrka út allt líf á plánetunni. Honum tekst að sleppa við illa raun og hyggst flytja félögum sínum í andspyrnunni þessar mikilvægu fregnir, en þegar komið er að Hvíta fjallinu bíða hans einungis brunarústir búða þeirra. „Var þetta þá allt til einskis?" – spyr unglingurinn sig í örvilnan.

### Stutt gaman

Og með þessa spurningu voru bresk ungmenni skilin eftir í lausu lofti síðla árs 1985 og íslenskir sjónvarpsáhorfendur sömuleiðis tveimur árum síðar. Vonbrigði beggja hópa urðu þau sömu þegar fréttist að það yrði ekkert framhald. Sjónvarpið byði engin svör um afdrif Wills, uppreisnarmanna og Jarðarbúa allra. Margir upplifðu sár persónuleg svik. Höfundur þessarar greinar var í þeim hópi.

Meðan flest ungmenni létu sér nægja að bölva skúnknum Michael Grade, gripu þau lausnamiðaðri til þess ráðs að lesa einfaldlega lokabókina, en hana mátti finna á fáeinum íslenskum bókasöfnum.

Í lokahlutanum kemur í ljós að andspyrnuhreyfingin lifir enn og eflist að krafti. Meðlimir hennar uppgötva að alkóhól getur lamað geimverurnar og með þá vitneskju að vopni tekst þeim að sigra tvær af þremur gullborgunum og ráða niðurlögum óvinanna. Sú þriðja vinnst eftir harðan bardaga þar sem pilturinn Henry fórnar lífi sínu til að tryggja sigurinn og er hylltur eftir dauðann. Geimverurnar á Jörðinni eru allar dauðar og yfirboðarar þeirra játa sig sigraða og tortíma því sem eftir er af gullborgunum með loftárásum, væntanlega til að hindra að mennirnir nái að tileinka sér tækni þeirra.

Mannkynið réttir hratt úr kútnum og tekst á undraskjótum tíma að endurheimta fyrra tæknistig. Þó eru endalokin ekki að öllu leyti hamingjurík, því draumsýn leiðtoga uppreisnarmanna um að reisa nýtt og samhent samfélag með bræðralagi allra manna fer út um þúfur. Þess í stað hefjast þegar flokkadrættir og mannkynið skiptir sér aftur niður í þjóðir og ríki.

Sú ákvörðun BBC að slá af þættina um Þrífætlingana varð höfundinum John Christopher talsverð vonbrigði. Hann ákvað þó að nýta sér hinar nýju vinsældir sagnaflokksins árið 1988 og bætti við fjórðu sögunni, sem rakti komu Þrífætlinganna til Jarðar og upphaf andspyrnuhreyfingarinnar. Auðvelt er að túlka þá sögu sem gagnrýni á innantómt sjónvarpsgláp, en samkvæmt henni náðu geimverurnar völdum á Jörðinni með því að dáleiða drjúgan hluta heimsbyggðarinnar með sérstökum hljóðmerkjum sem leikin voru undir vinsælum sjónvarpsþáttum. Ber flestum saman um að þessi síðasta bók sé langlökust og er henni oftast sleppt í heildarútgáfum Þrífætlingaritraðarinnar.

Á liðnum árum hafa borist fregnir af áhuga kvikmyndagerðarmanna á að koma ævintýrinu um Þrífætlingana á hvíta tjaldið. Hvort þær áætlanir ná fram að ganga er ómögulegt að spá um – en ef til kemur, mælir höfundur þessarar greinar sterklega með því að sagan verði kláruð í einni mynd í stað þess að treysta á framh...






# VELKOMIN Á BÓKAMESSUNA Í HÖRPU UM HELGINA

Komið og skoðið úrval bóka, hittið höfunda og útgefendur og takið þátt í skemmtilegri dagskrá fyrir alla fjölskylduna!

## BARNA- OG UNGLINGADAGSKRÁ FORLAGSHÖFUNDA:





## LAUGARDAGUR

### FORLAGSBÁS KL. 12

**Ævar Þór Benediktsson** leiðir gesti og gangandi inn í ævintýraskóginn í ***Þínu eigin ævintýri***.

### KRAKKAHORN SLEIPNIS KL. 13

**Áslaug Jónsdóttir**, höfundur ***Skrímsla í vanda***, býður krökkum að föndra með sér jólaskrímsli.

### FORLAGSBÁS KL. 14

**Gunnar Helgason** spjallar við bókamessugesti um ***Ömmu best*** og fjörugu fjölskylduna hennar Stellu.

### RÍMA A KL. 16

**Kristín Helga Gunnarsdóttir** tekur þátt í spjalli um bók sína ***Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels***.



## SUNNUDAGUR

### FORLAGSBÁS KL. 13

**Sævar Helgi Bragason** spjallar við gesti og gangandi um geiminn og geimverur.

**Brian Pilkington** málar jólaköttinn.

### FORLAGSBÁS KL. 14.30

**Birgitta Haukdal** spjallar við krakkana um Láru og Ljónsa og gefur myndir og blöðrur.

### UNDRALAND BÓKANNA KRAKKAHORNIÐ KL. 15

***Lestrarstund fyrir börn á öllum aldri***

**Áslaug Jónsdóttir** – *Skrímsli í vanda*

**Birgitta Haukdal** – *Lára fer í sund* og *Jól með Láru*

**Gunnar Helgason** – *Amma best*

**Ævar Þór Benediktsson** – *Þitt eigið ævintýri*



### FORLAGSBÁS KL. 15

**Kristín Helga Gunnarsdóttir** spjallar við gesti og gangandi um bók sína ***Vertu ósýnilegur – Flóttasaga Ishmaels*** ásamt fulltrúum UN WOMEN sem eru nýkomnir frá Zaatari-flóttamannabúðunum í Jórdaníu.

### FORLAGSBÁS KL. 16

**Gunnar Theodór Eggertsson** spjallar við gesti og gangandi um ***Galdra-Dísu*** og skrímslin sem hún berst við.



Dagskrána í heild sinni má finna hér:
www.bokmenntaborgin.is

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | **www.forlagid.is**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Silja Kristjánsdóttir**

lést þann 9. nóvember sl. Útförin
fer fram frá Fossvogskapellu
miðvikudaginn 22. nóvember kl. 15.

**María Hreinsdóttir**
**Benedikt Hreinsson** **Andrea Rafnar**
**Sveinn Árnason** **Herdís Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Dagbjörg Svana Engilbertsdóttir**

er látin.

**Fyrir hönd ættingja,**
**Thorvald K. Imsland**
**Albert Dagbjartarson Imsland** **Ólöf B. Jónsdóttir**
**Engilbert Imsland** **Margrét Hannesdóttir**
**Róbert Imsland** **Þórey Garðarsdóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR ÚR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Hinsti vilji*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Þuríður hefur prjónað frá því hún var krakki og er ein af stofnendum Handprjónasambandsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Á leið til Frakklands með lopapeysur á jólamarkað

**Um þúsund manns mættu á stofnfund Handprjónasambands Íslands í Glæsibæ og samþykktu að opna sölustað fyrir sínar vörur til að efla eigin hag. Síðan eru fjörutíu ár.**

Handprjónasambandið er í fyrsta sinn að fara á stóran jólamarkað í Strassborg í Frakklandi. „Ísland er vinsælt í Frakklandi eftir fótboltann í fyrrasumar og er heiðursgestur á þessum stóra jólamarkaði sem verður opnaður 24. nóvember. Við erum búin að senda tvö bretti og ég vona að við þurfum ekki að koma með allt heim aftur!“ segir Þuríður Einarsdóttir, formaður sambandsins og starfsmaður.

Fyrr í þessum mánuði fagnaði Handprjónasambandið fertugsafmæli sínu í nýrri verslun að Borgartúni 31. Þá var gluggað í fundargerðir og blaðaúrklippur frá fyrstu árunum. Meðal þess sem þar kom fram var að um þúsund manns mættu á stofnfundinn sem haldinn var í Glæsibæ og mörg hundruð manns, aðallega konur gerðust félagar. „Það var stórt skref að sameina prjónafólk landsins en þótt samtökin ættu miklu fylgi að fagna í byrjun átti, held ég, enginn von á því að þau lifðu svona lengi,“ segir Þuríður.

Hún kveðst hafa prjónað frá því hún var krakki og vera ein af stofnendum sambandsins. Segir áherslur þess frá byrjun hafa verið að félagar þess ættu vísan sölustað fyrir prjónavörur og fengju betur greitt fyrir þær en áður hefði tíðkast. „Ég ætla ekki fullyrða að draumurinn um góð vinnulaun hafi ræst, það lifir enginn af því að prjóna lopapeysur en hér eiga félagar víst að tekið er við vörum þeirra, ef þær standast gæðakröfur. Áður var ég kannski að prjóna fyrir einhvern aðila sem hafði beðið um svo og svo margar peysur í tilteknum útgáfum. Ég er fljót að prjóna og þegar ég skilaði af mér þá gat ég átt von á að heyra: „Við þurfum ekki peysur núna, það er fullt hjá okkur,“ og ég mátti sitja uppi með þessar flíkur í einhverja mánuði þar til aftur var þörf fyrir þær. Það er mun betri tilfinning að vinna fyrir eigið félag.“

Þuríður telur Handprjónasambandið eiga framtíð fyrir sér, svo lengi sem ferðamannastraumurinn varir. „Handprjónavaran í okkar verslunum er unnin af félagsfólki hér á landi. En við erum að keppa við peysur sem eru framleiddar í Kína og skreyta sig með íslenskum merkjum. Þær eru seldar í búðum hér og stjórnvöld á hverjum tíma hafa heykst á því að gera kröfu um upprunavottorð. Því höfum við ekkert opinbert merki sem sannar það að okkar peysur séu prjónaðar hér. Þar gildir annað um kjötvöru. Í kæliborðunum eigum við kröfu á að vita hvaðan kjötbitinn kemur sem við kaupum. Það er annað með fataframleiðsluna, hún er að stærstum hluta komin til landa þar sem fólk býr við ömurleg kjör.“

Í Handprjónasambandinu eru líka vélprjónaðar vörur frá prjónastofum hér á landi eins og Glófa í Ármúlanum og Kitku sem er á Hvammstanga. En heldur Þuríður að ferðamenn og aðrir viðskiptavinir kunni að meta uppruna varanna sem vert er? „Já, margir leggja upp úr því að kaupa íslenskt og láta það oft ráða úrslitum. Leiðsögumenn eru líka meðvitaðir um gæði vörunnar hér og þeir vísa á okkur.“ Oft berast líka pantanir erlendis frá, að sögn Þuríðar. „Við erum með söluaðila í Japan og tvo í Þýskalandi sem panta reglulega.“

Þuríður er stödd í Borgartúninu þegar viðtalið fer fram. „Við vorum með verslun á Laugavegi 53 en bæði hækkaði leigan þar árlega, umfram alla samninga, og svo vantaði okkur betri vinnuaðstöðu og lagerpláss. Þegar þetta húsnæði kom upp í hendurnar á okkur stukkum við á það. Verslunin á Skólavörðustígnum er samt vinsælli enn þá hjá ferðamönnum, þrátt fyrir þrengslin.“ **gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur Óskarsson**
læknir,

lést á líknardeild Landspítalans 7. nóv.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á líknardeild Landspítalans og minningarsjóð Karítas.

**Anna Lilja Kjartansdóttir**
**Valur Guðmundsson, Fanný Bjarnadóttir**
**Eva Ósk Guðmundsdóttir, Valgarður Guðmundsson**
**Ása María Guðmundsdóttir, Morten Hansen**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma
og langamma,

**Helga Geirsdóttir**
frá Hallanda,
Þingholtsbraut 35, Kópavogi,

lést á dvalarheimilinu Sunnuhlíð
14. nóvember og verður jarðsungin frá Hraungerðiskirkju
þriðjudaginn 21. nóvember klukkan 14. Jarðsett verður í
Laugadælakirkjugarði.

**Sævar Hjálmarsson** **María Baldursdóttir**
**Hafþór Björgvin Jónasson**
**börn og barnabörn.**

**FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR ALIAS OG BESTA SVARIÐ KEMUR SPURNINGASPILIÐ ÉG VEIT!**




# GLÆNÝTT SPURNINGASPIL!

**ÉG VEIT!**

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt? Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur?

Hljómar einfalt en tíminn er naumur...

ÉG VEIT! er stútfullt af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilara.
Til að vinna þarf að hitta á orðin sem talin eru upp á spjöldunum og veðja á getu annarra spilara.




**KOMIÐ Í VERSLANIR!**

## Merkisatburðir

**1709** Biskupsstofan á Hólum í Hjaltadal brennur til kaldra kola. Barn brann þar inni og einnig tapaðist mikið af dýrgripum.

**1897** Blaðamannafélag Íslands stofnað.

**1920** Matthías Jochumsson skáld og prestur deyr, rúmlega 85 ára. Hann orti meðal annars þjóðsöng Íslendinga.

**1981** Áttunda hrina Kröfluelda hefst.





✝

Okkar ástkæri,

**Friðrik Eiríksson**

rafvirki,
Sléttuvegi 13,

lést á heimili sínu
miðvikudaginn 15. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Sigurborg Sigurbjarnadóttir** **Pétur P. Johnson**
**Herdís Ólöf Friðriksdóttir** **Guðmundur Þór Guðbrands.**
**Jakob S. Friðriksson** **Álfheiður Árdal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,

**Elín M. Kaaber**

lést 16. nóvember.

**Friðrik G. Gunnarsson**
**Einar L. Gunnarsson**
**Ragnar J. Gunnarsson**
**Haukur J. Gunnarsson**
**Oddný M. Gunnarsdóttir**
**Gunnar P. Gunnarsson**
**Eiríkur K. Gunnarsson**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Conny Elinor Hansen**

smurbrauðsjómfrú,

lést á líknardeild Landspítalans
15. nóvember. Útförin fer fram frá
Lindakirkju fimmtudaginn 23. nóvember
klukkan 13.00.

**Baldur S. Scheving**
**Sigurður A. Scheving** **Jerrie M. Tenorio**
**Hans Kristján Scheving** **Soffía Ámundadóttir**
**Hrafnhildur Scheving** **Einar Brynjar Einarsson**
**Annetta Björk Scheving** **Árni Jón Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Ólafur Einarsson**

Fróðengi 1,
(áður Frostaskjóli 13),

lést þriðjudaginn 14. nóvember á
Landspítalanum við Hringbraut.
Útförin fer fram í Neskirkju
þriðjudaginn 21. nóvember klukkan 11.

**Sigríður Ólafsdóttir** **Jens Sigurðsson**
**Þórhildur Ólafsdóttir** **Þorsteinn Gunnsteinsson**
**Hólmfríður Jensdóttir** **Óli Halldór Konráðsson**
**Hrefna Jensdóttir**
**Sigrún Jensdóttir** **Gísli Viðar Oddsson**
**Hildur Hrönn Þorsteinsdóttir** **Bragi Már Ottesen Valbjörnss.**
**Bryndís Þorsteinsdóttir**
**og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,

**Reynir Sigurðsson**

framkvæmdastjóri,
Hraunvangi 3,

verður jarðsunginn frá Neskirkju,
fimmtudaginn 23. nóvember kl. 15.00.

**Svala Thorarensen**



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhenti þeim Knúti Rafni og Helenu nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar. MYND/SKAPTI ÖRN ÓLAFSSON

# Eins og snjóbolti sem valt niður hæðina og stækkaði

**Helena Hermundardóttir og Knútur Ármann í Friðheimum í Bláskógabyggð, sem tvinna saman tómataræktun og ferðaþjónustu, hlutu nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar 2017. Gestir voru 1.000 fyrsta árið, 2008, en nú stefnir í að þeir verði 150.000.**

Verðlaunin eru okkur mikil hvatning og klapp á bakið til áframhaldandi verka," segir Knútur Rafn Ármann í Friðheimum í Bláskógabyggð. Hann og kona hans, Helena Hermundardóttir, tóku á móti nýsköpunarverðlaunum Samtaka ferðaþjónustunnar fyrir árið 2017 á fimmtudaginn úr hendi forseta Íslands.

Knútur Rafn segir þau hjón deila verðlaununum með sínu frábæra starfsfólki sem sé búið að byggja þetta skemmtilega ævintýri upp með þeim í Friðheimum. Þar reka þau garðyrkjustöð og ferðaþjónustu sem hefur slegið í gegn hjá ferðamönnum síðustu ár, ekki síst hestasýningarnar, tómatsúpan og brauðið sem boðið er upp á.

En í hverju felst þeirra nýsköpun helst? „Aðallega í því að flétta saman tómataræktunina og ferðaþjónustuna og bjóða alla velkomna að fylgjast með því sem við erum að gera," segir Helena. „Svo fær fólk að smakka á afurðunum ef það vill. Við gefum okkur ekki út fyrir að vera með hefðbundið veitingahús heldur matarupplifun og bjóðum upp á ýmsa rétti þar sem tómatarnir koma við sögu. Hvort sem gestir koma í hópum eða sem einstaklingar kynnum við fyrir þeim hvað íslensk garðyrkja snýst um, hvernig við hitum upp gróðurhúsin með jarðvarma og hvernig rafmagnið verður til með vatnsaflinu. Svo vökvum við með okkar frábæra lindarvatni, notum engin eiturefni heldur einungis lífrænar varnir og erum með býflugur til sýnis, þær gegna veigamiklu hlutverki við að frjóvga blómin svo við fáum góða uppskeru."

Helena stýrir ræktuninni en Knútur Rafn ferðaþjónustunni. „Við erum með mjög gott starfsfólk en erum mikið sýnileg sjálf," segir Helena. Hún segir þau hafa byrjað með hestasýningar 2008 því hestar séu ær og kýr Knúts Rafns! „En svo förum við að bjóða í gróðurhúsið líka og gestum hefur fjölgað mikið.

Við fengum þúsund gesti fyrsta árið en í fyrra voru þeir 130 þúsund og ég held það stefni í 150-160 þúsund á þessu ári þannig að þessi litla hliðarbúgrein, að bjóða gestum heim á bæ að skoða hestana, hefur aðeins undið upp á sig. En við höfum aldrei auglýst heldur hefur starfsemin verið eins og lítill snjóbolti sem valt niður hæðina og stækkaði og stækkaði."

**– gun, mhh**

### Úr rökstuðningi dómnefndar

Friðheimar eru einn fjölsóttasti viðkomustaður ferðamanna í uppsveitum Árnessýslu og koma í vinsældum næst á eftir náttúruperlum á Gullna hringnum.

...

Starfsemi Friðheima er lýsandi dæmi um það hvernig ferðaþjónusta er í sívaxandi mæli að skapa ný tækifæri fyrir hefðbundnar atvinnugreinar um land allt og að greinin er besta tæki til jákvæðrar byggðaþróunar, sem fram hefur komið í íslensku þjóðlífi á undanförnum árum. Nýsköpun af þessu tagi byggir á fagmennsku og þekkingu á landbúnaði og garðyrkju sem er síðan grundvöllur að vöruþróun í ferðaþjónustu þar sem fræðsla og upplifun eru í fyrirrúmi. Þau Knútur og Helena eru því verðskuldaðir handhafar nýsköpunarverðlauna SAF árið 2017."



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ívar Daníelsson**

fyrrverandi lyfsali,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
14. nóvember. Útförin fer fram frá
Dómkirkjunni þriðjudaginn
21. nóvember kl. 15.00. Blóm og kransar
afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á
Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna.

**Guðrún Ína Ívarsdóttir** **Kristinn Valdimarsson**
**Anna Guðrún Ívarsdóttir** **Þorlákur Jónsson**
**Þorbjörg Ása Kristinsdóttir** **Finnbogi Hafþórsson**
**Valgerður Halla Kristinsdóttir**
**Áslaug Ína Kristinsdóttir** **Thomas Már Gregers**
**og langafabörn.**



✝

Móðir mín, tengdamóðir,
amma okkar og langamma,

**Þorbjörg Ragna Magnúsdóttir**

áður til heimilis að Skeiðarvogi 117,

lést á Hrafnistu í Reykjavík, aðfaranótt
7. nóvember. Útför hennar fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju, þriðjudaginn
21. nóvember klukkan 13.

**Haukur Ragnar Hauksson** **Rannveig Kristín Hafsteinsd.**
**ömmubörnin Dassa, Haukur, Hafsteinn og Todda**
**og langömmubörnin tíu**
**Hallveig Hahl** **Martin Hahl**

# GLAMOUR

Jólagjafa
HANDBÓK
Glamour

— 400+ —

*hugmyndir að jólagjöfum*
*fyrir hann, hana, barnið*
*og heimilið!*








Frumsýning í dag

# NÝR LEIÐTOGI FRÁ OPEL

Með nýrri Insignia tekur Opel sér stöðu sem leiðtogi í sínum flokki. Hann er fulltrúi nýrrar kynslóðar bíla, hvort sem horft er til hönnunar, innanrýmis eða akstureiginleika.

**Velkomin á frumsýningu í dag kl. 10-16.**

**Kynntu þér Insignia á opel.is**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
590 2000

**Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 9
420 3330

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardag frá 10 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur**




Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var
**UTANGARÐSMENN**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað saman birtist skrýtin skepna. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. nóvember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „18. nóvember“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Nei, hættu nú alveg!** eftir **Vilhelm Anton Jónsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ólöf Björg Einarsdóttir, Kópavogi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Að vera heiðursgestgjafi er til sóma (13)
**10** Tímalaus borg er ekki málið núna (8)
**11** Drögum strik í sandinn með hefðbundnum glósubókum (13)
**13** Leita rassagna ringlaðra kjána (8)
**14** Styrkur óhamingjumanna í Jakabóli (13)
**15** Fílaði atið meðal þessara tudda (8)
**16** Verð mér úti um karl veiðiklóar (9)
**17** Drekk dreitil miskunnsamra grátkvenna (9)
**19** Bætir á mjólkurbleika móðu? (10)
**26** Þú munt kela með heilluðum manni í uppnámi (8)
**29** Nokkrar fellingar eru varla glæpur? (4)
**30** Söngflokkur í horninu syngur lagið „Dúndurbomsa“ (8)
**32** Sá horaði í næsta húsi snertir taug (9)
**33** Skapa stuð fyrir sterka og stríða (11)
**34** Njóta refs með afbakað og ofvaxið nef (9)
**35** Innan við lágu hin aflúnu (8)
**36** Snatt hinna feitu stórlaxa og hreðja þeirra (11)
**38** Leita alvalds einráðra herra (12)
**39** Þessi svokallaði Inngrandi er í rugli, þar liggur óréttlætið (9)
**40** L-guðinn orsakar ákveðið rof (7)
**41** Eilífðarsteinninn er efni í kringdan staut (7)
**42** Hér er miðja iljar og af ykkur leggur eim (5)

### LÓÐRÉTT

**1** Þegar Þorvaldur skákar yfirvaldinu (9)
**2** Leiði hríslna eru löng og mjó (9)
**3** Grá unni því þegar bylgjumyndunin hófst og allt fór úr skorðum (7)
**4** Til að finna frið þarf maður kakó og skrautlegt sæti (10)
**5** Legg rugluðu raðeyrun við það sem vantar (8)
**6** Alls ófull setja þau bílinn í hlutlausan og rölta göngin (10)
**7** Skynjuðum gemsa á þráðlausum þingum (10)
**8** Viltu gallsúran belgdjús? (8)
**9** Brottnám doktora á skólabekk (8)
**12** Fúkyrðaflaumar í styttri kantinum (7)
**18** Með fjörur í eignasafninu? Þú hefur aldeilis margar hliðar (11)
**20** Lengja málsgrein með annarri (12)
**21** Enn einu sinni gufaði allt sprikl upp við iðrunina (12)
**22** Leita að hinni fyrstu flík í ávaxtatímaritinu (12)
**23** Leita lóðafallsins í afleiðingum skriðunnar (12)
**24** Flagga sverðveifunni í heimahöfn (12)
**25** Hef dottið í skriðuna með Þorsteini (12)
**27** Ljúfa lífið í litlu bæjunum er jafn ferskt og osturinn (9)
**28** Erfingjar heimsins segja æsku sína alveg búna (11)
**31** Þeysast um með Tindi í eldi og ísjökulkulda (10)
**37** Lét vaða um leið og ég hitti Örn (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 6 | 9 |
| 9 | | | 2 | 6 | | 5 | | |
| 2 | | 7 | | 9 | | | 1 | 4 |
| | | | | | 8 | | | 3 |
| | 9 | | | 7 | 4 | | 8 | 1 |
| | 4 | 3 | | | | 7 | | |
| 4 | | 9 | 5 | | | | | |
| | 5 | | | 8 | 2 | | | |
| | 2 | | 7 | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | 4 | | 2 | 6 | 8 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 5 | | | 1 | | 7 | | |
| | | | | | 4 | 8 | 2 | |
| 8 | 1 | 4 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| 4 | | | | 7 | | 5 | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 2 |
| 6 | | 9 | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 7 | | 6 | | 8 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 9 | 7 | | 4 | | | | 3 | |
| 5 | 4 | 6 | | | | | 9 | |
| | | | | 9 | | 1 | | |
| 1 | | 4 | | | 8 | | | |
| | 3 | | 9 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | 5 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 7 | 6 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 5 | 7 | 3 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 7 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 2 | 6 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 2 | 7 | 6 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 4 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 8 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 5 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 | 6 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 | 6 | 5 |
| 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 5 | 9 | 7 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Hilmir Freyr Heimisson (2190) átti leik gegn Raymond Kaufman (2266) á alþjóðlega Norðurljósamótinu.
**Hvítur á leik**
**36. Hg6!! Glæsilega leikið. 36... fxg6** (36...Hxd2 37. Hg8#). **37. Dxh6+ Kg8 38. Hxg6+ Dxg6 39. Dxg6+ Kf8 40. Dxf6 Ke8 41. Bxb3 1-0.** Mót eins og Norðurljósamótið er afar mikilægt fyrir ungar skákkynslóðir.

**www.skak.is.** Hraðskákkeppni taflfélaga.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### NAUMUR GÆÐASIGUR

Magnús Eiður Magnússon og Sveinn Rúnar Eiríksson náðu þeim frábæra árangri að vinna sigur í tvímenningskeppninni á Madeira. Þetta var fjölmennur tvímenningur, því 193 pör öttu þar kappi. Magnús og Sveinn Rúnar voru í 20. sæti eftir 2 lotur af þremur (mótið var spilað á 3 dögum), en náðu mjög góðu skori, tæplega 69% í þriðju og síðustu lotunni sem nægði til að hrifsa fyrsta sætið með naumindum. Þeir félagar enduðu með 62% skor og 8124,5 stig en annað sætið var með 8124,0 stig, svo tæpara mátti það ekki vera. Þetta spil kom fyrir í síðustu lotunni, austur var gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ Á52
♥ KD74
♦ ÁK87
♣ 54

**Vestur**
♠ 3
♥ 862
♦ G52
♣ ÁKDG109

**Austur**
♠ K1076
♥ G1095
♦ 1093
♣ 87

**Suður**
♠ DG984
♥ Á3
♦ D64
♣ 632

Sveinn og Magnús sátu í NS. Eftir tvö pöss opnaði vestur á 3 ♣. Sveinn doblaði til úttektar og Magnús stökk í 4 ♠ á suðurhöndina. Vestur spilaði út ás og kóng í laufi og síðan kom drottningin. Magnús var með úrspilið á hreinu. Hann trompaði með ásnum í blindum og spilaði strax spaða á níuna. Austur henti tígli í þriðja laufið og vestur var því hugsanlega með 4 spil í þeim lit. En tígullinn lá 3-3 og ekkert vandamál að vinna spilið.

## GIACOMO PUCCINI

★★★★★
MORGUNBLAÐIÐ/IB

★★★★★
FRÉTTABLAÐIÐ/JS

# TOSCA



HÖNNUN: HGM

**SÍÐASTA SÝNING – ÖRFÁ SÆTI LAUS!**



**MIÐASALA Á OPERA.IS**

#islenskaoperan

ÍSLENSKA ÓPERAN

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 276

„Hér eru fjórar tegundir fugla sem allar eru með sérhæfðan gogg til að borða mismunandi fæðu,“ las Lísaloppa. „Getur þú parað saman hvern fugl við þá fæðu sem hann er sérhæfður í að borða.“ Kata rýndi í myndina smá stund og sagði svo. „Þetta væri kanski auðveldara ef þetta væru íslenskir fuglar.“ „En við þurfum bara að horfa á gogginn á þeim og þá eigum við að geta séð hvaða goggur er bestur til að borða mismunandi mat,“ sagði Lísaloppa. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „Ég þekki svo sem ekkert íslenska fugla betur en erlenda.“




Getur þú hjálpað þeim að para saman fuglsgoggana og viðeigandi fæðu?



Lausn á gátunni

svar: A og 3, B og 4, D og 1, E og 2.

## Listaverkið

**Þennan hest sendi okkur hún Anna Guðlaug Gunnbjörnsdóttir í 3. bekk.**






„Syrpur eru áhugaverðar, skemmtilegar og með fullt af góðum persónum,“ segir Daníel Elí. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Alltaf spennandi að vita hvað gerist

Hann Daníel Elí Johansen sem varð níu ára í gær gengur í Vesturbæjarskóla og finnst skemmtilegast að teikna. Á morgnana fær hann líka stundum að fara í tölvu að vinna í bók sem hann er að búa til. Hann er sérfróður um lífið í Andabæ og sést sjaldan öðruvísi en með Syrpu í hendi.

**Er einhver munur á Rip, Rap og Rup?** Það er dálítill munur á þeim útlitslega svo ég þekki þá í sundur án þess að þeir séu með derhúfurnar, en þeir eru mjög líkar persónur. Í einni sögu segir að Rip sé sérfræðingur í landakortum, en oftast gera þeir það sama.

**Hvað borða persónurnar í Andabæ?** Pitsur, hamborgara og pulsur. Og kökur. Bara alveg eins og við.

**Getum við lært eitthvað af Andrési önd?** Að það á að gefa börnum nammi á hrekkjavökunni. Í Andabæ eru líka allir vinir – en stundum ekki. Það er alltaf spennandi að vita hvað gerist, en ævintýrin enda vel.

**Finnst þér Bjarnabófarnir slyngir?** Já. Þeir rændu rúmi Rokkafellis og Monu Lisu. Þeir hafa stolið demöntum og peningum og krónum. En þeir eru alltaf handteknir á endanum.

> GUFFI OG BUBBI VINUR HANS ERU SKEMMTILEGIR. MIKK OG MAKK, FRÆNDUR MIKKA, ERU GÓÐIR VINIR. JÓNAS ER NÁGRANNI ANDRÉSAR OG ALLTAF FÚLL.

**Eru fleiri athyglisverðar persónur í Andabæ en Andrés, Andrésína, strákarnir og Jóakim, Mikki og Mína?** Guffi og Bubbi vinur hans eru skemmtilegir. Mikk og Makk, frændur Mikka, eru góðir vinir. Jónas er nágranni Andrésar og alltaf fúll. Stálöndin kemur til bjargar þegar Andrés bregður sér í hlutverk ofurhetju. Fiðri frændi hans og jafnaldri er mjög skrítinn og fyndinn, svolítið vitlaus. Gassi gæs er aðstoðarmaður Andreu, sem allir kalla ömmu önd, nema Jóakim. Þau eiga fullt af beljum, hænum og eina geit sem heitir Nonni.

# Meira gaman




**Pie Face!**

4.999 kr/stk




**Speak Out**

3.999 kr/stk
verð áður 4.999




**Toilet Trouble**

2.799 kr/stk
verð áður 3.499




**Operation**

3.999 kr/stk




**Pie Face Duell!**

5.499 kr/stk




**Twister**

3.299 kr/stk

Tilboð gilda út 19. nóvember


24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag er útlit fyrir fallegt vetrarveður víða á landinu en austast má búast við norðvestan 8-13 m/s í fyrstu. Léttskýjað verður víðast hvar, en norðaustan til, austan Eyjafjarðar verða él á stangli hér og þar. Þetta er fínasta veður til útivistar en það er frost um allt land og því nauðsynlegt að búa sig vel.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 5° | Oslo 3° | Stokkhólmur 5° | Gautaborg 6° | Helsinki 6° | Þórshöfn 6° | Nuuk -9° |
| London 8° | Amsterdam 8° | París 10° | Berlín 6° | Madríd 16° | Brussel 8° | Róm 15° |
| Boston -1° | New York 1° | Orlando 14° | Moskva 3° | Singapúr 26° | Tókýó 9° | Sydney 19° |


# MAMMA, ÉG ER Á LÍFI
**BRÉF OG FRÁSAGNIR ÍSLENSKRA PILTA Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR**

*Þeir gengu glaðir í kandadíska herinn haustið 1914 til að þjóna sínu nýja föðurlandi, en áttu eftir að upplifa hreint helvíti.*

*Í hispurslausum og oft átakanlegum bréfum til ættingja og vina lýstu þeir veruleika stríðsins, fjarri glansmynd áróðursmeistaranna.*




Jakob Þór Kristjánsson

Sögur útgáfa


## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 0° ← 6 | -1° ↙ 5 | -0° ↙ 14 | 1° ↙ 16 | 1° ↙ 20 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ← 3 | -5° ↙ 9 | -5° ↙ 15 | -1° ↙ 14 | -3° ↙ 23 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -5° ↘ 1 | -4° ↓ 7 | -3° ↙ 11 | -2° ↙ 8 | -2° ↙ 13 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -4° ↗ 3 | -5° ↘ 5 | -1° ↓ 17 | -1° ↙ 10 | -1° ↙ 14 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -3° ↙ 6 | -1° ↓ 4 | 0° ↙ 19 | -1° ↙ 14 | 0° ↙ 16 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




## Vilt þú að auglýsingar þínar skili árangri?

Stærstu og mikilvægustu mánuðir ársins í auglýsingum eru framundan og því skiptir máli að ná til sem flestra og ná hámarks árangri.

Hafðu samband í síma **512 5401** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@frettabladid.is** og við aðstoðum þig við að finna lausn sem hentar þínum þörfum.



**Fréttablaðið** 62,6%

**Morgunblaðið** 28,2%

**VB** 13%

**DV** 11,9%

FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft

Heimild: Blaðakönnun Gallup, júl-sep. 2017. Meðallestur á tölublað, 35-65 ára hbsv.

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Ljóðið er minn helsti innblástur

**Kórverk eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson tónskáld verða í öndvegi á tónleikum í Langholtskirkju í dag. Tveir kórar kirkjunnar syngja þar meðal annars um drauga, hrafna, ástina og trúna.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Þetta er mikill heiður,“ segir tónskáldið Hreiðar Ingi Þorsteinsson um tónleikana í Langholtskirkju klukkan 16 í dag þar sem kórtónlist hans fær að njóta sín í flutningi Kórs Langholtskirkju, Graduale Nobili, Lilju Daggar Gunnarsdóttur mezzósópran, Franks Aarnik slagverksleikara og Elísabetar Waage hörpuleikara.

Hann segir viðburðinn eiginlega undirbúning að fertugsafmæli. „Ég verð fertugur snemma á næsta ári og það er eins gott að byrja tímanlega!“ segir hann glaðlega og bætir við að hugmyndin sé sú, ef allt gangi að óskum, að hljóðrita þessa tónlist.

**STUNDUM ÞEGAR ÉG LES LJÓÐ ER ÞAÐ EINFALDLEGA ÞANNIG AÐ ÉG RÆÐ EKKI VIÐ MIG OG TÓNARNIR KOMA TIL MÍN.**

Hreiðar Ingi kveðst eiga rúmlega 50 verk í sinni möppu. „Í eðli mínu fíla ég ljóðræna tónlist og níutíu og fimm prósent af því sem ég skrifa er fyrir röddina,“ upplýsir hann og segir einfalda ástæðu fyrir því. Hans helsti innblástur sé ljóðið. „Ég hef gaman af að lesa ljóð og geri mikið af því. Stundum þegar ég les ljóð er það einfaldlega þannig að ég ræð ekki við mig og tónarnir koma til mín. Öll þessi verk sem verða flutt í kirkjunni í dag, bæði kirkjuleg og veraldleg, urðu þannig til að eitthvað varð að gerast.“

Innblásturinn kveðst Hreiðar Ingi fá jafnt úr rímuðum og órímuðum ljóðum. „En sum ljóð er ekki hægt að gera tónlist við. Þau eiga bara að fá að vera ljóð í friði. Það gengur heldur ekki að gera hvað sem er fyrir kóra. Auðvitað á það við allt sem maður skrifar. Maður þarf að hugsa um hljóðfærið eins og það er í eðli sínu.“

Þegar Hreiðari Inga berast pantanir um tónverk kveðst hann oft eiga lista með um 20 ljóðum sem hann hafi lengi langað að tónsetja. „Nú voru á listanum Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar, Hvarf séra Odds frá Miklabæ og fallega ljóðið hans Williams Shakespeare, Shall I compare thee to a summer's day. Líka ljóð frá Ingibjörgu Haralds og Friðriki Hansen og kirkjulegur texti, þýðing Marteins Lúthers á Davíðssálmi.“

Sjálfur hefur Hreiðar Ingi verið í kór frá því hann var sex ára. Núna syngur hann í Schola Cantorum og stjórnar tveimur kórum, Kór MH og Ægisif. Fjórtán ára var hann byrjaður að semja. „Tónlistin er eins og smyrsl fyrir mér, hún græðir og göfgar og aldrei hvílist ég betur í sálinni en þegar ég er nálægt kórhljómi.“



„Aldrei hvílist ég betur í sálinni en þegar ég er nálægt kórhljómi,“ segir Hreiðar Ingi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Nú stjórnar Þorvaldur Örn Davíðsson kórnum Graduale Nobili.



Kór Langholtskirkju mun syngja undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar.

EINRÓMA LOF

*Syndafallið er falleg og nærgöngul fjölskyldusaga sem lætur engan ósnortinn.*
**Katrín Jakobsdóttir**

*Takk fyrir allan kærleikann og hugrekkið sem þarf til að segja svona sögu.*
**Jón Gnarr**

★★★★★
*Mikael fékk mig til að gráta, hlægja, reiðast og stundum allt í sama kaflanum.*
**Kolbrún Ósk Skaftadóttir**

★★★★½
*Skelfileg en falleg saga, full af sársauka og átökum, elskusemi og æðruleysi.*
**HÞ/Morgunblaðið**

*Saga um dauða full af lífskrafti, ást og mögnuðum mannlýsingum. Stundum er lífið mesti skáldskapurinn og þessi saga er vitnisburður um það.*
**Auður Jónsdóttir**

*Efni syndafallsins er mergjað og mannlýsingarnar með. Bók sem heldur lesandanum við efnið frá upphafi til enda.*
**Steinunn Sigurðardóttir**

*Stórkostlega skrifuð bók.*
**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

*Með því besta og fallegasta sem ég hef lesið lengi.*
**Thelma Ásdísardóttir**




Sögur útgáfa

markhönnun ehf

# netto




**BLÓÐUG JÖRÐ**
VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
**4.892 KR STK**




**EKKI VERA SÁR**
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
**4.892 KR STK**




**Í SKUGGA DROTTINS**
BJARNI HARÐARSON
**4.892 KR STK**




**MYRKRIÐ VEIT**
ARNALDUR INDRIÐASON
**4.892 KR STK**




**PASSAMYNDIR**
EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
**4.892 KR STK**




**AMMA BEST**
GUNNAR HELGASON
**3.423 KR STK**




**HENRI HITTIR Í MARK**
ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
**3.423 KR STK**




**ÞITT EIGIÐ ÆVINTÝRI**
ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON
**3.423 KR STK**




**GEIMVERUR - LEITIN AÐ LÍFI Í GEIMNUM**
SÆVAR HELGI BRAGASON
**4.193 KR STK**




**KVÖLDSÖGUR FYRIR UPPREISNAGJARNAR STELPUR**
**4.193 KR STK**




**MINN TÍMI** - SAGA JÓHÖNNU SIGURÐARDÓTTUR
**5.242 KR STK**




**ÞÚSUND KOSSAR**
JÓN GNARR
**4.892 KR STK**

**Tilboðin gilda 18. - 19. nóvember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

